

Pessir ungu á EM
fótbolti 40



Sunna sjókona
sjómanna dagurinn 28



spottið 16



Græddu á gulli
á Grand Hótel

Laug. sun. mán. frá
kl 11:00 til 19:00

Skoðið nánar á bls. 35



Staðgreiðum
allt gull,
silfur, demanta
og vönduð úr.



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

2. júní 2012
128. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðlaskýringu Censent Gallup janúar - mars 2012



Sendir hroll niður bakið
Leikarinn og kennarinn
Sólveig Pálsdóttir hefur sent
frá sér sína fyrstu bók.
bækur 34



Ný Solla stirða í Latabæ
Hin tíu ára gamla Chloe
Lang hlakkar til að sjá
sjálfa sig á skjánum.
krakkar 56

Tökur hefjast í haust
Þriðja þáttaröðin af *Game
of Thrones* verður að hluta
til tekin upp á Norðurlandi.
sjónvarp 82

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Sumar á Norðurlandi | Fólk | Atvinna



ÆVINTÝRI VIÐ MERKURKER Hin átta ára gamla Lukka Mörk fór óhrædd fyrir hópi ferðalanga við Merkurker undir Eyjafjallajökli um síðustu helgi. Móðir hennar, Erla Björk, var með henni ásamt Silju Björgu og Sigurði á leið niður Sauðá. Hægt er að komast að Merkurkeri í gegnum kletta-sprungu en þar verður að vaða elginn eins og þessi hópur gerði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Ólafur með mikið forskot

Rösklega 56 prósent kjósenda styðja Ólaf Ragnar Grímsson til áframhaldandi setu á Bessastöðum samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þóra mælist með 34 prósentu stuðning og aðrir mun minna.

KÖNNUN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fengi 56,4 prósent atkvæða yrið gengið til forsetakosninga nú, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þóra Arnórsdóttir, helsti keppinatur hans, fengi samkvæmt könnuninni 34,1 prósent atkvæða. Munurinn á þeim er því um 22 prósent. Aðrir frambjóðendur njóta mun minni stuðnings. Um 5,8 prósent

styðja Ara Trausta Guðmundsson og 1,3 prósent Herdísí Þorgeirsdóttir. Um 0,9 prósent ætla að kjósa Andreu J. Ólafsdóttur og 0,3 prósent Hannes Bjarnason. Niðurstöður könnunarinnar eru svipaðar niðurstöðum könnunar sem Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu fyrir rúmri viku. Heldur hefur stuðningur við Ólaf Ragnar aukist milli kannana og örlítið dregið úr fylgi Þóru. -bj / sjá síðu 4

Fylgi forsetaframbjóðenda



Hyllum hafið í
miðberginni okkar

Dagskrá
á bls. 29

LANGUR LAUGAR-
DAGUR Í DAG

FERÐADAGUR
FJÖLSKYLDUNNAR
Í DAG 2. JÚNÍ KL. 13-16
BÓKABÚÐ FORLAGSINS - FISKISLÓÐ 39

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Opið
til 18
í dag

Smáralind

SPURNING DAGSINS



María, þarftu ekki bara að fara að skella þér í lyfjapróf?

„Kannski þyrfti ég að minnsta kosti að fara í óvirknispróf.“

María Birta Bjarnadóttir er með prófaæði eftir áramótaheiti um að taka eins mörg próf og hún getur. Hún hefur þegar lokið fallhlífastökksprófi og skotvopnprófi og stefnir á kafarapróf, mótörhólapróf og einkaflugmannspróf.

Ylströnd á Ingólfstorgi:

Ingólfur Arnarson vígir torgið

FÓLK Ingólfur Arnarson landnámsmaður mun mæta með langspil á skinnskýlu og vígja Ylströnd Ingólfs á Ingólfstorgi í dag klukkan 13.30. Þá mun Lúðrasveit landnámsmanna blása létta tóna við tilefnið.

Ingólfur sjálfur mun taka nokkur lög í kjölfar landnámsmannadans í boði danshóps frumbyggja.

Mikið verður um að vera í miðborg Reykjavíkur en nú stendur yfir Hátið hafnsins. Boðið verður upp á glóaldinsafa og landnámspönnukökur á Ingólfstorgi. Þá verður fiskisúpa framreidd við Laugaveg 32.

- bph

Viðhorfskönnun í Noregi:

Með fordóma gegn gyðingum

NOREGUR Áttundi hver Norðmaður er með fordóma gegn gyðingum, samkvæmt niðurstöðum könnunar á vegum Senter for Studier av Holocaust og livssynsminoriteter.

Á vef Kristilega Dagblaðsins í Danmörku segir að könnunin leiði jafnframt í ljós að fjórði hver Norðmaður telji að gyðingar líti svo á að þeir séu betri en aðrir. Nær 40 prósent bera meðferð Ísraela á Palestínunum saman við meðferð nasista á gyðingum. Talsmenn gyðinga segja niðurstöðurnar bera vott um vanþekkingu á gyðingdómi.

- ibs

VIÐSKIPTAJÖFNUÐUR

Neikvæður um 43 milljarða

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 43,1 milljarð króna á fyrsta ársfjórðungi þrátt fyrir að 18,5 milljarða afgangur hafi verið af vöruskiptum við útlönd. Rekja má óhagstæðan viðskiptajöfnuð til innlánsstofnana í slitameðferð.

Framkvæmda- og veituráð Árborgar leggst eindregið gegn virkjun við Efri Laugardælu:

Segir Selfossvirkjun óraunhæfa

ORKUMÁL Framkvæmda- og veitustjórn Árborgar segir hugmyndir um virkjun við Efri Laugardælaeyju sýna að ekki hafi verið um raunhæfar áætlanir að ræða hvorki hvað varðar arðsemi né tæknilega útfærslu. Þetta sýni yfirferð Verkfræðistofu Suðurlands.

„Framkvæmda- og veitustjórn leggst eindregið gegn því að farið verði í virkjun á þessum stað,“ segir í bókun sem áheyrnarfulltrúi Framsóknarflokks í bæjarráði gerði að umfjöllunarefni í gær.

„Loksins hefur meirihluti Sjálfstæðismanna áttað sig á því hversu



ÖLFUSÁ Vegagerðin er með áform um brúargerð þar sem heimamenn hafa velt fyrir sér virkjunarkostum.

„Arfavitlaus sú hugmynd að virkja Ölfusá við Selfoss var hjá þeim,“ bókaði Helgi S. Haraldsson. Bætti Helgi við að ekki væri hægt að skilja framkvæmda- og veitustjórn

öðruvísi en að allar hugmyndir um virkjunina væru slegnar af.

„Vegna þessa óska ég eftir því að lagðar verði fram upplýsingar um sundurliðaðan kostnað við alla þá vinnu sem fram hefur farið vegna hugmynda um Selfossvirkjun,“ bókaði Helgi og lagði til að Vegagerðinni yrði formlega tilkynnt að allar hugmyndir um Selfossvirkjun hafi verið slegnar af borðinu. Sagði hann þess þurfa vegna yfirlýsingar á sínum tíma um skoðun á hugsanlegum samlegðaráhrifum virkjunar og fyrirhuguðu vega- og brúarstæði nýrrar brúar yfir Ölfusá. -gar

Deyðið aspirnar segja sólarlausir nágrannar

Nágrannar Leirutanga 29 í Mosfellsbæ hóta málsókn ef eigandinn „deyðir“ ekki hávaxnar aspir. Þeir segjast ekki njóta sólar og aspirnar valdi tjóni og óþrifnaði. Trjáeigandinn vísar slíkum fullyrðingum á bug. Trén séu friðhelg vegna aldurs.

DÓMSMÁL „Hér eru nágrannar að skipa manni að deyða sín eigin tré inni á manns eigin lóð,“ segir Gunnar Jónsson, eigandi íbúðarhússins í Leirutanga 29, sem nú er hótað málsókn vegna hárra aspa sem nágrannar til beggja handa segja skyggja á sólina og valda tjóni og óþrifnaði.

Tvenn hjón sem búa hvor til sinnar handar við Leirutanga 29 krefjast þess með atbeina Húseigendafélagsins að fimmtíu til sextíu hávaxnar aspir á lóðinni hverfi þaðan. Sólar njóti ekki sem skyldi á Leirutanga 31 og þurft hafi að hækka framlóðina við Leirutanga 27 vegna róta frá öspunum. Þá séu íbúar beggja húsanna langþeyttir á óþrifnaði frá trjámum.

„Á vorin er það límkennða harpíxið frá hýðinu sem festist á bíla og fleira. Síðsumars er það fræullin sem myndar hvíta drifu á nágrannalóðum, gangstéttum og götum,“ segir í bréfi lögmanns Húseigendafélagsins sem vísar í dóm þar sem húseiganda var gert að fjarlægja tré vegna skuggamyndunar.

„Eigendur Leirutanga 27 og Leirutanga 31 hafa nú falið undirritaðri að gera þá kröfu að þér fellid, fjarlægid og deyðid aspirnar,“ segir lögmaðurinn í bréfinu og gefur Gunnari eins mánaðar frest til verða við kröfunni.

„Þetta bréf hljómar eins og skipun frá dómstól,“ segir Gunnar sem kveðst alls ekki ætla að fara að kröfum Húseigendafélagsins og nágrannanna í Leirutanga. Hann gagnrýnir Húseigendafélagið fyrir að hafa aldrei rætt við hann áður en kröfubréfið var sent. Skýringuna á þeim vinnubrögðum



GUNNAR JÓNSSON ASPAEIGANDI Frumbyggi í Leirutanga í Mosfellsbæ stendur óhaggaðlegur andspænis kröfum nágranna á báða bóga sem vilja gömlu aspirnar hans á bak og burt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

rekur hann til viðhorfa sem formaður félagsins hafi sett fram í blaðagreinum. „Hann er bókstaflega búinn að frísa af grimmd gegn öspum.“

Gagnrýni nágrannanna vísar Gunnar á bug. „Það er allsendis út í loftið,“ segir hann um fullyrðingar um tjón og óþrif af völdum aspanna. „Auðvitað fýkur af trjám en það fýkur jafnt af trjám réttláttra sem rangláttra.“

Þá segir Gunnar trén orðin á bilinu þrjátíu til fjórtíu ára og því friðhelg fyrir aldurs sakir. „Fyrir utan að það er nú þegar búið að

fella þau flest,“ bætir hann við og útskýrir að hann hafi orðið við ýmsum beiðnum nágrannanna og fellt sum tré og leyft að greinar yrðu sagaðar af upp í fimm metra hæð til að hleypa sólarljósi að. Eftir að hann hafi leigt húsið út hafi enn fleiri tré verið felld með samþykki konu hans – þótt það hafi reyndar ekki verið með hans vitund og vilja. Nú vilji nágrannarnir meira. „Þetta bréf er bara skipun um að ég drepi tréin mín,“ segir Gunnar sem lýsir kröfunni sem inngrípi í hans eignarrétt.

gar@frettabladid.is

Tryggingstofnun Íslands:

Hættir milli-göngu um með-lagsgreiðslur

SAMFÉLAGSMÁL Tryggingastofnun ríkisins mun ekki lengur hafa milli-göngu um greiðslu meðlags til einstaklinga sem eru búsettir í öðrum EES-ríkjum. Í frétt á vef Tryggingastofnunar segir að um 45 einstaklinga sé að ræða.

Í nýrri reglugerð sem tók gildi í gær er ekki litið á meðlagsgreiðslur sem beinar fjölskyldubætur, en til að „milda afleiðingar breytinganna“ munu greiðslur falla niður frá og með 1. júlí. -þj



ÓÐÆÐISMAÐURINN Breivik eyddi um 8,3 milljónum íslenskra króna í undirbúning hryðjuverkanna í fyrra.

NORDICPHOTOS/AFP

Kostnaðarmat við hryðjuverk:

Varði átta milljónum í ódæðin

NOREGUR Fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik eyddi alls um 390 þúsund norskum krónum, sem nemur rúmum 8,3 milljónum íslenskra króna, í skipulag og framkvæmd ódæðanna í fyrrasumar. Þetta kom fram við réttarhöldin í gær.

Um þriðjungur fór í smíði sprengjunnar sem sprakk í miðborg Oslóar, um 1,7 milljónir í tækjakaup, rúm milljón í vopn og skotfæri og um 120 þúsund í ein-kennisbúninginn sem hann útbjó.

Flest keypti Breivik með kreditkortum, en hann átti þrettán bankareikninga í sjö löndum sem allir voru tómir í fyrravor. -þj

Kona um þrítugt í varðhaldi:

Missti alsælu úr leggöngunum

LÖGREGLUMÁL Tæplega þrítugt kona sætir nú gæsluvarðhaldi eftir að hún missti á fimmta hundrað grömm af alsæludufti úr leggöngum sínum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Konan er af erlendu bergi brotin og var að koma frá Kaupmannahöfn þegar grunur vaknaði um að hún hefði fíkniefni í fórum sínum. Á meðan verið var að ræða við hana missti hún niður af sér fíkniefnin sem hún hafði falið í leggöngum sínum, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Rannsókn málsins er á lokastigi. -sh

Tilnefningar til Grímuverðlaunanna árið 2012 voru tilkynntar í gær

Afmælisveislan fékk sjö tilnefningar

MENNING Leiksyningarnar Afmælisveislan, Heimsljós, Hreinsun, Vesalingarnir og Tengdó eru tilnefndar til Grímuverðlauna sem besta sýning ársins. Tilnefningar voru kynntar í Tjarnarbíói í gær.

Afmælisveislan hlaut flestar tilnefningar, sjö talsins, Heimsljós hlaut fimm og Hreinsun fjórar.

Alls komu 89 sviðslistaverkefni til álita í ár til að hljóta Grímuna, að því er kemur fram á vef Grímunnar. Þar af voru 23 danssýningar, 9 barnasýningar og 7 útvarpsverk.

Verðlaun eru veitt í níttján verðlaunaflokkum, en fjórar sérstakar fagnefndir Grímunnar skoða verk-in með tilliti til verðlaunanna.

Í ár var tekinn upp nýr verðlaunaflokkur, Spottinn, sem veittur er fyrir „frumleika og framúrskarandi nýbreytni“ á leikárinu. Auk þess verða veitt hin árlegu heiðursverðlaun Grímunnar.

Grímuhátíðin sjálf, árleg uppskeruhátíð sviðslistageirans, verður haldin í tíunda sinn í Hörpu hinn 14. júní næstkomandi. Hátíðin verður í beinni útsendingu á Stöð 2 og daginn eftir verður sýndur sérstakur þáttur um hátíðina.



GRÍMAN Tilnefningar til Grímuverðlaunanna voru opinberaðar í gær. Þeir Björn Thors og Hilmir Snær Guðnason eru báðir tilnefndir fyrir leik sinn í Heimsljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ZUMBA

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.

Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna

• Zumba - Þri og fim kl. 17:30

• Þjálfari: Lilja Rüt - 4 vikur
• Hefst 12. júní. Verð kr. 11.900



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is



BRJÁLAÐ VERÐ

Á GARÐADÖGUM



SÓLBØÐI
Verð áður: 1.190 kr.
Nú: **599 kr.**

GARÐSTÓLL
Verð áður: 8.900 kr.
Nú: **6.900 kr.**



Garðstóll Kingsbury
3899087



20%
afsláttur
AF VIÐARVÖRN

MARGARITA
Verð áður: 1.590 kr.
Nú: **699 kr.**

20%
afsláttur
AF ÖLLUM
ÚTIPOTTUM

3 STK NELLIKUR
Verð áður: 1.999 kr.
Nú: **999 kr.**



GASGRILL
Verð áður: 64.900 kr.
Nú: **54.900 kr.**

Outback Drifter 3
3 brennarar.
3000213



PALLAOLÍA
Verð áður: 1.895 kr.
Nú: **1.695 kr.**

Pallaolía
Á gagnvarið efni.
7049123



Auto Glym

kynning og kennsla
Skútuvogi laugardag kl. 13:00-15:00
Sérfræðingar frá Auto Glym kynna
þessar margverðlaunuðu bíla-
hreinsivörur og sýna réttu handtökin.

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

GENGIÐ 01.06.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	130,61 131,23
Sterlingspund	199,94 200,92
Evra	160,9 161,8
Dönsk króna	21,651 21,777
Norsk króna	21,243 21,369
Sænsk króna	17,882 17,986
Japanskt jen	1,6698 1,6796

SDR 196,58 197,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,5933

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VEIFA SKÓNUM Mótmælendur veifuðu skóm til að sýna Shafík lítilsvirðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Egyptalandi:

Vilja láta lýsa framboð ógilt

EGYPTALAND, AP Þúsundir manna komu saman í borgum Egyptalands í gær til að krefjast þess að forsetaframboð Ahmeds Shafíks, síðasta forsætisráðherra Mubarak-stjórnarinnar, verði ógilt.

Shafík er annar tveggja framboðenda sem tilkynnt hefur verið að verði í kjöri í seinni umferð forsetakosninganna síðar í mánuðinum. Hinn er Mohammed Morsi, forsætiafni Bræðralags múslíma. Mótmælendurnir segja framboð Shafíks brjóta í bága við reglur um að enginn þeirra sem voru í stjórn Hosni Mubarak megi bjóða sig fram til forseta. - gb

Maður um fimmtugt í haldi:

Smyglaði kókaíni innvortis

LÖGREGLUMÁL Maður um fimmtugt situr í gæsluvarðhaldi að kröfu lögreglunnar á Suðurnesjum eftir að hann var gómaður með 370 grömm af kókaíni í Leifsstöð.

Maðurinn var að koma til landsins frá London og við reglubundið eftirlit vaknaði grunur um að hann hefði eitthvað óhreint í poka-horninu, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Í ljós kom að hann hafði falið fíkniefni innvortis. Hann var handtekinn og síðan úrskurðaður í gæsluvarðhald. - sh

Lögreglan telur að það gæti spilt manndrapsrannsókn að hleypa hinum grunuðu úr einangrun:

Annþóri og Berki bannað að mæta fyrir dóm

DÓMSMÁL Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson fengu ekki að mæta við þingfestingu ákæru á hendur þeim í Héraðsdómi Reykjaness í gær þrátt fyrir óskir þar um.

Annþór og Börkur sitja nú í einangrun á Litla-Hrauni grunaðir um að hafa orðið samfanga sínum að bana og verjendum þeirra var tilkynnt um það í gærmorgun að vegna rannsóknarhagsmuna fengu þeir ekki að mæta í dómssal á meðan.

Verjendurnir tveir létu bóka mótmæli við þessa ákvörðun við þingfestinguna í gær og sögðu að hún bryti gegn mannréttindum skjól-staðinga þeirra, sem hefðu viljað vera viðstaddir og taka afstöðu til ákæruatriðanna. Það munu þeir þurfa að gera síðar.

Þrjár ákæru voru teknar fyrir á sama tíma í þinghaldinu og sameinaðar í eitt dómssál. Alls eru þrettán ákærðir í málinum, þar af einn í þeim öllum. Sá heitir Sigmundur Geir Helgason, kallaður Simbi, og er liðsmaður Hells Angels.

Fyrsta ákæran snýr að þremur hrottalegum líkamsárásam. Tvær þeirra leiddu Annþór og Börkur og Annþór einn þá þriðju. Átta eru ákærðir með þeim fyrir aðilad árásum.

Önnur ákæran snýr að árás á dekkjaverkstæði, en hvorki Annþór né Börkur komu þar nærri. Sú þriðja, gegn Sigmundi einum, snýr að vörslu á fíkniefnum.

Sigmundur og hinir tíu sem mættu fyrir dóm inn neituðu sök að svo til öllu leyti eða tóku sér frest til að taka afstöðu. - sh



NEITAR Sigmundur Geir Helgason, Simbi, er ákærður í öllum málunum en neitar sök. Faðir hans (til hægri) mætti til að fylgjast með þinghaldinu, en yngri sonurinn er þar einnig ákærður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur með forskot á Þóru

Ríflega 56 prósent landsmanna ætla að kjósa Ólaf Ragnar í embætti forseta samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 34 prósent ætla að kjósa Þóru Arnórsdóttur. Aðrir frambjóðendur fá um 10 prósent atkvæða.

KÖNNUN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er með verulegt forskot á aðra frambjóðendur. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 á fylgi forsetaframbjóðendanna sem gerð var 30. og 31. maí.

Ólafur Ragnar fengi atkvæði 56,4 prósent landsmanna ef kosið yrði nú, en Þóra Arnórsdóttir 34,1 prósent. Munurinn á frambjóðendum eru 22,3 prósentustig.


Aðrir frambjóðendur njóta samantlagt stuðnings um 9,5 prósent þeirra sem taka afstöðu í könnuninni. Um 5,8 prósent sögðust myndu kjósa Ara Trausta Guðmundsson og 1,3 prósent Herdís Porgeirsdóttur. Þá sögðust 0,9 prósent ætla að kjósa Andreu J. Ólafsdóttur og sama hlutfall Ástþór Magnússon. Um 0,3 prósent styðja Hannes Bjarnason. Könnunin var gerð áður en ljóst var að framboð Ástþórs teldist ógilt.

Ólafur Ragnar virðist samkvæmt könnuninni heldur vera að sækja í sig veðrið. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var 23. og 24. maí mældist Ólafur með stuðning 53,9 prósent, og hefur því bætt við sig 2,5 prósentustigum á einni viku. Þóra mældist þá með 35,4 prósent fylgi, og hefur því stuðningur við hana dalað um 1,3 prósentustig.

Aldrei hefur verið notast við stærra úrtak í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 frá upphafi. Hringt var í um 2.200 manns þar til náðist í 1.500. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvern myndir þú kjósa til embættis forseta Íslands ef gengið yrði til kosninga nú? Alls tóku 66,5 prósent þeirra sem svöruðu könnuninni afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

Fylgi forsetaframbjóðenda



Stuðningsmenn Ara Trausta myndu dreifast fremur jafnt

Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var spurt hvaða frambjóðanda fólk myndi kjósa ef sá sem fyrst var nefndur myndi hætta við framboð. Í ljós kom að dragi Ari Trausti sig í hlé myndi þriðjungur kjósenda hans styðja Ólaf Ragnar, tæp 39 prósent Þóru og rúm 19 prósent Herdís.

Hætti Ólafur við framboð myndu um 41 prósent kjósenda hans styðja Ara Trausta, 36 prósent Þóru og 11 prósent Herdís. Dragi Þóra sig í hlé myndi 57 prósent stuðnings-

manna hennar velja Ara Trausta, 31 prósent Ólaf Ragnar og rúmlega 5 prósent Herdís.


Ekki reyndist tölfraðilega marktækt að reikna út hvert kjósendur annarra frambjóðenda myndu leita dytti sá frambjóðandi sem þeir ætla að kjósa út.

Spurt var: Ef [frambjóðandi sem viðkomandi segist myndu kjósa] hættir við framboð, hvern kýstu þá? Alls tóku 55,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

SÓLARVEISLA
Það verður sannkölluð sólarveisla á landinu í dag og á morgun. Nú er tíminn til að stunda skemmtilega útivist eða bara sitja úti í sólinni með ískaldan drykk og njóta veðursins.



HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	25°
Berlín	13°
Billund	13°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	25°
London	17°
Mallorca	29°
New York	24°
Orlando	32°
Ósló	14°
París	25°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Sjómanna dagurinn 3. júní

Opið hús handverkssala og sýning
Hrafnistu Reykjavík og
Hrafnistu í Hafnarfirði kl. 13-16

Einnig opið mánudaginn 4. júní 10-16

Ýmis önnur dagskrá í boði sjá hrafnista.is



Við óskum
sjómönnum til
hamingju með daginn

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

KJÖRKASSINN



Munt þú fylgjast með Evrópu-mótinu í knattspyrnu í sumar?

Já	56,4%
Nei	43,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Sækir þú atburði sem tengjast sjómannaádegnum?

Segðu skoðun þína á Visiris



Framboð Ástþórs Magnússonar dæmt ógilt af kjörstjórn NV-kjördæmis:

Segir lögregluna þurfa að ná falsaranum

KOSNINGAR „Maður er að melta þetta. Lögreglan þarf að ná í þennan mann og rannsaka hvað er þarna í gangi. Þetta tengist bara þessum eina einstaklingi,“ segir Ástþór Magnússon.

Framboð Ástþórs til forseta Íslands var ekki metið gilt þar sem ekki liggur fyrir lögboðið vottorð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis á undirskriftalistum til stuðnings Ástþóri. Innanríkisráðuneytið tilkynnti þetta í gær.

Málið snýst um tugi falsaðra undirskrifta í kjördæminu frá einum manni sem var að vinna

„Það hefur afhjúpast gat í kosningakerfinu þannig að hvaða fólk sem er getur ráðist á lýðræðisleg framboð.“

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

fyrir Ástþór í kosningabaráttunni.

„Ég held að það sé búið að kæra hann og biðja um rannsókn,“ segir Ástþór þegar hann er inntur eftir því hvort hann ætli að kæra

málið. Hann segir málið verðfall á lýðræðinu á Íslandi. „Það hefur afhjúpast gat í kosningakerfinu þannig að hvaða fólk sem er getur ráðist á lýðræðisleg framboð,“ segir hann. „Það sem er alvarlegast í þessu er að stjórnsýslan lá lengi á listanum án þess að vinna nokkuð úr þeim.“

Ástþór vill ekki nafngreina manninn sem sá um að falsað undirskriftirnar.

„Hann kom bara óumbeðinn og vildi hann,“ segir hann. „Ég hef ekki hugmynd um hvað býr að baki.“



HÆTTUR Innanríkisráðuneytið tilkynnti í gær að framboð Ástþórs væri ógilt.

Svar við fyrirspurn á Alþingi: Kannast ekki við íhlutun ESB

ALÞINGI Efnahags- og viðskiptaráðuneyti kannast ekki við að ESB hafi blandað sér með beinum hætti „með fjármunum og þátttöku sendiherra og sendiráðs“ í umræður um áhrif ESB-áðildar í hans málaflokkum.

Þetta kemur fram í svari Steingríms J. Sigfússonar ráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns Framsóknarflokks.

Ásmundur spurði einnig hvernig tryggja ætti að starfsemi Evrópustofu skekkti ekki umræðuna.

Steingrímur sagði að styrkur Alþingis til hreyfinga og samtaka til að kynna mismunandi sjónarmið ætti að tryggja að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu verði byggð á upplýstri ákvörðun.

Óluþjófar á Suðurnesjum:

Stálu díselolíu fyrir 65 þúsund

LÖGREGLUMÁL Alls 260 lítrum af díselolíu var stolið af tveimur flutningabílum á Suðurnesjum.

Að sögn lögreglu var olíunni stolið um nótt en á vettvangi var lítill olíubrúsi og slanga sem þjófarnir notuðu við þjófnaðinn. Miðað við að lítrinn af díselolíu kosti 248 krónur, eins og algengast er í dag, þá stálu þjófarnir olíu fyrir tæpar 65 þúsund krónur.

Segja ríkisstarfsfólki mútað með punktum hjá Icelandair

Iceland Express kærir útboð á flugi hins opinbera. Icelandair bauð um þrefalt herra verð en báðum tilboðum var tekið. Ríkisstarfsmenn fá vildarpunkta hjá Icelandair. Express telur að með því sé verið að bera á þá fé.

STJÓRNSÝSLA Iceland Express hefur kært útboð um rammasamning fyrir flug hins opinbera til Kæruneftar útboðsmála. Félagið fullyrðir að kjör helsta keppinautarins, Icelandair, séu langtum lakari en



HEIMIR MÁR PÉTURSSON

þau sem Iceland Express hafi boðið og að með þeim sé auk þess verið að bera fé á opinbera starfsmenn. Útboðið tók til flugs á Evrópska efnahagssvæðinu og var auglýst í mars í fyrra. Ríkiskaup tóku tilboðum frá Iceland Express og Icelandair, þrátt fyrir ólík kjör, og töldu þau bæði hagstæð. Iceland Express fékk ekki upplýsingar um tilboð Icelandair fyrr en eftir kærnu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Í ljós kom að Icelandair hefði að jafnaði boðið um þrefalt herra verð, misjafnt eftir flugleiðum, en Iceland Express. Mesti munurinn var 281 prósent, eða nærri fjórfalt verð, en sá minnsti 176 prósent. Í kærinni er furðu lýst á því að

Ríkiskaup hafi metið það tilboð hagstætt, þegar mun hagstæðara tilboð Iceland Express lá fyrir.

Þá gagnrýnir Iceland Express líka að Icelandair hafi verið leyft að bjóða marga ólíka bókunarklassa, þrátt fyrir að útboðslýsingin hafi kveðið á um að einungis mætti bjóða flug á almennu farrými.

Heimir Már Pétursson, upplýsingafultrúi Iceland Express, segir alvarlegustu athugasemdir hans vegar snúa að því að opinberir starfsmenn skuli fá vildarpunkta hjá Icelandair í eigin reikning ef þeir nota þjónustuna.

„Það heitir auðvitað bara á fínu máli að bera fé á opinbera starfsmenn og sums staðar er það kallað mútur,“ segir Heimir.

„Ríkið, ólíkt mörgum öðrum ríkisstjórnunum, rekur ekki sína eigin ferðaskrifstofu sem opinberir starfsmenn bóka sig hjá og sér um að finna ódýrustu kjörin, heldur bóka þeir sig sjálfir,“ segir Heimir.

„Það gefur augaleið að samkeppnisstaðan er mjög skökk ef opinber starfsmaður sér fram á það að geta eignast sjálfur – persónulega – fjölda punkta sem duga honum, og jafnvel fjölskyldunni ef



VÉLAR ICELANDAIR Talsmaður Iceland Express telur að hvatinn sé augljós fyrir ríkisstarfsmenn að panta sér far með Icelandair og fá vildarpunkta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hann ferðast mikið fyrir ríkið, til að fara frítt í sumarfrí og kaupa varning í flugvélu Icelandair.“

Enda hafi komið á daginn að ríkið skipti nánast ekkert við Iceland Express. Einungis forsetaembættið og í örfáum tilvikum utanríkisráðuneytið hafi gert það. „Það þýðir að skattborgarar eru að greiða tugi

ef ekki hundruð milljóna fyrir vildarpunkta opinberra starfsmanna,“ segir Heimir.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafultrúi Icelandair, hafði ekki séð kærana og kvaðst ekki vilja tjá sig um málið að svo stöddu. Icelandair hefði þó fylgt útboðslýsingunni í einu og öllu. stigur@frettabladid.is

Sýnum stuðning í merki!

UPPBOÐ

Reiðhjóluppboð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verður haldið laugardaginn 9. júní nk. kl. 13 í húsnæði Vöku í Skútuvogi 8 í Reykjavík.



AUNG SAN SUU KYI Heldur til Evrópu síðar í mánuðinum, þar sem hún tekur meðal annars loks við Nóbelsverðlaunum sem henni voru veitt árið 1991. NORDICPHOTOS/AFP

Ræða Aung San Suu Kyi í Taílandi vakti athygli:

Varar við óhóflegri bjartsýni í Búrma

TAÍLAND, AP „Þessa dagana verð ég vör við það sem ég kalla glæfrlega bjartsýni,“ sagði Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, í fyrstu ræðu sinni á alþjóðavettvangi sem hún hélt í Taílandi í gær.

„Ég tel að smá skammtur af heilbrigðri tortryggni væri ekki úr vegi,“ bætti hún við.

Hún hefur setið í stofufangelsi í Búrma megnið af síðustu tuttugu árum en var látin laus á síðasta ári eftir að mannskípti urðu í æðstu stöðum herforingjastjórnar landsins.

Vesturlönd, með Bandaríkin í fararbroddi, hafa tekið sinnaskiptum Búrmastjórnar fagnandi. Refsíaðgerðum hefur verið aflétt og boðaður er margvíslegur stuðningur við landið.

Suu Kyi lagði áherslu á að erlend fyrirtæki, sem hafa í hyggju að fara út í fjárfestingar í Búrma, gæti þess að fara varlega og hafa allt uppi á borðunum.

„Við viljum ekki að auknar fjárfestingar þýði meiri möguleika á spillingu,“ sagði hún í ræðu sinni í Taílandi.

- gb

Hælisleitendur í Evrópu:

Tíu taka við 90 prósentum

HÆLISLEITENDUR Tíu af Evrópusambandsríkjunum 27 taka á móti 90 prósentum allra hælisleitenda í Evrópu. Cecilia Malmström, innanríkisráðgjafi ESB, hvetur hin ríkin 17 til þess að axla meiri ábyrgð.

Malmström vill umræður um hvernig ESB eigi að takast á við innflutning frá löndum þar sem efnahagsvandi ríkir.

Löndin tíu sem taka á móti flestum innflytjendum eru Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Belgía, Svíþjóð, Bretland, Holland, Austurríki, Grikkland og Pólland, að því er kemur fram á vef danska blaðsins Politiken. - ibs

Nýjar tölur frá ÁTVR:

Áfengissala eykst nokkuð

VÍÐSKIPTI Sala ÁTVR á áfengi þáð sem af er árinu hefur aukist miðað við sama tímabil í fyrra. Aukningin nemur 1,5% í lítrum talið.

Sé rýnt í tölur ákveðinna vintegunda kemur í ljós að sala á rauðvíni hefur aukist um 3 prósent og hvítvíni um 5 prósent. Aftur á móti dregst sala á brennivíni og vodka saman um 3 prósent.

- bbi

KLÁR Í GOLFIÐ

20% AFSÁTTUR AF GOLFVÖRUM



adidas
Bolur
~~7.999~~
6.399

**AÐEINS
NOKKUR
STYKKI
EFTIR**

Kerra fyrir
golfpoka
~~27.999~~
22.399



Cougar
golfpoki
~~7.299~~
5.839




Cobra
golfpoki
~~19.999~~
15.999



Dömu/herra
golfsett
~~29.999~~
23.999

Dömu
golfpoki
~~5.999~~
4.799



Golftí
~~499~~
399

adidas
Herraskór
~~22.999~~
18.399



Golfkúlur
12 í fötu
~~1.099~~
879



Jóga
mottur
verð frá
2.999



Jóga
mottu
taska
2.999



Jóga
handklæði
með gripi
5.999



Jóga
mottu
poki
999

VERTU Í FORMI

Hand- og ökkklöð
verð frá
1.999



Ketilbjöllur
verð frá
2.999



VEIÐIVÖRUR Í ÚRVALI

Veiðistangir
verð frá
599




Veiðivörur
verð frá
299



JDBUG
MS130B1
HLAUPAHJÓL
ÁLSTELL - 4" DEKK
M/DEMPARA AÐ FRAMAN
100 KG BURÐARPOL
KEMUR Í SVÖRTU
8.999

HLAUPAHJÓL FYRIR KÁTA KRAKKA



JDBUG
MS180 AIRSURFER
HLAUPAHJÓL
5" DEKK FRAMAN
& 3" DEKK AFTAN
STELL ÚR PLASTI/STÁLI
80 KG BURÐARPOL
KEMUR Í GRÆNU
10.999



ÆFINGAHJÓLIÐ

ÆFINGAHJÓLIÐ ER FYRIR BÖRN
PRIGGJA ÁRA OG ELDRI. ÞAÐ HEFUR
HLOTIÐ VERÐLAUN FYRIR FRÁBÆRA
HÖNNUN. ÞAÐ ER MJÖG LÉTT, ÖRUGGT
OG HJÁLPAR ÆM YNGSTU AÐ
ÞJÁLFA JAFNVÆGIÐ.



TC-09
ÁLSTELL
12" DEKK
LÍKA TIL Í BLÁU
14.999

VERÐLAUNAD
JAFNVÆGISHJÓL!

JDBUG
MS132 CLASSIC II
HLAUPAHJÓL
ÁLSTELL - 6" DEKK
100 KG BURÐARPOL
KEMUR Í RAUÐU, BLÁU,
BLEIKU & SVÖRTU
10.999



JDBUG
MS105 CLASSIC 1
HLAUPAHJÓL
ÁLSTELL - 5" DEKK
100 KG BURÐARPOL
KEMUR Í RAUÐU, BLÁU,
BLEIKU & SVÖRTU
6.999

Allt vöruúrvalið er fánlegt í Smáralind, Kringlunni og Garðabæ - minna úrval í öðrum verslunum.
Gildir til 10.júní meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver vann Íslandsmeistaratið inn í skák?
2. Verður Ísland með boðsundsveit á ÓL?
3. Hvaða íslenska flugfélag hefur nýlega sent sína fyrstu vél í loftið?

SVÖR

1. Þróstur Þórhalsson 2. J. 3. Wow Air



SPASSKÍ OG FISCHER Munir sem tengjast heimsmeistaraveinu árið 1972 verða til sýnis í húsi KFUM og K um helgina.

Sérstakt safn til sýnis:

Einstakir munir úr „Einvígi aldarinnar“

SKÁK Stærsta einkasafn landsins af munum tengdum heimsmeistaraveinu Bobby Fischer og Boris Spasski í Reykjavík 1972 verður til sýnis á sýningu Landsambands íslenskra frimerkjafarfara um helgina. Sýningin var opnuð í gær, í sal KFUM og K á Holtavegi, og verður opin í dag og á morgun.

Um er að ræða afar sérstaka muni sem koma úr söfnum Sigurðar R. Péturssonar og Ríkharðs Sveinssonar, auk þess sem sýnt verður safn í eigu Bandaríkjamanns. Þá hefur Skáksamband Íslands einnig lánað muni á sýninguna.

Meðal þess sem þar má sjá eru veggspjöld, myndir og margt fleira, áritað af Spasski og Fischer meðal annarra.

MOSFELLSBÆR

Varmárskóli 50 ára

Mikil hátíðarhöld verða við Varmárskóla í dag, laugardag vegna fimmtíu ára afmælis skólans. Dagskrá verður í gangi frá klukkan ellefu um morguninn til klukkan sjö um kvöldið.

Þórir N. Kjartansson hjá Víkurprjóni segir skorta ull til framleiðslu innanlands:

Undrandi á að ullin sé send út til Kína

VIDSKIPTI Þórir N. Kjartansson fráfarandi framkvæmdastjóri Víkurprjóns er undrandi á því að íslensk ull sé send til útlanda til framleiðslu á lopapeysum.

„Það er ekki vöntun á handprjónuðum lopapeysum á Íslandi,“ segir Þórir.

Þórir telur að gróðavon og græðgi stjórnir því að menn flytji ullina til útlanda til framleiðslu:

„Þetta er eingöngu gert af því að menn sjá þarna tækifæri til að bjarga einhverjum þúsundköllum.“

Hann segir að erfitt hafi verið að anna eftirspurn fyrir hrun, en nú sé ástandið gjörbreytt. Nóg sé til af prjónuðum peysum.

Þórir segir að vandamálið sé frekar skort-

ur á hráefni, þar sem ullarframleiðandinn Ístex hafi vart undan að framleiða band handa innlendum framleiðendum.

„Okkur finnst það þess vegna skjóta svólítið skökku við að á sama tíma og okkur gengur illa að fá íslensku ullina í okkar framleiðslu skuli ullin vera send út til Kína í stórum stíl. Íslenska ullin er ekki til í óþrjótandi magni,“ segir Þórir.

- ktg

ÞÓRIR N. KJARTANSSON Finnst undarlegt að íslensk ull sé send til útlanda þegar illa gengur að fá nóg magn af henni til framleiðslu innanlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vafi á fordæmisgildi gengislánadóms Hæstaréttar eykst

Dómur héraðsdóms eykur óvissu um fordæmisgildi gengislánadóms Hæstaréttar frá 15. febrúar. Lánastofnanir hafa þegar afskrifað tugi milljarða vegna dómsins og gætu þurft að afskrifa tugum milljarða meira.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vesturlands komst 22. maí síðastliðinn að þeirri niðurstöðu að Arion banka hefði verið heimilt að endurreikna gengislán aftur í tímann samkvæmt vöxtum Seðlabankans þrátt fyrir að fullnaðarkvittanir hafi legið fyrir vegna afborgana.

Lánið sem um ræðir var veitt til Borgarbyggðar en niðurstæða dómsins bendir til þess að fordæmisgildi gengislánadóms Hæstaréttar frá 15. febrúar kunni að vera lítið. Til skoðunar er hvort áfrýja á málinu til Hæstaréttar.

Forsaga málsins er sú að Borgarbyggð tók gengislán hjá Sparisjóði Mýrasýslu í árslok 2006 en síðar tók Arion banki yfir skuldbindingar sparisjóðsins. Í kjölfar dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengislána var lán Borgarbyggðar endurreiknað aftur í tímann eins og hagstæðustu vextir Seðlabankans hefðu gilt um það í stað samningsvaxta. Í málinu krafðist Borgarbyggð þess hins vegar að samningsvextir yrðu látnir gilda þar sem afborganir sveitarfélagsins hefðu talist fullnaðargreiðslur.

Sem kunnugt er komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu í dómi frá 15. febrúar að Frjálsa fjárfestingarbankanum hefði í ákveðnu máli verið óheimilt að krefjast hærri vaxtagreiðslna en sem nam samningsvöxtum af gengislánum aftur í tímann þar sem fullnaðarkvittun vegna

afborgana hefði legið fyrir.

Dómur Hæstaréttar féll í máli einstaklinga gegn fjármálastofnun og við nokkuð sértæka mála-vexti. Þá fólst í honum undantekning frá þeirri meginreglu kröfuréttar að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem er vangreitt.

Síðan dómurinn féll hefur því verið nokkur óvissa um fordæmisgildi hans og þá ekki síst með tilliti til lána fyrirtækja og opinberra aðila.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands varpar enn frekari vafa á fordæmisgildi dóms Hæstaréttar en þar sem málið hefur ekki verið tekið fyrir í Hæstarétti er óvæfarið að draga of margar ályktanir af honum. Mál Borgarbyggðar gegn Arion banka er það fyrsta þar sem reynt er á fordæmisgildi dómsins.

Sérstaka athygli vekur að í niðurstöðu dóms Héraðsdóms Vesturlands er minnst á að líta verði til þess að stefnandi sé opinber aðili og því þyki ekki sá aðstöðumunur vera á milli aðila að efni séu til þess að bankinn beri einn áhættuna af ólögmæti gengislána.

Að sögn Páls S. Brynjarssonar, sveitarstjóra Borgarbyggðar, er til skoðunar hjá sveitarfélaginu að áfrýja dómnum til Hæstaréttar en ekkert hefur verið ákveðið.

magnusl@frettabladid.is



HÆSTIRÉTTUR Dómur Héraðsdóms Vesturlands frá því 22. maí eykur vafa á fordæmisgildi gengislánadóms Hæstaréttar frá 15. febrúar. Málið kann þó að koma til kasta Hæstaréttar síðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tugir milljarða undir

Í apríl gaf Fjármálaeftirlitið út minnisblað um möguleg áhrif gengislánadóms Hæstaréttar frá 15. febrúar. Þar kom fram að lánastofnanir landsins hefðu þegar afskrifað ríflega 70 milljarða króna úr efnahagsreikningum sínum vegna dómsins og þá væri þess vænt að 15 milljarðar til viðbótar yrðu brátt afskrifaðir. Þá kom einnig fram í minnisblaðinu að yrði dómurinn fordæmisgefandi fyrir öll lán sem mögulega fela og fólu í sér ólöglega gengistryggingu myndi hann valda lánastofnunum landsins alls um 165 milljarða króna höggi.

HVÍTA HÚS/BSÍÁ 12-1039

23% FLEIRI GESTIR

FISKMARKAÐURINN

Það eru jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Fjöldmörg fyrirtæki eru að ná eftirtektarverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Fiskmarkaðurinn er dæmi um fyrirtæki sem náði góðum árangri árið 2011. Gestum veitingahússins fjölgaði um 23% milli ára.

Arion banki fagnar þessum góða árangri.

Arion banki

JÁKVÆÐ MERKI
ÚR ATVINNULÍFINU

Alltaf lágt verð



GRÆNMETISPLÖNTUR
Í gróðurhúsið eða gróðurreitinn.
T.d. blómkál, gulrófur, sellerí,
spergilkál og steinselja.
Í 10 cm pottum. Verð pr. stk.

595,-



SPÆNSK MARGARÍTA „SÓLBODI“
Osteospermum. Í 11 cm potti.
Fæst í mörgum litum.

795,-



McCULLOCH
EDITION1 GCV160 SLÁTTUVÉL
160 cc Honda mótör. Sjálfvirk
sláttuvél með fjórhjóladrífi.
53 cm sláttubreidd.
3 í 1 - 75 l safnskúffa,
hliðarútkast og BIO sláttur.

69.995,-



BORÐ, 2 STÓLAR OG SÓFI

CASA BLANCA GARÐHÚSGÖGN
Oliulökkuð garðhúsgögn úr harðviði.
Settinu tilheyrir borð 120 x 50 x 52 cm.
tveir stólar með örnum og sófi.
Sessur sem hægt er að þvo fylgja með.

64.995,-



Garðalandið okkar er ævintýri líkast!

Laugardaginn 2. júní og sunnudaginn 3. júní milli kl. 12 og 16 mun Auður Jónsdóttir sérfræðingur okkar í Garðalandi fræða gesti um matjurtaræktun. Njóttu þess að koma til okkar í **BAUHAUS** og leyfðu okkur að koma þér á óvart með ótrúlegu úrvali.

Verðin gilda frá fimmtudeginum 31. maí til og með sunnudagsins 3. júní 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

VERÐVERND

12%

Það er markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægsta verðið á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og notagildi. Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að okkar verð sé ekki nógu lágt, lækkum við það enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði annars staðar endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

Pútín segir pólitíska lausn vel mögulega í Sýrlandi

Rússlandsforseti ætlar að beita sér fyrir jákvæðri niðurstöðu í Sýrlandi. Kofi Annan segist hins vegar orðinn óþolinmóður út af síversnandi ástandinu í Sýrlandi. Mannréttindaráð SP fordæmir Sýrlandsstjórn.

SÝRLAND, AP „Það eru ýmsir hagsmunir í húfi í átökunum og maður þarf að finna þau svæði þar sem þessir hagsmunir fara saman, og fá síðan alla aðila til að setjast að sama borði,“ sagði Vladimir Pútín Rússlandsforseti um ástandið í Sýrlandi, sem farið hefur hríðversnandi undanfarna daga og vikur.

„Það þarf ákveðna fagmennsku til og þolinmæði,“ bætti Pútín við og lofaði að beita sér fyrir því að jákvæð niðurstaða fái.

Pútín var staddur í Þýskalandi í opinberri heimsókn hjá Angelu Merkel kanslara. Bandaríkin og fleiri ríki hafa gagnrýnt Rússa harðlega fyrir að standa í vegi fyrir því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna beiti Sýrlandsstjórn meiri þrýstingi.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna kom saman í gær og fordæmdi fjöldamorðin í Houla, sem framin voru í síðustu viku, þegar meira en hundrað manns voru drepnir.

Navy Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, sagði á fundi ráðsins að aðildarríki þess ættu að styðja kröfur um að gerð verði óháð rannsókn á því sem gerðist í Houla.

„Að öðrum kosti getur ástandið í Sýrlandi snúist upp í hamslausa styrjöld og framtíð landsins, sem og þessa heimshluta alls, getur verið í mikilli hættu,“ sagði hún.

Í gær fréttist svo af því að á

Hrottasveitir Assads

Vitni, sem lifað hafa af fjöldamorðin í Houla og fleiri voðaverk í Sýrlandi, segja hrottasveitir á vegum stjórnar Assads forseta hafa gengið hús úr húsi og myrt alla sem á vegi þeirra urðu, jafnt börn sem aldraða, konur sem karla.

Þessar sveitir vígamanna ganga undir heitinu „shabiha“ í Sýrlandi, en það orð þýðir „skuggi“ eða „vofa“. Orðið hefur í seinni tíð tekið á sig merkinguna „hrotti“ og notkun þess einkum verið bundin við þessar vígasveitir. Liðsmenn þeirra eru málaliðar, sem stjórnarherinn hefur oft fengið til liðs við sig, að því er virðist einkum þegar ganga þarf harðar fram en góðu hófi gegnir.



VLADIMÍR PÚTÍN Í ÞÝSKALANDI Hann er nýtekinn við forsetaembættinu í Rússlandi á ný, en Rússar hafa verið gagnrýndir fyrir að standa gegn aðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn Sýrlandi.

NORDICPHOTOS/AFP

fimmtudag hafi enn á ný verið framin fjöldamorð í Sýrlandi. Ellöfu verkamenn voru myrtir úti á götu í borginni Homs, þar sem þeir voru á leið til vinnu sinnar.

Kofi Annan, erindreki SP og Arababandalagsins, sagðist síðan í

gær vera orðinn býsna óþolinmóður út af ástandinu í Sýrlandi, það sé farið að valda sér skapraun hve illa gangi að hrinda friðaráætlun Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins í framkvæmd.

Hann sagði að Assad Sýrlands-

forseti verði nú að gefa skýr merki þess, bæði til þjóðar sinnar og alþjóðasamfélagsins, „að hann sé ákveðinn í að hrinda áætluninni í framkvæmd og að hann ætli að taka skref áfram í leit að friði“.

gudsteinn@frettabladid.is



BOLTALEIKUR Í SÆDÝRASAFNI

Tveir mjaldrar fengu mikinn áhuga á fótbolta sem settur var út í fiskabúrið þeirra, áhorfendum til skemmtunar í stóra sædýrasafninu í Peking.

NORDICPHOTOS/AFP

Styrkir frá Alþingi:

19 milljónir í ESB umfjöllun

EVROPUMÁL Alþingi hefur úthlutað styrkjum að upphæð 19 milljónir króna til að stuðla að „opinberri og upplýstri umræðu og fræðslu“ um ESB. Styrkjum er skipt jafnt milli ESB-sinna og ESB-andstæðinga.

Í fyrri hópnum fær Sterkara Ísland fimm milljónir og Evrópusamtökin, Sjálfstæðir Íslendingar og Ungir Evrópusinnar fá 1,5 milljónir hvert.

Í þeim seinni fær Heimssýn 4,5 milljónir, Evrópuvaktin og Ísafold fá 1,5 milljónir hvort og Samstaða þjóðar og Samtök um rannsóknir á ESB fá 1 milljón hvort.

Verkefni eru margvísleg, meðal annars fundaraðir, gerð kynningarefnis og úttektir á kostum og göllum ESB-aðildar.

-þj

Landey býður til sölu eftirtalin lóðarréttindi:

Mánatún og Lýsisreitir


Mánatún

Um er að ræða byggingarrétt að þremur byggingum:

Mánatún 1, um 23 íbúðir (Hús C).

Mánatún 7-17, um 90 íbúðir (Hús A).

Sóltún 1-3, um 40 íbúðir (Hús D).




Lýsisreitir

Um er að ræða byggingarrétt fyrir tvær byggingar:

Fjölbýlishús við Eiðisgranda, stærð um 13.250 m², um 100 íbúðir.

Hjúkrunarheimili við Grandaveg, stærð um 5.800 m².



Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Hátúni 2b í síma 594 4210/660 4210, netfang: landey@landey.is

Afbrotum Rúmena fjölga:

Finnska lögreglan fær aðstoð

FINNLAND Afbrotum sem rekja má til Rúmena hefur fjölgað verulega í Finnlandi eftir að Rúmenía varð aðili að Evrópusambandinu árið 2007. Rúmensku afbrotamennirnir í Finnlandi eru í mörgum tilfellum grunaðir um vasabjófnað, stuld úr verslunum og svindl við greiðslu vegna viðskipta.

Lögreglumaður frá Rúmeníu hefur nú komið til Finnlands til þess að aðstoða lögregluna þar við að hafa hendur í hári rúmenskra afbrotamanna. Ráðgert er að rúmenski lögreglumaðurinn verði Finnum til aðstoðar í þrjá mánuði, að því er segir á vef Hufvudstadsbladet.

- ibs



SEÐLABANKINN Lögum samkvæmt er fundargerð peningastefnunnendrar birt tveimur vikum eftir vaxtaákvörðun.

Peningastefnunefnd Sí:

Allir vildu hækka vexti

EFNAHAGSMÁL Samhljómur var í peningastefnunefnd Seðlabankans um að myndarleg hækkun vaxta væri nauðsynleg við síðustu vaxtaákvörðun nefndarinnar þann 16. maí. Einn nefndarmaður vildi hækka vexti um 0,75 prósentur en fjórir um 0,5 prósentur.

Þetta kemur fram í fundargerð nefndarinnar vegna vaxtaákvörðunarinnar. Í fundargerðinni kemur einnig fram að versnandi verðbólguhorfur voru meginrökkin fyrir hækkun vaxta. Hækkun myndi styðja við gengi krónunnar og stemma stigu við verðbólguþrýstingi frá vinnumarkaði.

- mþ

Sækja um listabókstaf:

Hægri grænir vilja stafinn G

STJÓRN MÁL Flokkur hægri grænna, flokkur fólksins, hefur formlega sótt um listabókstafinn G. Flokkurinn, sem leiddur er af Guðmundi Franklín Jónssyni, skilaði inn meðmælendalistum til Innanríkisráðuneytisins í gær.

Flokkurinn var stofnaður á Þingvöllum 2010 og hyggst bjóða fram til næstu alþingiskosninga. Helstu áherslumál flokksins eru meðal annars beint lýðræði, frjálst, sjálfbært markaðskerfi og alhliða náttúruvernd. - ktg



SVARTA KEILAN Metin á 25 milljónir af Listasafni Reykjavíkur.

Staðarvali listaverks frestað:

Bendi á annan stað fyrir Sierra

SKIPULAGSMÁL Fulltrúar í skipulagsráði Reykjavíkur hafa frestað ákvörðun um staðsetningu listaverksins Svörtu keilunnar sem menningarráð borgarinnar vill að verði til frambúðar á Austurvelli. Eins og komið hefur fram vill höfundur Svörtu keilunnar, Spánverjinn Santiago Sierra, gefa borginni verkið með því skilyrði að það verði á Austurvelli. Svörtu keilunni er ætlað að vera minnisvarði um borgaralega óhlýðni. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, vill að verkið sé þegið og það haft á Austurvelli. Alþingi leggst gegn því og skipulagsráð vill að Hafþór stingi upp á öðrum staðsetningum. - gar

Dönsk félagsmálayfirvöld:

Fleiri þurfi vottorð til að vinna með börnum

DANMÖRK Yfirvöld í Danmörku ráðgera að auka eftirlit með fólki sem vinnur með börnum með því að fjölga þeim störfum sem krefjast svokallaðs barnavottorðs. Þeim svipar til sakavottorða og kanna bakgrunn starfsfólks á dagheimilum, bílstjórum sem aka börnum og svo framvegis.

Samkvæmt nýju reglunum sem tóku gildi í gær þurfa fleiri hópar að fá slík vottorð, jafnvel þó þeir umgangist börn aðeins hluta úr vinnudegi.

Markmiðið er að hamlu aðgangi brotamanna að börnum. Á síðasta ári var með þessum hætti komið upp um 70 dæmda barnaniðinga sem störfuðu með börnum. - þj

Efnahagslífið í Danmörku:

Vendipunktur með hagvexti

DANMÖRK Efnahagslífið í Danmörku er á uppleið á ný eftir samdráttarskeið, en 0,3% hagvöxtur var í landinu á fyrsta fjórðungi, samkvæmt nýjum hagtölum.

Vöxturinn er vissulega hóflegur og hefur ekki mikil áhrif á atvinnulífið, en sérfræðingar líta á þetta sem ákveðinn vendipunktur. Danskt efnahagslíf hefur verið í mikilli lægð síðustu misseri þar sem atvinnuleysi, skuldir heimila og hrun húsnæðismarkaðarins hafa valdið ugg.

Vöxturinn felst í minniháttar aukningu í einkaneyslu, fjárfestingu og opinberum útgjöldum. - þj

Stjarnvísindamenn reikna út hvenær tvær stjörnuþokur rekast á:

Andrómeda nálgast Vetrarbrautina

VÍSINDI, AP Eftir fjóra milljarða ára verða stórtíðindi í himingeimnum þegar stjörnuþokan Andrómeda rekst á Vetrarbrautina okkar. Tveimur milljörðum ára síðar hafa þessar tvær stjörnuþokur sameinast.

Þetta fullyrða vísindamenn, sem byggja niðurstöður sínar á myndum frá Hubble-sjónaukanum, einum stærsta stjörnusjónauka heims. Sjónaukinn hefur verið á braut umhverfis jörðu í rúma tvo áratugi og dælir stanslaust myndum til jarðar.

Áður töldu menn líklegt að stjörnuþokurnar tvær færust á mis, en nýju útreikningarnir eru sagðir sýna með nokkuð ótvíræðum hætti að þær muni rekast á.

„Þetta verður býsna ofsafengið miðað við

gang mála í himingeimnum,“ segir Roland van der Marel, vísindamaður við Hubble-rannsóknarstofuna í Baltimore í Bandaríkjunum.

Engu að síður er ekki talin mikil hættu á því að sólkerfi okkar og jörðin verði fyrir hnaski, því auða svæðið á milli stjarna í stjörnuþokunum er svo stórt.

Útsýnið til himins verður hins vegar harla frábrugðið því sem nú er og jarðarbúar, verði þeir einhverjir, munu geta fylgst með ansi mögnuðu sjónarspili.

- gb

ÁREKSTUR Í UPPSIGLINGU Svona telja vísindamennirnir að stjörnuhiminn jarðarþúa muni líta út eftir 3,75 milljarða ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Vilt þú skapa framtíðina?

Við óskum tölvunarfræðinimum úr HR til hamingju með að keppa fyrir hönd Íslands í Microsoft Imagine Cup í Ástralíu í sumar. Þar leggja tölvunarfræðinemendur alls staðar að úr heiminum fram hugmyndir um hvernig nota megi tölvutækni til að bæta heiminn. Með námi í tölvunarfræði við HR getur þú m.a. lært að þróa tölvuleiki og hugbúnað, unnið við rannsóknir á gervigreind og búið til vefi.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



Fríðrik Már Jónsson

- Stúdent frá Verzló 2009
- Tölvunarfræðideild, 2. ár. Tók eina önn í skiptinámi í Kanada
- Áhersla í námi: forritun gagnvirkra vefja, eins og Facebook og Google, verkefnastjórn hugbúnaðar
- Áhugamál: Borgarskipulag, tónlist og ísbiltúrar á sunnudögum

Marjan Sirjani

- Dósent í tölvunarfræðideild
- Doktorspróf frá Sharif University of Technology í Teheran í Iran
- Sérsvið: Hugbúnaðarverkfræði
- Situr í fagráði Rannsóknasjóðs Íslands á sviði verkfræði, tæknivísinda og raunvísinda



Á LOFTI Barnaheill stóðu fyrir hátíðarhöldum í Laugardalnum á Degi barnsins. Yfirskrift dagsins var „Gleði og samvera“ og það vantaði ekkert upp á gleðina hjá þeim um það bil 300 börnum sem brugðu þar á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í sumarsól

Veðrið lék við Íslendinga í gær og nýttu börnin sér það til hins ýtrasta. Margs konar uppákomur voru í boði þar sem ljósmyndarar Fréttablaðsins komu við.



ÁTÖK Krakkarnir í Njarðvíkurskóla héldu sína árlegu vorhátíð í blíðunni suður með sjó. Við þetta tækifæri var Grænfáninn dreginn að húni við skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PRÚÐBÚIN VIÐ SKÓLASLIT Nemendur í Ísaksskóla í Reykjavík höfðu búið sér til skrautleg höfuðföt fyrir skólaslitin í gær. Allir nemendur í skólanum komu saman í sólinni og sungu fyrir foreldra sína í hinum árlega tröppusöng.

Til hamingju með daginn!

Íslenskur sjávarútvegur og framlag sjómanna skiptir okkur öll máli. Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.





GLEÐI Þessi piltur var hress á árlegu kassabílarallýi Frostaskjól.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Opið hús í öryggisíbúðum Eirborga

Laugardaginn 2. júní milli kl. 14 og 17
Eirborgir, Fróðengi 1-11, 112 Reykjavík
Notaleg þjónusta í hlýlegu og glæsilegu umhverfi



- Þægilegar íbúðir af ýmsum stærðum, í nálægð við Spöngina. Fallegir garðar og góð bílastæði.
- Glæsileg þjónustumiðstöð með tengingangi við öryggisíbúðir Eirar verður tekin í notkun fyrri hluta ársins 2014.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn, tengd hjúkrunarvakt Eirar.
- Matsalur og fjölpætt félagsstarf.
- Sjúkraþjálfun og dagdeild í nýrri þjónustumiðstöð.

Búseturéttur að hluta og/eða leiga.

Aðstoðað er við val á hagstæðum búseturéttar- og/eða leigukjörum.

Sýning á íbúðum virka daga

Vinsamlegast pantið tíma í síma: 522 5700

Eir hjúkrunarheimili

Hlíðarhúsum 7

112 Reykjavík

skrifst@eir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





BYGGINGATÆKNISKÓLINN

Húsasmiði, húsgagnasmiði, málaraiðn, múraraiðn, tækniteiknun og veggfóðrarar- og dúklagning



HÁRSNYRTISKÓLINN

Hársnyrting




RAFTÆKNISKÓLINN

Rafeindavirkjun og rafvirkjun



SKIPSSTJÓRNARSKÓLINN

Skipstjórnarbraut A, B, C og D



Tækniskólinn,

útskrifaði **395** nemendur



UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN

Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðla, bókband, grafísk miðlun, ljósmyndun, prentun og tölvubraut



VÉLTÆKNISKÓLINN

Vélstjórn A, B, C og D



TÆKNIKADEMÍAN – LÝSINGAFRÆÐI

Lýsingafræði/lýsingarhönnun



TÆKNIKADEMÍAN – MARGMIÐLUNARSKÓLINN

Margmiðlunarfræði

Við þökkum samstarfið og bjóðum nýja nemendur velkomna í haust



HÖNNUNAR- OG HANDVERKSSKÓLINN

Fatatækni, klæðskurður, kjólasaumur, almenn hönnun og keramik kjörsvið



FJÖLMENNINGARSKÓLINN

Nýbúanám og starfsbraut



SKIPSTJÓRNARSKÓLINN

Skipherrar



TÆKNIMENNTASKÓLINN

Stúdentspróf: Náttúrufræði-flugtækni, náttúrufræði-véltækni, náttúrufræði-raftækni og stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum

skóli atvinnulífsins

á vorönn 2012



TÆKNIKADEMÍAN – FLUGSKÓLI ÍSLANDS

Atvinnuflugmenn



TÆKNIKADEMÍAN – FLUGSKÓLI ÍSLANDS

Flugumferðastjórar



TÆKNIKADEMÍAN – MEISTARASKÓLINN

Iðnmeistaránám fyrir allar iðngreinar



TÆKNIKADEMÍAN – TÆKNISKÓLINN Í SAMVINNU VIÐ

MYNDLISTASKÓLANN Í REYKJAVÍK

Mótun, textil og teikning



Enginn þorir að taka slaginn fyrir gömlu húsin:

Verndarsvæði í vítahring

Borgaryfirvöld í Reykjavík eru í klemmu með skipulag miðborgarinnar. Þrátt fyrir að húsvendarsjónarmiðum hafi vaxið fiskur um hrygg undanfarna áratugi hefur enginn borgarstjórnarmeirihluti treyst sér til að taka af skarið og kveða upp úr um að setja skuli vernd byggingarfleifðar Reykjavíkur í forgang.

Of langt hefur verið gengið í hverju skipulaginu á fætur öðru í að heimila niðurrif eldri húsa og leyfa miklu meira byggingarmagn á lóðunum, í þágu framfara og nútímavæðingar. Árangurinn blasir við um alla miðborg og stingur oftast skelfilega í augun.

Þegar áformum um niðurrif gömlu húsa er mótmælt, bera borgaryfirvöld sig gjarnan illa, segjast svo gjarnan vilja vernda söguna en hendur þeirra séu bundnar af fyrra skipulagi, eigandi lóðarinnar eigi sinn rétt og þyrfti að borga honum háar bætur ef hann ætti ekki að fá að byggja ferlíkið sitt á lóðinni.

Þannig eru borgaryfirvöld föst í vítahring og enginn þorir að höggva á hnútinn og standa með gömlu miðborginni. Tilraun til slíks virtist vera í uppsiglingu fyrir tveimur árum. Þá samþykkti skipulagsráð eftirfarandi tillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar:

„Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkir að miðborg Reykjavíkur, innan Hringbrautar, skuli skilgreind sem sérstakt verndarsvæði til samræmis við það sem tíðkast í sögulegum miðbæjum víða í Evrópu og Norður-Ameríku. Átt er við það sem í Bretlandi kallast „conservation area“ og „historic district“ í Bandaríkjunum. Markmiðið er að vernda sögulega byggð á svæðinu og stuðla að því að þegar framkvæmdir fara fram innan svæðisins verði þær til þess fallnar að styrkja heildarmynd þess til samræmis við það sem var þegar svæðið byggðist. Slík skilgreining skal verða hluti af staðfestu aðalskipulagi og taka gildi ekki síðar en á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst 2010.“

Samþykktinni var vísað til meðferðar hjá embætti skipulagsstjóra. Síðan hefur ekki til hennar spurzt.

Vandræðagangurinn kemur meðal annars fram í Nasa-málinu, sem mikið hefur verið skrifað um í Fréttablaðinu undanfarið. Í blaðinu í gær var góð grein eftir Ólaf Rastrick sagnfræðing, þar sem hann gagnrýnir hvernig gömlum húsum er hjólað fram og aftur í miðbænum (ekki lengur upp í Árbæ) þegar þau eru fyrir steinsteypu- og glerhöllunum. Ólafur hefur rétt fyrir sér í því að auðvitað er verðmæti gamalla húsa mest þar sem þau voru upphaflega reist. „Með því að búa vel að þeim á sínum stað verður sambandið við liðna tíð sem sjálfsmýnd borgarinnar hlýtur að byggjast á mun trúverðugri en ella – bæði gagnvart okkur sjálfum sem hér búum og gagnvart þeim ferðamönnum sem hingað rekast. Ætli séu ekki einhver verðmæti í því?“ skrifar Ólafur.

Þetta er auðvitað mergurinn málsins. Þar sem gamlir miðbæjar-kjarnar hafa notið verndar og virðingar er bæði eftirsóknarverðara að búa í borginni og að heimsækja hana. Af hverju er svona djúpt á skilningi á því í borgarstjórn Reykjavíkur?

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Má bjóða þér vatn?

Umhverfisráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands og Íslenska vatnafræðinefndin bjóða á ný til hádegisfyrirlesturs um vatn.

Að þessu sinni fjallar Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands um samspil vatns og jarðvegs í **Þjóðminjasafni Íslands, 7. júní kl. 12:10** undir yfirskriftinni **Vatnsmiðlun og lífið**. Fyrirlesturinn lýkur fyrir kl. 13:00.

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Ein stoð fer undan stjórnarsáttmálanum

Ólafur Ragnar Grímsson hét því á dögunum að tryggja að þjóðin fengi úrslitavald um aðildarsamning að Evrópusambandinu því ekki yrði unað við það ráðgefandi þjóðaratkvæði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Þetta getur aðeins gerst með því að synjunarvaldinu verði beitt eftir að Alþingi hefur samþykkt lög um aðildarsamninginn. Yfirlýsing Þóru Arnórsdóttur um að þjóðin fái lokaorðið gæti þýtt það sama þó að hún hafi ekki talað jafn tæpitungulaust.

Ekki verður betur séð en að með þessu sé verið að kippa einni af stoðunum undan grundvelli sam-



ÞORSTEINN PÁLSSON

komulags Samfylkingar og VG um aðildarviðræðurnar og aðkomu þjóðarinnar að lokaorðinu. Meðhaldsmenn aðildar jafnt sem móthaldsmenn ættu að taka því vel ef með þessu móti verður unnt að leiða þetta mál til lykta með stjórnskipulega vandaðri hætti en ríkisstjórnin áformar.

Stjórnskipulegi veikleikinn í sáttmála stjórnarflokkanna fólst í

því að ætla að VG gæti setið í ríkisstjórn án þess að bera efnislega ábyrgð eftir þingræðisreglunni á stærsta viðfangsefni hennar. Pólitíski veikleikinn birtist í því tvöfalda siðgæði að aðhafast eitt innan veggja þinghússins en tala á annan veg utan þeirra.

Samkomulag stjórnarflokkanna um leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslu á rætur í þeirri staðreynd að þeir eru á öndverðum meiði í málinu. Þeir geta því ekki staðið sameiginlega á Alþingi að samþykkt lögjafar um aðild sem síðan væri háð úrslitavaldi þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu eins og eðlilegast væri.

Ábyrgðinni haldið að VG

Til þess að losa um þennan hnút sömdu flokkarnir um að fara fyrst með aðildarsamninginn fram hjá Alþingi í leiðbeinandi þjóðaratkvæði. Segi þjóðin nei er hann úr sögunni. Segi hún já leggur utanríkisráðherra samninginn fyrir Alþingi því hann verður samkvæmt stjórnarskrá undirritaður með fyrirvara um samþykki þess. Leiðbeinandi þjóðaratkvæði snýst því í raun um það eitt hvort leggja eigi samninginn fyrir Alþingi.

Kenningin er sú að þingmenn verði síðferðilega bundnir af þjóðaratkvæðagreiðslunni. Vandinn er hins vegar sá að þetta stangast á við

stjórnarskrána sem tryggir að þingmenn eru ekki bundnir af öðru en samvisku sinni. Hættan við þessa hjáleidi er sú að málið lendi í sjálfhælu milli þings og þjóðar.

Eftir útspil forsetaframbjóðendanna tveggja, þar sem annar talar mjög skýrt, er vandséð að ríkisstjórnin komist hjá því að leggja samninginn fyrst fyrir þingið. Verði hann samþykktur þar fær þjóðin úrslitavaldið með því að staðfesta þá niðurstöðu eða hafna henni. Þetta er eina leiðin til að gefa þjóðinni lokaorðið.

Ekki verður séð hvaða tilgangi það þjónar að efna til leiðbeinandi þjóðaratkvæðis um að leggja málið

fyrir Alþingi þegar ljóst er að bindandi þjóðaratkvæði eftir samþykkt þess þar verður ekki umflúið.

Aðildarsamningurinn verður til smám saman. Samkvæmt þingræðisreglunni getur utanríkisráðherra ekki gengið frá lokun einstakra kafla nema að baki sérhverri slíkri ákvörðun sé vís meirihluta-stuðningur á Alþingi. Þingmenn VG bera efnislega ábyrgð á því sem þegar hefur gerst í þeim efnum með því að verja ráðherrann vantrausti. En nú virðast forsetaframbjóðendurnir ætla að knýja þá til að gangast við þeirri ábyrgð í atkvæðagreiðslu á Alþingi sem þeir sömdu við Samfylkinguna um að sleppa við.

Umboð fyrir næsta kjörtímabil

Alþingi felldi nýlega tillögu um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu í þeim tilgangi að draga umsóknina til baka á þessu kjörtímabili.

Hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Framsóknarflokkurinn hafa umboð landsfunda til að taka slíkar ákvarðanir á Alþingi. Hins vegar er enn óljóst hvort nýtt þing fær umboð til að halda viðræðunum áfram.


Það getur ráðist í kjöri þing-

manna hvernig þeirri spurning verður svarað. Gallinn við þá hefðbundnu leið er sá að kjósendur flestra flokka skiptast í tvo hópa gagnvart þeirri spurningu þótt þeir fylgi flokkum sínum að málum að öðru leyti.

Hugmynd Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða þingkosningunum gæti leyst þennan vanda. Þannig fá kjósendur að ráða hvort halda eigi viðræðunum áfram á næsta kjörtímabili.

Þetta er málsmeðferð sem bæði fylgjendur og andstæðingar aðildar ættu að geta sætt sig við.

Það væri ábyrgðarlaus að hætta viðræðum í miðjum klíðum. Hitt er augljóst að margvísleg rök hníga í þá veru að taka lengri tíma til að ljúka þeim en áformað var. Í því ljósi er eðlilegt að kanna hug kjósenda til þessara sjónarmiða samhliða þingkosningunum. Þjóðin fengi svo lokaorðið þegar líður á næsta kjörtímabil.



PIKON / SIA

**ÓSKUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA
TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN**

- óslitin saga flutninga til og frá Íslandi í 98 ár

Hnípin þjóð í vanda

Ferðaþjónusta

Ari Teitsson
Þingeyingur



Hrunadansinn kringum gullkálfinn á fyrstu árum þessarar aldar skildi eftir sig hnípa þjóð í vanda. Sá vandi er margþættur en meðal þess erfiðasta er atvinnuleysi með tilheyrandi landflótta og nálægt þúsund milljarðar króna sem binda verður með gjaldeyrishöftum svo þeir flýi ekki land og valdi þannig gengishruni, óðaverðbólgu og skuldsöfnun fólks og fyrirtækja.

Aðeins ein leið virðist fær til að draga raunverulega úr atvinnuleysi, þ.e. að skapa ný störf sem auka útflutningstekjur eða draga úr innflutningi. Innlendir millifærslur þjónustu eru fullreynndar.

Ágreiningur er um hvernig leysa eigi vandann varðandi milljarðana sem leita úr landi. Gjalddeyrishöft fresta vandanum en leysa hann ekki. Einhverjir vilja afnema þau og taka tilheyrandi dýfu. Aðrir vilja semja um lausn vandans við Evrópusambandið, það gæti reynst þjóðinni dýrkeypt. Til eru þeir sem telja farsælast að borga skuldir með því að afla meira en við eyðum á næstu áratugum og greiða skuldina með mismuninum.

Mikil og að hluta illa rökstudd umræða stendur yfir um nýtingu lands Grímsstaða á Fjöllum. Augljóst virðist að nýting landsins með þátttöku Kínverja, sem fæli í sér umfangsmikla uppbyggingu og aukin umsvif í ferðaþjónustu með tilheyrandi

atvinnusköpun, fellur vel að þeim markmiðum sem hér að ofan eru talin þjóðarnauðsyn. Það virðist tilefni til að skoða málið frekar.

Yfirráð lands Grímsstaða á Fjöllum

Er veruleg áhætta fólgin í því að Kínverjar nái yfirráðum yfir stóru landsvæði á hálendinu, jafnvel þótt um langtímaleigu, en ekki eignarhald, sé að ræða? Yfirráðaréttur yfir landi á að vera takmarkaður, landið á að nýtast þjóðfélagsþegn-

hér bæktistöðvar og beina hingað fjármunum.

Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni

Atvinnuleysi á Íslandi í dag er í kringum 7%. Hér vantar því nokkur þúsund störf til að atvinnuástand sé viðunandi. Í ljósi reynslunnar má hugleiða hvort Íslendingar munu fást til að vinna þau störf sem kunna að skapast á Grímsstöðum, bæði á uppbyggingartímanum og við áformaða ferðaþjónustustarfsemi. Eitthvað virðist athuga-

Líta ætti á það sem fagnaðarefni að aðilar sem starfa utan íslenskrar lögsögu séu tilbúnir að lúta henni, hafa hér bæktistöðvar og beina hingað fjármunum.

um þess á komandi öldum, því er í gildi fjölbætt löggjöf sem ætlað er að tryggja sjálfbæra nýtingu landsins í þágu þjóðarinnar. Ef löggjöfin nær ekki þessu markmiði er áhætta samfara einkayfirráðum yfir landi ekki bundin við yfirráð erlendra aðila, jafnvel Íslendingar gætu misnotað stöðu sína.

Sú spurning hefur vaknað hvort Grímsstaðaverkefnið sé aðeins eitt skref erlends viðskiptaförs til að auðvelda aðgengi að öðrum og stærrum viðskiptatækifærum, s.s. olíuleit og -vinnslu á Drekasvæðinu eða viðskiptum tengdum flutningum á Norður-Íshafinu. Þjóðin verður að treysta því að við munum sem fyrr ráða för innan okkar lögsögu. Líta ætti á það sem fagnaðarefni að aðilar sem starfa utan íslenskrar lögsögu séu tilbúnir að lúta henni, hafa

vert við íslenskan vinnumarkað og vinnusiðferði, geti fólk hafnað störfum en þegið bætur. Því miður hafa lyklatvinnugreinar, s.s. fiskvinnsla og ferðaþjónusta, þó um árábil þurft að reida sig á erlenda starfskrafta. Viða á landsbyggðinni hefur fólk af erlendum uppruna fest rætur og er nú þátttakendur í íslensku samfélagi. Hafa skyldi í huga að hvort sem starfsmenn á Grímsstöðum yrðu af íslenskum eða erlendum uppruna verður að treysta íslenskri vinnulöggjöf til að tryggja að kaup og kjör við störf hérlendis séu boðleg.

Ferðaþjónusta framtíðarinnar

Ferðaþjónusta á landsbyggðinni býr við mikla árstíðasveiflu eftirspurnar. Heilsársrekstur virðist forsenda arðsemi vandaðra fjárfestinga í ferðaiðnaði, en jafnframt grunnur að varan-

legri atvinnusköpun og þar með búsetu. Uppbyggingin á Grímsstöðum, ef af verður, er stærsta tilraun á þessu sviði sem gerð hefur verið hérlendis. Sú tilraun er afar áhugaverð, en verður á næstu árum tæplega gerð með íslensku fjármagni.

Nefnt hefur verið að uppbygging á svo afskekktu svæði virðist óraunhæf. Benda má á að hótél (greiðasala) hefur verið rekið á Grímsstöðum um aldir enda staðurinn á krossgötum. Þaðan liggja leiðir til Mývatns, til Axarfjarðar, til Vopnafjarðar, til Austurlands og til Herðubreiðar, Óskju og fleiri staða á hálendinu. Allt þetta íslenskrar náttúru. Ólíkt því sem margir telja eru Grímsstaðir nokkuð veðursæll staður. Sauðfjárbúskapur liðinna alda er til vitnis um það, sem og veðurskýrslur.

Næstu skref

Nú vinna forsvarsmenn sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum og Eyjafjarðar að frekari undirbúningi og útfærslu uppbyggingar umfangsmikillar ferðaþjónustu á Grímsstöðum á Fjöllum, í samvinnu við kínverska fjárfestinn Huang Nubo. Sitt sýnist hverjum um ágæti verkefnisins. Mörgum spurningum um útfærslu og hugmyndir virðist ósvarað, þar á meðal um búsetu starfsfólks. Föst búseta með tilheyrandi þjónustu virðist þó almennt forsenda slíkrar landnýtingar. Ætla má að vönduð upplýsingamiðlun milli aðila og opin umræða, ekki síst við heimamenn, skipti sköpum um næstu skref. Hér þarf því að vanda til verka og ekki missa sjónir á því hvernig slíkt verkefni geti orðið að sem mestu gagni fyrir þjóðarhag. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Ekki lesa ekki neitt

Menning

Birgitta Elín Hassell
ríthöfundur og útgáfandi



Marta Hlín Magnadóttir
ríthöfundur og útgáfandi



Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um að efla þurfi lestur barna og unglinga en ekki er víst að fólk geri sér almennt grein fyrir því hversu mikið tapast þegar börnin þeirra líta ekki í bók hátt í þrjá mánuði yfir sumar-tímam.

Sumarlestur

Erlendar rannsóknir sýna að þeim nemendum sem ekki opna bók í sumarleyfinu fer aftur. Á ensku nefnist þetta summer reading loss (eða summer learning loss) og vísar í þá afturför í lestrarfærni sem á sér stað yfir sumarið þegar börnin hljóta ekki formlega lestrarætt. Þetta er ekki bara tilfinning eða ágiskun kennara, heldur skráð og rannsakað fyrirbæri (sjá til dæmis Kim, J. S. 2011 og 2012, og Moynihan, L. 2011). Staðreyndin er sú að lestrarfærni þeirra sem lesa ekkert á sumrin stendur ekki í stað milli vors og hausts heldur hrakar henni marktækt og það getur tekið nemendur allt að tvo mánuði að vinna sig upp í sömu færni og þeir höfðu við upphaf sumarleyfis. Lestrarfærni þeirra barna sem lesa eitthvað stendur í stað eða batnar jafnvel.

Þessar sömu rannsóknir sýna að það eru oftast þeir sem síst mega við því sem lesa minnst í sumarfríinu og standa því enn verr að hausti. Þetta vindur svo upp á sig og þeir sem ekkert lesa standa sífellt verr, eru lengur að vinna sig upp og ná jafnvel ekki jafnöldrum sínum yfir skólaárið.

Það sem helst spár fyrir um hvort lestraráttu barns hrakar yfir sumartímam er hvort það les eða ekki og það hvort barnið les yfir sumartímam ræðst að mestu af því hvort það hefur aðgang að bókum eða ekki.

Ábyrgð foreldra

Á sumrin, þegar börn og unglingar fá ekki það aðhald sem skólastofan veitir, er ekki ólíklegt að þau þurfi hvatningu til lestrar og stuðning við val á lesefni. Hér gegna foreldrar og forráðamenn lykilhlutverki. Fáðu lánaða eða kauptu bók handa ungmanninu þegar þú grípur bók handa þér, krakkar hafa alveg jafn gaman af nýju lesefni og við hin. Hinir fullorönu ættu að hafa í huga að gera ungmanninum auðvelt að nálgast bækur sem henta áhuga og getu. Lestu bókina sem ungmannið les, vertu tilbúinn til viðræðna um bókina og ræddu um aðrar bækur sem þú lest. Umræður um lestur efla áhugann á lestri.

Með því að gera lestur að sameiginlegri tólmstundaiðu fjölskyldunnar yfir sumarið skapast skemmtilegar samverustundir og um leið aukast líkurnar á því að börnin mæti í skólann að hausti þökkalega búin undir skólaárið. En það eru fleiri en foreldrar sem geta haft áhrif.

Á ráðstefnunni Alvara málsins, bókaþjóð í ólestri í janúar 2012 var bent á að ábyrgðin á bókmenntaupplifun væri samfélagsins alls. Heimilin, skólarnir, fjölmiðlar og ekki síst yfirvöld þurfa að taka höndum saman og gera lestur að áhugaverðri og gildri iðju sem fær jákvæða athygli.

Við undirritaðar teljum verulega þörf á sumarlestaráttaki á Íslandi – áberandi, sýnilegu og ágengu átaki sem nær til allra sem að málinu koma – allra Íslendinga.



Seðlabanki Íslands gjalddeyrísútböð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjalddeyrísútböð 20. júní 2012. Útböðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjalddeyrishafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og einnig skilmála Seðlabanka Íslands um gjalddeyrivíðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjalddeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum. (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>)

Útböð í fjárfestingaleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útböðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útböð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í daglok 6. júní n.k.

Útböð í ríkisverðbréfaléið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útböðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útböð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptavökum á millibankamarkaði með gjaldeyri er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útböðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útböðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útböðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útböðunum þremur verður tveim dögum eftir að útböði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 20. júní 2012. Nánari lýsingu á framkvæmd útböðanna þriggja er að finna í útböðsskilmálum.

Útböðsskilmála og yfirlit um milligönguáðila, aðalmiðlara og viðskiptavaka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utboð>

Samhliða útböðunum mun Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, bjóðast til að kaupa til baka krónuskuldabréf ríkissjóðs sem falla á gjalddegi fyrir lok maí 2013. (sjá frétt frá Lánamálum ríkisins <http://www.lanamal.is/verdbrefakaup>).

Samkvæmt útböðsáætlun Seðlabankans er stefnt að næsta útböðum 29. ágúst og 19. september 2012.

Nánari upplýsingar veita milligönguáðilar, aðalmiðlarar og viðskiptavakar.

- í tilefni Grafarvogsdagsins...

Opið hús!

- hjá Íslenska Gámafélaginu,
Gufunesi, 2. júní klukkan 13:00-16:00

Ruslaskrimsli - Ruslabílarúntur
Fræðslurúntur í vagni um svæðið
Andlitsmálning - leiktæki
Töfrabrögð
og... - Metanpýlsur!

Tryllt fjör
fyrir alla!

Við breytum gráu í grænt!

Fræðslufyrirlestrar:

14:00 Framleiðsla metans - næstu skref
14:30 Flokkun og endurvinnsla
15:00 Vinnustaðagleði Íslenska Gámafélagsins
15:30 Grænir hælar Guðrúnar Bergmann



ISO 14001



ISO 9001

Við erum fyrst sorphirðufyrirtækja á landinu
til að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi



metanbill.is

VÉLAMIDSTÖÐIN



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

www.gamur.is - Sími 577 5757

75 | ÁR Á FLUGI



75 ÁRA AFMÆLISGJÖF HANDA FARÞEGUM Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Í GÆR, 1. JÚNÍ, VORU OPNUÐ Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI NÝR OG BREYTTUR
INNTRITUNARSALUR OG NÝ OG BREYTT SÖLUSKRIFSTOFA ICELANDAIR

- | Betra aðgengi
- | Meira rými og aukin þægindi fyrir farþega
- | Ný innritunarborð
- | Hraðvirkari innritun

- | Nýrri og fleiri sjálfsafgreiðsluvélar
- | Farsímainnritun
- | Stærsta umhverfisauglýsing á Íslandi

BETRI ÞJÓNUSTA. GÓÐA FERÐ.



ISENSKA SIA IS ICE 59918 0612

Fordómar hvers?

Forsetaframboðið

Hrafnhildur Ragnarsdóttir

formaður
Kvennahreyfingar
Samfylkingarinnar



Grein Rósu G. Erlingsdóttur um aðferðir Ólafs Ragnars Grímssonar í kosningabaráttu sinni hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli, enda bendir hún á þætti í hans kosningabaráttu sem mörgum þykir blasa við en ekki má svo auðveldlega ræða. Það er aldrei auðvelt, og svo sannarlega ekki vinsælt, að benda á kvenfyrirlitningu í okkar samfélagi enda vilja margir miklu heldur stinga hausnum í sandinn. Það þarf til hugrekki og rökfestu að ræða opinberlega samfélagsmein af þessu tagi.

Jakobínu Ingunni Ólafsdóttur er mikið niðri fyrir er hún skrifar pistil sem birtur er í Fréttablaðinu 31. maí undir fyrirsögninni „Fordómar úr Kvennahreyfingu Samfylkingarinnar“. Ástæða skrifanna er umrædd grein Rósu þar sem Rósa líkir orðræðu Ólafs Ragnars Grímssonar við þá sem átti sér stað þegar Vigdís Finnbogadóttir bauð sig fram til forsetaembættisins. Rósa bendir á að Ólafur noti kvenlægar lýsingar, kalli Þóru skrautdúkkur og gefi í skyn að hans helsti áskorandi um forsetaembættið verði

þögull og þægur forseti. Ólafur grípi til sömu örþrifaða og gert var til að koma höggi á Vigdís Finnbogadóttur þegar hún var í framboði fyrir rúmum 30 árum. Þá birtist hver greinin á fætur annarri sem fól í sér fordómafullar yfirlýsingar gegn persónu og kyni Vigdísar. Rósa bendir einnig á að Íslendingar hafi oft og lengi tekist á um stór mál og verið sundraðir í afstöðu sinni og spyr, hvort sundurlyndið sé meira eða minna í dag og hvort við þurfum Ólaf Ragnar til að kljá út um stór mál.

Í fyrsta lagi virðist Jakobína ekki átta sig á því að hér skrifar stjórnmálafræðingurinn Rósa G. Erlingsdóttir grein um forsetakosningarnar. Forsetakosningarnar eru ekki flokksbundnar. Greinin er ekki sett fram í nafni Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar. Með því að halda því fram tekur Jakobína undir kenningu Egils Helgasonar að skrif Rósu séu örvæntingarfull tilraun úr herbúðum Þóru. Að stjórnarkonu úr Kvennahreyfingu Samfylkingarinnar hafi verið teft fram til að halda því fram að Ólafur Ragnar sé karlremba. Þetta er rangt. Egill Helgason hefur sjálfur gert margar örvæntingarfullar tilraunir til að gera Þóru að forsetaframbjóðanda Samfylkingarinnar en hvorki gengur né rekur, enda sýna skoðanakannanir að Þóra á bæði stuðningsmenn innan og utan Samfylkingarinnar.

Ég blandaði mér í umræður á

bloggsíðu Egils um þetta og gerði tilraun til að benda á þennan mis-skilning Egils. Hann á ekkert með það að afskrifa skrif Rósu þó hún sé meðlimur í Samfylkingunni. Benti honum góðfúslega á að hann gæti kannski sýnt greinarhöfundu þá virðingu að fjalla um innihaldið en afskrifa ekki höfund sökum flokkatengsla. Kosningar til forseta Íslands eiga ekki að vera flokkspólitískar og óheppilegt ef álitsgjafar vilja ríghalda í þann ósið að spyrða embættið við stjórnmálaöflin í landinu. Skilaboð mín virðast þó ekki ná í gegn.

Í öðru lagi þykir mér grein Jakobínu bera vott um fordóma hennar sjálfrar þegar hún lýkur orðum sínum á því að hún vilji „ekki sjá konu í embætti forseta Íslands sem er teft fram af körlum sem hyggja á að nýta sér kynjaða vitund kvenna til þess að koma annarri konu í forsetaembættið sem hlýðir kalli valdhafanna“. Þetta er undarlegur málflutningur og gerir lítið úr forsetaframbjóðandanum Þóru Arnórsdóttur og hennar skoðunum.

Að lokum, fyrir hönd Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, óska ég öllum frambjóðendum til forsetaembættisins góðs gengis og hvet til málefnalegar umræðu. Þá hvet ég til þess að frambjóðendur falli ekki í þá freistni að nýta sér kynjaðar staðalmyndir til að reka kosningabaráttu sína og hafni allri kvenfyrirlitningu í orðum sínum.

Nútímalegt sjúkrahús – hvað þarf til?

Nýr Landspítali

Jóhannes Gunnarsson
læknir



Gyða Baldursdóttir
hjúkrunarfræðingur



Stórstígar breytingar eru á starfsemi sjúkrahúsa frá ári til árs. Miklar framfarir hafa undanfarið orðið í rannsóknum og meðferð sjúklinga, sem margar hverjar fela í sér nýjar tæknilausnir. Þær þjóðir sem vilja bjóða sjúklingum góða þjónustu standa því frammi fyrir áskorunum um að reisa nýjar byggingar sem hafa nútímalegri sjúkrahússtarfsemi. Nýbygging Landspítala við Hringbraut snýst um að íslensk sjúkrahúsþjónusta haldi takti við þróun þekkingar og tækni.

Nútíma bráðasjúkrahús byggir á ungrri fræðigreini, gagnreyndri þekkingu á hönnun sjúkrahúsa, enda staðfest að sterk tengsl eru milli hönnunar þeirra og meðferðarárangurs.

Í mörgum atriðum er Landspítali orðinn eftirbátur miðað við önnur lönd og eru nokkur atriði talin hér upp og tæpt á lausnum eins og gert er ráð fyrir í nýbyggingaráformum spítalans.

Í fyrsta lagi má nefna kröfur um öryggi og aðbúnað sjúklinga og starfsfólks. Á nýjum spítala er gert ráð fyrir að sýkingavarnir batni mjög. Sjúklingar munu dveljast á einbýlum með sérsalernum. Þetta er sérlega mikilvægt enda eykst hættu á sýkingum þegar margir sjúklingar deila salerni. Einbýlin uppfylla enn fremur lögbundnar skyldur spítalans um að friðhelgi einkalífis sjúklinga sé virt.

Stórauknar kröfur eru gerðar til loftræstingar frá því sem nú er. Til þess að loftræsting spítalans uppfylli þessar kröfur verða í nýja spítalanum fyrirferðarmiklir loftstokkar sem ómögulegt væri að koma fyrir í núverandi húsnæði þar sem lofthæð er hvergi nægjanleg til að mæta ýrtruðu kröfum.

Í hönnun nýja spítalans er gert ráð fyrir að starfsstöðvum starfsfólks á legudeildum verði dreift þannig að starfsmenn vinni nær sjúklingunum. Þetta gefur starfsmönnum á legudeildum mun betri yfirsýn en nú er. Almennt verður mun rýmra um sjúklinga, aðstandendur og starfsmenn.

Flutningsleiðir á nýjum spítala verða svo stuttar og greiðar sem verða má og gildir þá einu hvort um ræðir flutning sjúklinga, starfsmanna eða vöru.

Rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi birtu og lýsingar í húsnæði og þetta skiptir sérlega miklu máli á sjúkrahúsum. Hönnun nýs spítala gerir ráð fyrir að dagsbirta nái vel í öll rými sem sjúklingar eða starfsmenn dvelja í.

Einnig eru stífar kröfur gerðar í nýjum spítala um aðstöðu til verkegrar og fræðilegrar kennslu og þjálfunar starfsfólks.

Stöðug aðlögun húsnæðis nauðsynleg

Við hönnun nýs spítala er sérstaklega hugað að hagkvæmni og sveigjanleika húsnæðis, enda krefst hraði breytinga í starfsemi stöðugar

aðlögunar húsnæðisins. Byggðar verða svonefndar súlubyggingar sem auðvelda aðlögun húsnæðis að nýjum þörfum. Lofthæð í byggingunum verður meiri en tíðkast hefur og með því móti verður komið fyrir lögnum sem ný tækni gerir kröfur um. Ýmis nútíma flutningstækni verður nýtt í nýbyggingum, t.d. við flutning á matvællum og lyfjum, sem eykur hraða og öryggi.

Þá má nefna ýmsar nýjungar í meðferð og tækni sem verða að veruleika með nýjum spítala. Þar á meðal er svonefndur jáeindaskanni (PET/CT) sem stóreykur möguleika til greiningar á einkennum og meðferð ýmissa sjúkdóma, einkum krabbameina. Einnig verður aðstaða á spítalanum fyrir kjarnarannsóknarstofu sem byggir mjög á sjálfvirkni. Þannig eykst hraði og öryggi algengra blóðrannsókna.

Mikilvægt er að hafa í huga að mörg tæki eru þyngri en svo að þeim verði komið fyrir í eldri byggingum án sérstakra ráðstafana. Sumum, líkt og jáeindaskanninum, er með engu móti hægt að koma fyrir í eldra húsnæði.

Nú þegar gætir verulegrar tregðu fólks sem lokið hefur sínu framhaldsnámi erlendis að snúa heim aftur í það starfsumhverfi sem...

Gríðarlega miklu skiptir við uppbyggingu spítalans að fyrsti áfangi hans standi sjálfstætt og verði kjarni þess sem koma skal í nánustu og lengri framtíð. Allt skal hugsað sem ein samtengd heild og er brýnt að eldri byggingar takmarki ekki þessar lausnir. Í þessu liggur meginhugsun þeirrar frumhönnunar sem nú er að verða lokið. Eiginleg viðbygging við eldra húsnæði eins og stungið hefur verið upp á að gert verði við Hringbraut eða í Fossvogi er útilokuð af þessum sökum einum. Margar aðrar ástæður útiloka slíka lausn svo sem lóðarrými, truflun á starfsemi meðan á byggingu stendur, aðkoma að spítalanum og fleiri þættir.

Vel hefur verið vandað til frumhönnunar nýs Landspítala við Hringbraut. Tilkoma nýbygginga þar er til marks um metnað til að standa jafnfætis þjóðum sem við berum okkur saman við og að geta boðið nútíma sjúkrahúsþjónustu á Íslandi. Að auki er slíkt umhverfi forsenda þess að við getum keppt um gott og vel menntað starfsfólk. Nú þegar gætir verulegrar tregðu fólks sem lokið hefur sínu framhaldsnámi erlendis að snúa heim aftur í það starfsumhverfi sem boðið er upp á og margir hafa horfið frá landinu undanfarið. Án besta starfsfólksins verður risið á háskólaspítalanum ekki hátt.

Engan tíma má missa

Stóru árgangarnir sem fæddust á árabílinu 1945 til 1970 eru nú að komast á þann aldur sem mesta þörf hefur fyrir þjónustu sjúkrahúsa. Sú alda er nú þegar að rísa og hvolfist yfir okkur af fullum þunga innan fárra ára. Þeirri eftirspurn verður ekki mætt án þess að aðbúnaður meginjúkrahúss landsins verði stórbættur og færður að nútímanum.

Fræðslu- og þróunarverkefni í svæðisbundinni matargerð:

Ertu með hugmynd að nýjungum í svæðisbundinni matargerð eða matartengdri upplifun?

Umsóknir óskast fyrir 11. júní 2012

Krásir - matur úr héraði veitir einstaklingum og litlum fyrirtækjum á landsbyggðinni styrki til nýjunga í svæðisbundinni matargerð og matartengdrar upplifunar fyrir ferðamenn.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af kostnaði við verkefnið. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga í s.s. tækjum og búnaði.

Áhersla er lögð á að valin verkefni:

- Auki framboð á matvörum og matarupplifun sem hafa sterka skírskotun til svæðis eða sögu og menningar á viðkomandi svæði
- Vinni að faglegum úrlausnum við þróun á viðkomandi afurðum
- Skili það miklum ávinningi að kostnaður við vöruþróun skili sér til baka innan 2 - 3 ára frá því að sala hefst
- Auki þekkingu á þróun, framleiðslu og markaðssetningu vöru og þjónustu
- Eflir samstarf milli fyrirtækja og einstaklinga í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð er að finna á www.nmi.is.

Senda má beiðni um upplýsingar og aðstoð á netfangið tinnabjork@nmi.is eða sigurdurs@nmi.is.




Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Keldnaholt, 112 Reykjavík | Sími: 522 9000 | Netfang: nmi@nmi.is | www.nmi.is



Tökum
vel á móti
sölufólki



ER' EKKI ALLIR SEXÍ?

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.
Leyðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)

ÓDÝRASTI ÍSINN Í BÓNUS



Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER
VÖRUTEGUNDIR Í BÓÐI

Einelti, samfélagslegur fjandi!

Einelti

Héðinn Sveinbjörnsson
rekstrarstjóri
Frostaskjóls



Í mörg ár hefur verið rætt um einelti og afleiðingar þess og þekkja margir þennan fjanda sem einelti er. Margir hafa verið þolendur eineltis og margir hafa verið gerendur.

Þeir eru ófáir sem eiga einhverja sögu úr grunnskóla um einelti og líta á sína eigin grunnskólagöngu sem helvíti á jörðu.

Ég var þolandi eineltis og örugglega gerandi líka, ef svo var vona ég að þeir geti fyrirgefið mér. Ég hef fyrirgefið þeim sem lögðu mig í einelti.

Fyrir rétt rúmum tuttugu árum var ég forfallakennari í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á einni viku sá ég sjö einstaklinga lagða í einelti. Það kom mér á óvart hve mikið eineltið var og nefndi það við einn gamlan og reyndan kennara. Ein athugasemd situr í mér eftir það samtal, þegar við ræddum hvaða einstaklingar væru þolendur, hann sagði „Nei, þessi er ekki lagður í einelti, hann leitar í neikvæða athygli!“

Þetta var 1991 og við ekki komin lengra.

Á heimasíðu umboðsmanns

barna, www.barn.is, er að finna skýrslu frá ráðstefnunni „Börn vilja ræða um einelti við fullorðna“ sem haldin var 1998. Í formála segir: „Þar settust 80 börn og 50 fullorðnir á rökstóla og ræddu þetta alvarlega vandamál í blönduðum umræðuhópum kynslóðanna.“

Þetta var 1998, hefur eitthvað breyst?

Nú, fjórtán árum síðar er enn verið að ræða þennan fjanda sem einelti er. Mikið er rætt um hvort hinar eða þessar eineltisáætlanir virki. Við erum búin að ræða svo mikið að „Ísland án eiturlyfja árið 2000“ kemur upp í hugann!

Það sem er merki-legt við þessa umfjöllun um einelti er að hún einskorðast við börn og skólasamfélagið og að það sé skólanna að gera eitthvað í þessu vandamáli sem einelti er. Já, svo sannarlega á skólinn að taka þátt í að koma í veg fyrir einelti en það er ekki skólans að uppræta einelti. Það er samvinnuverkefni alls samfélagsins og það byrjar á heimilinu.

„Það læra börnin sem fyrir þeim er haft“ kemur upp í hugann. Á heimilum, samskiptamiðlum og í fjölmiðlum hegða fyrirmyndirnar sér þannig að börn geta svo hæg-

lega túlkað þeirra framferði sem samþykki fyrir t.d. einelti. Margir kannast við að bólva mönnum og málefnum fyrir framan sjónvarpið, heyra börnin það?

Birtingarmynd eineltis er alls staðar og eru stjórnmál gott dæmi um það. Heftin ræður ríkjum og í skjóli fjarlægðar í gegnum net- og fjölmiðla stunda stjórnmálamenn það að reyna að koma höggi á andstæðinginn undir því yfirsýni að þeir séu að láta frjálshar skoðanir í ljós og oftast en ekki er ýmislegt látið vaða sem særir. Það særir ekki bara þann sem fyrir verður heldur vini, fjölskyldu og börn. Stundum ganga stjórnmálamenn það langt að embættismenn verða



Sér barnið þitt hvað þú skrifar um náungann á samskiptamiðlum eins og fésbók?

þess að þeir síðarnefndu geti hönd yfir höfuð sér borið.

Sér barnið þitt hvað þú skrifar um náungann á samskiptamiðlum eins og fésbók? Getum við leyft okkur að skrifa hvað sem er, jafnvel í reiði og réttlætt það? Eru fúkyrði skoðun? Er dónaskapur túlkun? Hugsum áður en við tjáum okkur.

Árið er 2012 og einelti er samfélagslegur fjandi sem við þurfum að útrýma!

Sameiningarafl þjóðarinnar

Forsetaembættið

Jón Þór Ólafsson

starfsmaður á plani



Þegar sameiningartákn þjóðarinnar sat á Bessastöðum gaf þingið sjávarauðlind þjóðarinnar, tók verðtryggingu af launum en ekki skuldum, einkavinavæddi ríkisbankana og svo má lengi telja. Okkur leið vel með táknrænan forseta. En þegar við kjósum til embættisins í sumar skulum við samt spyrja hvort okkur liði ekki betur í dag hefði forsetinn skotið þessum málum til þjóðarinnar. Við værum eflaust með réttlátara fiskveiðikerfi, verðtryggingin væri án efa minningin ein og hér hefði mögulega ekki orðið bankahrun, eða í það minnsta ekki jafn stórt.

Kjösendur eru hluti löggjafarvaldsins

Á meðan að greiðasta leiðin til að komast á þing er með stuðningi sérhagsmunaaðila munu fæstir þingmenn vera fulltrúar almennings. Minnihlutahópar þurfa að sjálfsgöðu vörn fyrir ofríki meirihlutans, svo fulltrúalýðræði hefur sína kosti, en þegar þingið þóknast

sérhagsmunum og setur lög gegn almannahag þá þarf almenningur að grípa fram fyrir hendurnar á Alþingi.

Stjórnarskráin heimilar forsetanum að aðstoða almenning til þess, en það er misskilningur að hann hafi neitunarvald. Við synjun forseta á lagafrumvarpi „fær það engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar“ eins og segir í 26. grein stjórnarskrárinnar. Það eru kjósendur sem hafa neitunarvaldið. Kjósendur í landinu eru hluti af löggjafarvaldinu. En þeir þurfa að treysta á að forsetinn virki þetta vald þeirra, að hann skjóti málum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Málskotsrétturinn veitir Alþingi aðhald

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá mun stór hluti kjósenda halda áfram að skora á forsetann að beita málskotsréttinum. Forseti sem í framtíðinni er tregur til að skjóta málum til þjóðarinnar mun sundra henni en ekki sameina. En málskotsréttur forsetans getur verið sameiningarafl. Hann veitir Alþingi aðhald við lagasetningu. Hann þrýstir á þingið að vera samstiga þjóðinni í stórum málum.

Málskotsrétturinn getur því verið afl sem betur sameinar hagsmuni þings og þjóðar.

Þing sem er meira samstiga þjóðinni

Í lok júní getum við kosið forseta sem á að sameina þjóðina með því að stappa í okkur ekki frá hliðarlínunni; á meðan hagsmunir þings

Forseti sem í framtíðinni er tregur til að skjóta málum til þjóðarinnar mun sundra henni ...

og þjóðar reka áfram í sundur; á meðan hunsaðar kröfur kjósenda um málskot verða háværari. Eða við getum kosið forseta sem finnst sjálfsgætt að við kjósendur fáum færi á að gefa lagafrumvörpum þingsins rauða spjaldið; forseta sem þingið veit að stendur með þjóðinni þegar hagsmunagjá myndast þar á milli; forseta sem sameinar þannig hagsmuni þings og þjóðar að við getum spilað betur saman sem liðs- heild. Mætum á kosningavöllinn og styðjum málskotsréttinn til sigurs.

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 10 milljónir króna í samfélagsstyrki, til 20 verkefna í fyrri úthlutun fyrir árið 2012.

Umsóknarfrestur til 4. júní.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Ykkur getur ekki verið alvara

Drátt fyrir alvarlegar athugasemdir fjölmargra sveitarfélaga, fyrirtækja, stéttarfélaga, fjármálastofnana, endurskoðenda, lögfræðinga, hagfræðinga og annarra í yfir 70 umsögnum, hafa frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld ekki tekið nauðsynlegum breytingum.

Á athugasemdir allra þessara aðila hefur ekki verið hlustað.

„Mælt er með að endurskoða frumvarpið frá grunni þar sem tillögur þess muni hafa alvarleg áhrif á stöðu sjávarútvegsfyrirtækja hér á landi og samfélagið allt.“

– Úr umsögn Landsbankans frá 18. apríl sl.

„Verði þessi frumvörp, sem eru unnin án alls samráðs við atvinnugreinina, að lögum munu þau viðhalda og jafnvel auka ósætti innan greinarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

– Úr umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins og Félags skipsstjórnamanna frá 17. apríl sl.

„Er niðurstaðan sú að umfang gjalddöku samkvæmt frumvarpinu sé langt umfram það sem útgerðin getur staðið undir.“

– Úr álitni sérfræðihóps skipuðum af atvinnuveganefnd frá 2. maí sl.

Við ítrekum ósk okkar um viðræður og samstarf.

Þau frumvörp sem nú liggja fyrir þinginu eru tilræði við sjávarútveginn og lífskjör almennings.

Útvegsmannafélag Austfjarða
Útvegsmannafélag Akraness
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar
Útvegsbændafélagið Heimaey

Útvegsmannafélag Hornafjarðar
Útvegsmannafélag Norðurlands
Útvegsmannafélag Reykjavíkur
Útvegsmannafélag Snæfellsness

Útvegsmannafélag Suðurnesja
Útvegsmannafélag Vestfjarða
Útvegsbændafélag Vestmannaeyja
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar





NAUTAKÓTELETTUR
MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARIN

25% AFSLÁTTUR

1.949

ÁÐUR 2.598 KR/KG

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ!

SVÍNALUNDIR
FERSKAR

27% AFSLÁTTUR

1.386

ÁÐUR 1.898 KR/KG

KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS - GRILL

40% AFSLÁTTUR

299

ÁÐUR 498 KR/KG

SVÍNAKÓTELETTUR
GRILL

1.290

ÁÐUR 1.698 KR/KG

**NÝBAKAD
TILBOD**

CROISSANT M/SKINKU OG OSTI
BAKAÐ Á STAÐNUM*

115

ÁÐUR 229 KR/STK

50% AFSLÁTTUR

*Gildir ekki um Nettó Salaveigi

CAPRI SÜKKULAÐIBITAR
HREINIR EÐA MEÐ
KÓKOS OG SÜKKULAÐI

199

ÁÐUR 249 KR/PK

X-TRA HVÍTLAUKSBRAUÐ
175 G

25% AFSLÁTTUR

89

ÁÐUR 119KR/PK

X-TRA KOSSAR
BLANDAÐIR
200 G

199 KR/PK

899

ÁÐUR 1.198KR/PK

799

ÁÐUR 899KR/PK

LAMBALÆRI
FROSID

1.198
ÁÐUR 1.498 KR/KG

GODI

KÍKIÐ VIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!

ALVÖRU HAMBORGARAR
2X120 G

493
ÁÐUR 649 KR/PK

XXL HAMBORGARABRAUÐ
4 STK

143
ÁÐUR 179 KR/PK

LAMBAGRILLSNEIDAR
ÞURRKRYDDAÐAR

1.990
ÁÐUR 2.398 KR/KG

GODI

NAUTAGRILLSTEIK
USA

30% AFSLÁTTUR

2.099
ÁÐUR 2.998 KR/KG

Kjötbankinn

NAUTAKOTELETTUR
PEPPERSTYLE

1.998
ÁÐUR 2.498 KR/KG

Kjötbankinn

ANANAS
FERSKUR

50% AFSLÁTTUR

149
ÁÐUR 298 KR/KG

ÁVÖXTUR
VIKUNNAR

NAUTAGRILLSTEIK
SANTO DOMINGO

25% AFSLÁTTUR

2.174
ÁÐUR 2.898 KR/KG

Kjötbankinn

GRILL SVÍNARIFJABITAR
KRYDDAÐIR

25% AFSLÁTTUR

395
ÁÐUR 598 KR/KG

Tilboðin gilda 31. MAÍ - 3. JÚN

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Voða erfitt að hneyksla mig

Það var viss frelsun fyrir **Sunnu Viðarsdóttur** að átta sig á því að þó hún væri verkfræðingur gæti hún unnið við eitthvað allt annað, til dæmis gerst háseti á bát. Nú er hún á línuskipinu Fjölni og **Gunnþóra Gunnarsdóttir** hitti hana á bryggjunni.

Hvers vegna ég er á sjó? Eiginlega af því mér finnst það gaman. Ég var á verkfræðistofunni Hönnun, sem nú er hluti af Mannviti, mjög fínur vinnustað en fannst starfið bara skelfilega leiðinlegt. Gat hreinlega ekki vaknað á morgnana til að sitja við tölvu og stimpla inn einhverjar tölur. Ákvað þá að prófa eitthvað sem væri eins ólíkt þeirri vinnu og ég gæti fundið, meðan ég fyndi út hvað ég vildi fara að gera næst. En svo finnst mér þetta ennþá gaman og er bara föst í því,“ segir Sunna Viðarsdóttir, verkfræðingur og nú háseti á línuskipinu Fjölni sem Vísir í Grindavík gerir út. Hún bætir því við að flestum hafi fundist hún frekar klikkuð þegar hún svissaði yfir, enda hafði hún þá lokið BS námi í byggingarverkfræði. „Mér þótti námið líka leiðinlegt en fannst samt að ég yrði að klára það sem ég hefði byrjað á. Þegar maður velur sér fag í háskólanum þá þykist maður vera að ákveða framtíðarstarfið og það var frelsandi tilfinning þegar ég áttaði mig á því að ég gat hætt. Ég þyrfti ekki að eyða lífinu í eitthvað sem mér leiddist.“

Ekki úr sjómansfjölskyldu

Þar sem hátíð sjómanna er framundan er Sunna komin til síns heima í borginni og hittir blaðamann við Reykjavíkurbíó. Þangað brunar hún á línuskautum úr Bryggjuhverfinu, gegnum Elliðaár- og Fossvogsdal, Skerjafjörð og Seltjarnarnes svo ljóst er að hún hefur ekki bara krafta í köggjum heldur líka í fótum. Hún kveðst alin upp í Breiðholtinu og ekki í kringum neina sjómenn. „Áfi minn, Bragi Agnarsson, var stýrimaður á Fossum en það var fyrir mína tíð. Aftur á móti fór bróðir minn á sjó 2005, mér fannst það hljóma spennandi og það hefur eflaust átt stóran þátt í að mér datt þetta í hug þegar ég vildi breyta til. Mamma mín, Agnes Bragadóttir, er blaðamaður og pabbi, Viðar Ágústsson, kennari.“

Hékk með fisk á hakanum

Sunna byrjaði á sjónum haustið 2006, fyrst á ísfisktogara og líkaði vel, síðan á frystitogara en það átti ekki við hana. „Ég get alveg eins verið í frystihúsi í landi,“ segir hún ákveðin. Eftir eins og hálf árs frí frá sjómennskunni kveðst hún hafa byrjað á Fjölni síðasta haust. Þar felst starf hennar í ýmsu. „Á lögninni er ég annað hvort á beitningarvélinni eða að lempa, sem er að sjá til þess að línan fari ekki út öll í flækju og passa að krókarnir séu í réttu röð. Þegar við erum að draga er ég annað hvort að stokka upp línuna, gogga og blóðga, slægja eða ganga frá fiskinum niðri í lest.“

Skyldi ekki vera erfitt að innbyrða stærstu fiskana? „Jú, jú, eftir langa fríð mitt í landi þurfti ég hjálp við það. Var bara hangandi þarna með fisk á hakanum og stýrimaðurinn kallaði: „Hjálp þú henni, það er stór fiskur á.“ Það var alveg óþolandi, sérstaklega ef ég var að beita öllum mínum kröftum og svo kom einhver og vippaði fiskinum inn með annarri hendi. Þetta er hætt núna.“ Hljáandi. „En það hallærislegasta við að byrja á línunni var að ég hitti bara ekki í fiskinn, það var alveg skelfilegt. Nú finnst mér það ekkert mál. Þú að slægja? Ekki þegar maður hefur vanist því, þá er það bara vinna. Maður svitnar ekki við að slægja eins og á rúllunni eða í lestinni þar sem er verið að ísa og raða. Það er ágætis líkamsrækt.“

Aksjónin heillar

Það er einmitt aksjónin sem Sunnu finnst heillandi við sjómennskuna. „Ég er búin að komast að því að mér finnst skemmtilegra að starfa



SUNNA VIÐARSDÓTTIR „Ég hef verið á báti með bilað stýri í svo brjáluðu veðri að Veðurstofan varaði fólk við veðurofsanum og ráðlagði því að halda sig heima,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LÍFIÐ UM BORD

Fjölnir SU 57 er 190 tonna skip sem veiðir á línu á vegum útgerðarvirktækisins Vísir í Grindavík. Samtals eru í áhöfn 21. Þar af eru fjórtán manns um bord í einu sem vinna á sex tíma vöktum. Skipið er á veiðum viku í senn. Hver og einn skipverji fer í þrjá róðra í beit og einn í frí tvegis og síðan tvo róðra í beit og tvo í frí.

Tómstundum um bord er að mestu varið við sjónvarpsáhorf og tölvur, enda hefur aðstaðan til þess gerbatnað á síðustu árum með tilkomu gervihnattasambands á miðunum umhverfis landið. Svo taka menn með sér bækur að heiman.



Á UPPSTOKKARANUM Sunna glaðbeitt við vinnu sína.



Þetta er karllægt umhverfi. Samt eru sjómenn miklu meiri krútt en ég hélt.

við það sem ég þarf að hreyfa mig við en að vinna bara með hausnum. Það er margt erfitt við sjómansstarfið til að byrja með en svo verður það bara eðlilegt. Það er líka eitthvað við það að vera úti á sjó. Þegar ég leit til allra átta í fyrsta túrnum mínum og sá ekkert nema sjó þá fannst mér það alveg æðislegt. Líka að losna við áhyggjur og stress í landi. Þetta er sú tilfinning sem ég fann fyrir í byrjun en ekkert að hugsa um dagsdaglega. Á þessum árstíma, þegar fuglalíf er í algleymingi, veðrið er gott og bjart allan sólarhringinn er ótrúlega fallegt að vera á sjó. Ég tala nú ekki um ef maður sér til lands, eins og undanfarið þegar ég hef verið að dást að Vestmannaeyjum og Mýrdalsjökli við sjóndeildarhringinn.“

Launin eru líka góð á sjónum. „Það skemmir auðvitað ekki

fyrir að hafa efni á að gera það sem maður vill þegar maður er í frí,“ segir Sunna. Ástæðu þess að fáar konur sækja sjóinn telur hún einfaldlega þá að fólk líti á sjómennsku sem karlastarf. „Þetta er karllægt umhverfi. Samt eru sjómenn miklu meiri krútt en ég hélt. Sumir hafa þá mynd af þeim að þeir séu tómir ruddar og ég var vörud við þeim í upphafi en svo eru þeir bara hin mestu ljúfmenni. Ég læt heldur engan vaða yfir mig og það er voða erfitt að hneyksla mig.“

Sund og pitsa

Það er alls konar fiskur sem kemur á línuna að sögn Sunnu. „Skipstjórnin verður reyna að leggja á réttum stað til að fá þær tegundir sem kvótinn býður upp á. Síðan ég byrjaði hefur allt gengið út á að forðast þorskinn. Stundum kemur góð

lögn og við fyllum fullt af körum en þá verðum við að færa okkur því þorskurinn er of mikill. Það er dálítið svekkjandi. Reyndar var eitthvað verið að auka kvótann núna svo vonandi þurfum við ekki að flýja þann gula eins mikið.“ Spurð hvort alltaf sé brjálað að gera um bord svarar hún. „Nei, alls ekki. Þegar ekkert veiðist er ekkert að gera nema drekka yfir sig af kaffi.“

Sunna kveðst hafa verið að veiðum allt í kringum landið enda hafi Vísir ítök víða. „Þegar ég byrjaði í haust vorum við að landa á Djúpa-vogi, svo á Skagaströnd, Húsavík og Þingeyri. Við stoppum stutt á hverjum stað og fáum bara frí meðan landað er úr bátnum. Rétt náum að kíkja í sund og fá okkur pitsu. Sums staðar er ekki hægt að fá pitsu, þá borðum við bara á einhverri bensínstöð. Mér finnst náttúrulega best að koma til Grindavíkur því þá kemst ég heim og þá stoppum við yfirleitt lengst. En ég held að Djúpivogur hafi vinninginn af öðrum stöðum. Þar er sundlaug sem er opin allt árið og svo er góð pitsa og fín þjónusta á hótelinu þar.“

Með bilað stýri í brjáluðu veðri

Þó Sunna hafi verið á sjó í mjög vöndu veðri telur hún sig ekki hafa lent í háska. „Ég hef verið á báti með bilað stýri í svo brjáluðu veðri að Veðurstofan varaði fólk við veðurofsanum og ráðlagði því að halda sig heima. En þetta hefur alltaf bjargast.“ Hún segir aldrei farið í var á línu, það gerist frekar á trolli því ekki sé hægt að toga í mjög vöndu. „Á línu er hægt að draga í öllum veðrum og þá gera menn það bara,“ segir hún og kveðst aldrei hrædd. „Maður bara treystir karlinum í brúnni. Skip eru heldur ekkert að farast hægri vinstri eins og í gamla daga.“ Henni finnst ekki einu sinni erfitt að stíga ölduna þó veltingur sé mikill. „Það verður fullkomlega eðlilegt líka,“ segir hún. „Ég hef svo sem alveg

flogið á hausinn. Síðast í öðrum túrnum eftir löngu pásuna mína. Þá misreiknaði ég mig aðeins, tókst á loft og skautaði á maganum út í næsta vegg.“ Svo hefur hún alveg sloppið við sjóveiki. „Þegar nýliðar koma til okkar sem eru ælandi eins og múkkar í byrjun, sé ég hvað ég hef verið heppin.“

Á leið í Stýrimannaskólann

Nú er Sunna búin að vera á sjónum af og til í sex ár og kveðst aldrei hafa verið í vinnu jafnlengi án þess að verða leið. Hún viðurkennir þó að þegar mikið sé um að vera í landi finnst henni fúlt að missa af því. „Auðvitað koma líka tímar sem ég ihuga hvort ég ætti ekki að koma mér í land áður en verkfræðiprófið verði algerlega úrelt. En sú hugsun hefur aldrei enst lengi og nú er ég að fara í fjarnám við Stýrimannaskólann í haust, það hlýtur að þýða að ég ætli mér eitthvað að halda áfram. Enda sem skipstjóri? Vonandi, það kemur í ljós.“

Sunna vill sjá allan fisk fara á markað. „Það er ekkert réttlæti í því að þeir sem eiga bæði útgerð og vinnslu geti borgað miklu minna fyrir fiskinn en aðrir,“ segir hún og kveðst vona að nýja kvótafrumvarpið verði til þess að kvótinn dreifist á fleiri hendur, þó kannski sé hagkvæmast að reka risastórar útgerðir. „Það er svo ósanngjarnt að bara örfáir verði moldríkir af veiðunum. Veiðigjaldið má samt ekki vera þannig að það keyri allt í þrot.“

Þó kvótakerfið sé kannski meingallað þá finnst Sunnu mest um vert að Íslendingar séu ekki að ganga á neina stofna, öndvert við aðrar þjóðir. „Sá hluti kerfisins er alveg að virka,“ segir hún. Kveðst þó taka eftir að oft sé langt bil á milli þess sem skipstjórnir segja og þess sem Hafró heldur fram. „Ég held samt að enginn sé að ljúga,“ segir hún. „Kannski þarf bara að breyta rannsóknaðferðum eitthvað. Það er svo margt í hafinu sem við vitum ekkert um.“

Hyllum hafid í miðborginni okkar

LÚÐRASVEIT LANDNÁMSMANNA

Við KRAUM,
Aðalstræti 10, og
á Ingólfstorgi
Lau. kl. 12:30,
13:30 og
15:00.

SAMFELLD HÁTÍÐ HAFSINS

Grandagarði og við
Gömlu höfnina
alla helgina

FISKISÚPAN FLÆÐIR

Við Gleraugnamiðstöðina
Laugavegi 24
Lau. kl. 14:00–16:00

YLSTRÖND INGÓLFS

Vígsluhátíð
Ingólfstorgi
Lau. kl. 13:30

HAFSÆKIÐ ROKK MEÐ TILBURY

Við Icelandair Kaffi
Lækjartorgi
Sun. kl. 15:00

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Fögnum hátíð hafsins í miðborginni okkar

Það verður fjölskipaður sjóbissnis í miðborginni um helgina. Ný ylströnd Ingólfs verður formlega vígð á Ingólfstorgi í dag kl. 13:30. Ingólfur mætir sjálfur með langspilið og í kjölfarið fylgir eggjandi landnáms-salsasýning. Fiskisúpan flæðir við Gleraugnamiðstöðina kl. 14:00, þar sem boðið verður upp á gómsæta TORO fiskisúpu og Kraum býður upp á ljúffengar landnáms-pönnukökur og glóaldinsafa frá kl. 11:00–14:00 í tilefni fimm ára afmælis. Á sunnudag mun hljómsveitin Tilbury varpa akkerum við Icelandair Kaffi á Lækjartorgi kl. 15:00 með sönnum tilberatilburðum.

Verum, verslum og njótum sumarblíðunnar þar sem hjartað slær!





SVALANDI BAÐ EFTIR LANGA GÖNGU Hundurinn Neró kælir sig á Krossáráurum enda ekki vanþörf á í góða veðrinu. Í baksýn blasir Mýrdalsjökull við.

Sólin sleikt og fræjum sáð

Þórsmörk skartaði sínu fegursta þegar *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari var þar á ferðinni á dögnum. Tilgangurinn var meðal annars að sá við Litla-Enda við Krossá, gegnt Básun. Tækifæri til náttúruskoðunar var að sjálfsögðu líka nýtt, enda margt að sjá.



SÁÐ Í LITLA-ENDA Fyrir tveimur árum fór gróður fyrir framan Litla-Enda illa út úr flóðum í Krossá. Askur sem lagðist yfir Þórsmörk eftir eldgosið í Eyjafjallajökli bætti ekki úr skák. Um líðna helgi var vösk sveitt mætt til að græða upp landið og sá fræjum.



VÖKVAÐ Að lokinni sáningu þarf að vökva. Í góða veðrinu skiptir litlu þó að dágóður hluti vatnsins lendi á ferðalöngum.



Í **MERKURKERI** Skömmu eftir að beygt er frá þjóðveginum í átt að Þórsmörk er komið að Merkurkeri, gljúfri sem gaman er að ganga í gegnum.

Vnr. 53323150
WARRIOR bensínláttuvél með fjörgengismótör. Vélin er 3,75 hestöfl, stillanleg hæð, sláttubreidd 46 cm.

28.990 kr.

Vnr. 53323172
Warrior sláttuorff, tvígangisvél, 43cc, sláttubreidd 41 cm með tvöföldum þræði.


28.490 kr.

23.990 kr. KLÚBB verð

VERÐVERND BYKO
**LÆGSTA
VERÐIÐ**

GARÐURINN

BLÓMSTRAR Á LÆGRA VERÐI



BYKO

BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



SLÁTTUVÉLAR OG ORF

Einhell

Vnr. 74830022
EINHELL rafmagnssláttuvél, 1000W, sláttubreidd er 30 cm, hæðarstilling er 25-60 mm, 28 l safnkassi.

14.990 kr.

Einhell

Vnr. 74830024
EINHELL rafmagnssláttuvél, 1200W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð 25-60 mm, stærð safnkassa 28 l.

23.490 kr.

BOSCH

Vnr. 74891130
BOSCH ROTAK 320 rafmagnssláttuvél, 1000W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð.

25.990 kr.

Vnr. 53323161
Warrior bensínláttuvél, 5,0 hestöfl, 158cc, B&S fjörgengismótör, 46 cm sláttubreidd, 53 l safnkassi, 10 hæðarstillingar

57.900 kr.

Vnr. 53323155
Warrior sláttuvél 6,0HP, 173cc, 50 cm sláttubreidd, drif, 60 l safnkassi, 9 hæðarstillingar.

59.900 kr.

49.900 kr. KLÚBB verð

HUGSAÐU UM GARÐINN

DAYE

Vnr. 54932421
DAYE vatnsbyssa með kúplingu.

495 kr.

DAYE

Vnr. 54931013
Daye garðúðari, stillanlegur.

959 kr.

DAYE

Vnr. 54932321
Daye vatnsbyssuset.

1.190 kr.

DAYE

Vnr. 54936013
Daye 3ja arma garðúðari úr plasti.

1.890 kr.

DAYE

Vnr. 54935115-6
DAYE garðslanga, græn eða gul, 13 mm, 15 m.

1.990 kr.

ALHLIÐA ÁBURÐUR OG GRASFRÆ

Vnr. 55095007
Bláskorn, 5 kg.

1.290 kr.



Vnr. 55092190
Garðablanda BYKO, 1 kg. Sérvaldar grasfrætegundir fyrir íslenskar aðstæður í alhliða sáningu.

1.590 kr.

Einhell

Vnr. 74830010
EINHELL rafmagnssláttuorff BG-ET 2620, 260W, sláttubreidd 20 cm.

4.495 kr.

BOSCH

Vnr. 74890324
BOSCH rafmagnssláttuorff ART 23 Combi, 400W, sláttubreidd 23 cm, stillanleg lengd skafts.

10.990 kr.

7.990 kr. KLÚBB verð

Vnr. 53323165
WARRIOR sláttuorff, 25cc tvígangis bensínsmótör, 0,7 hestöfl, sláttubreidd 38-43 cm, þyngd 3 kg.

17.900 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vélar í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiddum við þér mismuninn og 10% af honum að aukil! Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

Var áfram í Noregi fyrir börnin sín

Hannes Bjarnason lætur skoðanakannanir ekki aftra sér frá því að halda áfram í baráttunni um Bessastaði. Hann segist ekki vera að koma frá Noregi sem riddari á hvítum hesti til að bjarga Íslandi. *Sunna Valgerðardóttir* spurði Hannes út í bjartsýnina á bak við forsetaframboðið.

Einungis þrír af þeim 1.500 sem voru spurðir í nýjustu skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 nefndu nafn þitt sem næsta forseta Íslands. Ertu með raunverulegar væntingar til þess í dag að komast á Bessastaði?

„Já, ég vona það áfram. En það kemur mér ekkert á óvart að ég sé ekki með neitt fylgi. Þið verðið að átta ykkur á því að ég var að koma fram í fyrsta sinn í sjónvarpi nú í vikunni. Það eina sem er búið að vera í fréttum af mér er varðandi undirskriftir. Og því er kærkomið fyrir mig að tala við blaðamenn sem vilja spjalla við mig.“

Fyrir það fyrsta veit fólk ekki að ég er til og enn síður fyrir hvaða málefni ég stand. En þetta er aðeins að koma fram núna og þá á þetta eftir að snúast. Svo er annað mál hvort það snúist nægilega mikið til þess að ég verði forseti. En þetta á eftir að snúast. Töluvert mikið.“

En er ekki knappur tími að snúa hug þjóðarinnar þar sem forseta-kosningarnar eru eftir mánuð?

„Í rauninni ekki. Því við verðum líka að átta okkur á því að ég er að bjóða fram krafta mína í þágu þjóðarinnar.“

En eru ekki allir frambjóðendurnir að því?

„Jú, vissulega. Margir virðast vera þannig að þeir vilja komast á Bessastaði. En svo ég noti orð Ólafs Ragnars: „Ég móðgast ekkert þó fólk kjósi mig ekki sem forseta.“ Ég vil bjóða fram krafta mína og svo velur þjóðin sér forseta og það er hið besta mál.“

Þegar við lögðum upp í þetta á sínum tíma reiknuðum við með því að ég mundi sennilega ekki mælast með neitt fylgi til að byrja með í neinum skoðanakönnunum fyrr en um miðjan júní. Mikill hluti þjóðarinnar er enn óákveðinn.“

Ætlar ekki nakinn niður Laugaveg

Hvað ætlarðu að gera til að láta fólk hætta við að kjósa hina frambjóðendurna og kjósa þig?

„Ég er gjörsamlega óþekktur og það vekur furðu mína að fólk sé löngu búið að ákveða sig hvað það ætlar að kjósa án þess að nokkur frambjóðandi sé vart búinn að opna munninn. Ég get skilið það í tilviki Ólafs þar sem fólk er búið að fylgjast með honum í sextán ár. Og Ástþór er búinn að vera lengi að og er að miklum hluta með sín baráttumál ennþá. Þó er ég ekki að gagnrýna það, það vekur bara furðu mína.“

Það er væntanlega vegna þess að fólk er þekkt...?

„Já, en eins og í tilviki Þóru þá hefur hún unnið í sjónvarpinu sem spurningakona. Andlit hennar er vissulega þekkt. Og maðurinn hennar er vissulega þekktur líka.“

Það verður ekki horft fram hjá því að þú ert með minnst fylgi af öllum frambjóðendum samkvæmt skoðanakönnunum. Þú þarft væntanlega að stíga stærri skref en hinir sem eru að mælast með hvað mest fylgi?

„Ég ætla rétt að vona að þú sért ekki að fara að segja mér að hlaupa nakinn niður Laugavegin eða eitthvað svoleiðis?“

Nei, nei, þó þú mundir vissulega fá umfjöllun út á það. En ertu með eitthvað uppi í erminni til að láta þjóðina kjósa þig?

„Nei. Og ef ég væri með eitthvað uppi í erminni þá mundi ég nú ekki segja þér það núna. En við sjáum til hvort við fáum fylgi um miðjan júní, því þá verð ég bara assgoti góður. En ég vil árétta að öll hin sem eru í framboði eru meira og minna þekkt.“

Nema Jón Lárusson. Hefurðu óskað eftir stuðningsyfirlýsingu frá honum eftir að hann dró framboð sitt til baka?

„Nei. En ég hringdi í hann þegar hann tilkynnti það og ég sagði honum að mér þætti það leitt. Af því að það er að mínu mati gott ef hans rödd hefði komist áfram. Ég tjáði honum að mín skoðun væri sú að hann hefði orðið fyrir barðinu á þessu fjölmiðlavelði öllu hérna á Íslandi. Og þó ég hafi ekki verið sammála hans skoðunum fannst mér það mjög leitt. Við áttum ljóm-andi gott símtal. En ég óskaði ekki eftir stuðningi því ég hef trú á því að það sé hægt að vinna fyrir framboðinu, en ekki vera borinn fram.“

Með kosningaskrifstofu á hjólum

Hvað finnst þér um ákvörðun Stöðvar 2 um að bjóða einungis Ólafi og Þóru í kappræður?

„Mér finnst það eiginlega alveg frábært í ljósi lýðræðis- og tjáningarfrelsisumræðunnar í landinu í dag. Þetta er mjög lítið ígrunduð ákvörðun hjá Stöð 2 og mér finnst rökin með henni ekki halda vatni.“

Þú segir að þú viljir leggja hönd á plóg og bæta samfélagið. Það er margir sem vilja það, en fáum dettur í hug að bjóða sig fram til forseta, heldur fara aðrar leiðir. Hvað gerði það að verkum að þú byrjaðir ekki „smærra“?

„Það er búið að blunda í mér í nokkurn tíma að koma að uppbyggingu Íslands síðan hrúnið varð. Ég kíkti á þann möguleika að hella mér út í pólitík.“

Með hvaða flokki?

„Engum. Það var málið. Ég fann



Það eru auðvitað mörg miklu frambærilegri forsetaefni heldur en ég á landinu, en ég er ekki viss um hvort nokkurt þeirra sé í framboði

ekki þann flokk sem samsvaraði mínu álit. Þess vegna varð ekkert úr því.“

Aðhyllistu engan stjórnmalaflokk frekar en annan?

„Nei. Ég er fæddur og uppalinn í Skagafirði og afi minn var þar mikill kaupfélagsmaður. Pabbi minn var mikill framsóknarmaður og ég elst upp í því umhverfi. Og kaus Framsóknarflokkinn hér áður fyrr. En svo finnst mér gerast eitthvað í flokknum þegar það verða formannsskipti, þegar Steingrímur Hermannsson hættir og Halldór Ásgrímsson tekur við, svo ég hætti að styðja hann. Ég hef verið ópólitískur síðan.“

En margir hafa hætt að styðja Framsóknarflokkinn, sem og aðra flokka, og fara þá í aðrar stjórnmálareyfir, jafnvel stofna sínar eigin. Kom það ekkert upp í þér?



BJARTSÝNN MAÐUR AÐ NÁTTÚRU Það kom Hannesi ekkert á óvart að hann mældist með lítið fylgi í síðustu skoðanakönnunum. Hann segir bjartsýnina vera honum eðlislæg og enn geti allt gerst þar sem stór hluti þjóðarinnar eigi enn eftir að ákveða sig.

MYND/CHARLOTTE KVALVIK

„Nei. Pólitíkin var ekki minn vettvangur. Fólk hefur spurt mig gagnrýnið hvort ég haldi að ég sé bara einhver riddari á hvítum hesti frá Noregi og ætli að bjarga Íslandi. Að ég hafi ekki búið hér lengi og viti því ekki hvernig hlutirnir hafi þróast. En því fer fjarri.“

Ég er með lán frá íslenskum banka og veit hvernig þau hafa vaxið. Ég er búinn að fylgjast vel

Ekkert gott að hafa í ESB

Hvað hefur þetta kostað þig?

„Ég tók mér þriggja mánaða launalaust frí og með því öllu er efra þakið fjórar milljónir. Og það er gott að það komi fram. Þessi sterka „ekki-tenging“ við hagsmunaoöflin er kannski stóri munurinn á mér og öðrum frambjóðendum. Og annað er að mér finnst mikilvægt að forsetinn hafi skoðan-

urn hátt því það er pólitíkin. Það er Austurvöllur sem er völlum ágreinings og þar á að vera tekist á.“

Hvað eru Bessastaðir þá?

„Þeir eru öryggisventill. Ég mundi til dæmis beita neitunarvaldi ef ég teldi að lýðræðinu væri ógnað. Því það má ekki beita því að eigin geðþótta. Það er ekki hægt að hafa fólk á Bessastöðum sem stoppar löggjöf þannig. Neitunarvaldið á að vera algjörlega seinasta úrræðið.“

Brann í skinninu að koma heim

En hvað hefur haldið þér frá Íslandi í allan þennan tíma?

„Ég kynntist norskri konu á sínum tíma sem ég eignaðist með tvö börn. Svo slitnaði upp úr því sambandi og þá var sjálfgefið að vera í Noregi á meðan börnin voru að stækka. En nú eru þau á tíunda og þrettánda ári, svo nú get ég farið að snúa aftur heim til Íslands.“

Þannig að þú ert í Noregi fyrir börnin?

„Já, það er ég. Ekki misskilja mig, það er mjög fínt að vera í Noregi, en ég brann í skinninu við að koma heim árið 2008. En þá hefði ég skilið börnin eftir svo það var ekki inni í myndinni því ég er mikill fjölskyldumaður.“

Ertu bjartsýnn?

„Ég er bjartsýnn maður að náttúru og ég tel að við eigum að líta á það sem er í fortíðinni og læra af því. Ég hef trú á þessu, sama hvað fólk segir. Það eru auðvitað mörg miklu frambærilegri forsetaefni heldur en ég á landinu, en ég er ekki viss um hvort nokkurt þeirra sé í framboði.“

Eiríkur Ingi Jóhannsson,
sjómaður og björgunarsveitarmaður



Aukum öryggi sjómanna – kaupum merki sjómannadagsins

Um aldirnar hefur sjórinn verið helsta auðlind Íslendinga og samgönguæð. Mikill fjöldi íslenskra sjómanna hefur farist við störf sín á hafinu auk þeirra fjölmörgu sem hafa slasast. Á síðustu áratugum hafa orðið miklar framfarir í slysavörnum og 2008 var fyrsta og eina árið í sögunni án dauðaslysa við Íslandsstrendur. Öflugar slysavarnir kosta ómælda vinnu og fjármagn – til að geta haldið áfram á sömu braut þurfa allir landsmenn að leggjast á eitt.

Stöndum þétt við bak okkar vösku sjómanna og eflum öryggi þeirra með því að kaupa merki sjómannadagsins 2012. Tökum öll vel á móti sölufólki á næstu dögum.

Sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar selja merki Sjómannadagsins en hagnaður af söluinni rennur beint í björgunarbátasjóð félagsins.

Sýnum stuðning í merki!



Sendir hroll niður bakið á fólki

Glæpasagan Leikarinn, fyrsta bók **Sólveigar Pálsdóttur**, framhaldsskólakennara og leikara, kom út nýverið. Troðfullt var í útgáfuhófinu í Eymundsson, bókin seldist þar tvívegis upp og höfundurinn fór heim með bílinn fullan af blómum. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** þáði hressandi morgunkaffi hjá Sólveigu daginn eftir, fræddist um líf hennar og störf og leið hennar til að skrifa.

Bæði í námi mínu og störfum hef ég alltaf skrifað og skapað en þetta er frumraun mín í skáldskap og ég var strax ákveðin í að skrifa ekki fyrir skúffuna,“ segir Sólveig brosandí. Við sitjum við eldhúsbörðinu hennar og handleikum nýju bókina, Leikarann, sammála um að eldrauður liturinn og svartir, örllítið upphleyptir stafirnir á kápunni gefi henni kröftugan svip. „Það er mikil vinna að baki bók,“ segir Sólveig. „Ekki bara í skriftum heldur varð ég líka að fara inn í huga persónanna, skilja hvernig þær brygðust við ýmsum aðstæðum, hreyfa mig eins og þær og hugsa eins og þær.“ Hún kveðst hafa haft meðlíðan með þeim öllum, jafnvel þeim klikkuðustu. „Ég held ég gæti ekki skrifað öðruvísi,“ segir hún. „Ég hef ofboðslega gaman af fólki og held að það sé mitt lán að hafa fengið að kynnaast mörgum hliðum mannlífsins en lokast ekki inni í einum hópi.“

Flókið mynstur freistandi

Kveikjuna að Leikaranum rekur Sólveig til þátttöku sinnar í Dagvaktinni fyrir nokkrum árum, Rétti I og II, auk stuttmynda. „Efni bókarnar tengist á engan hátt þessum þáttum en ímyndunarafl mitt fór af stað við að leika aftur fyrir framan tökuvélar, það er í mínum huga eitt af mörgum sem er skemmtilegt og gefandi að gera,“ segir hún. Kveðst samt fyrir löngu hafa látið sér detta í hug að skrifa bók og nú hafi rétti tíminn verið kominn. „Með auknum aldri og þroska lærðist mér að nota reynslubankann, meðal annars þá tækni sem ég tileinkaði mér í leiklistinni á sínum tíma, að opna fyrir flæði, sjá fyrir mér aðstæður og skapa persónur sem tóku sér bólfestu í kollinum á mér og ég fann fyrir undir skinninu.“

Vinnuferli bókarnar spannar rúm tvö ár að sögn Sólveigar, sem hefur notað öll frí, margar helgar og hátíðisdaga og ótal kvöld til skriftanna. Oft kveðst hún líka hafa vaknað klukkan hálfsex til að ná að skrifa áður en hún hélt til vinnu sinnar, en hún er kennari við Hringssjá, náms- og starfsendurhæfingu. „En ekki eina einustu mínútu hefur mér leiðst við skrifa,“ segir hún. „Þvert á móti alltaf hlakkað til að glíma við flækjurnar.“ Hún kveðst hafa á tiltölulega stuttum tíma lagt að baki rúmlega 100 blaðsíður og þá verið komin með upphaf, endi og allt þar á milli, en átt eftir að laga og hnýta ótal enda. Hún tekur fram að hún hafi átt frábært samstarf við Forlagið og fengið góða leiðsögn. „Ég var beitt jákvæðum aga,“ segir hún brosandí og tekur sem dæmi að forleggjaranum hafi þótt stíll hennar fullknappur fyrst svo hún hafi bætt meira kjóti á beinin og blaðsíðunum hafi fjölgað í samræmi við það. En af hverju glæpasaga? „Hún bara kom með persónunum,“ segir hún með viðeigandi handahreyfingu. „Það sem heillaði mig var gátan og allir þessir þræðir sem þurfa að koma upp á réttum stöðum. Ég er engin hannyrðakona en það freistaði mín samt að búa til flókið mynstur. Svo nýt ég þess í botn að senda hroll niður bakið á fólki og eftir að hafa skrifað þessa bók skil ég ekki þá sem gera lítið úr glæpasögum því þar verður allt að stemma fullkomlega.“

Þykir vænt um Bessastaði

Sólveig er fædd í Vesturbæ Reykjavíkur, dóttir Bjargar Ásgeirsdóttur og Páls Ásgeirs Tryggvasonar sem vann í utanríkisráðuneytinu, lengi sem sendiherra. Frá átta mánaða aldri til fimm ára var Sólveig því erlendis með fjölskyldunni, fyrst í Danmörku og síðan Svíþjóð. „Foreldrar mínir fluttu svo aftur út þegar ég var níttján ára og voru ellefu ár í það skiptið,“ lýsir Sólveig. „Ég er langyngst fimm systkina og legg meiri áherslu á það við þau eftir því sem árin líða en þótti það ekkert skemmtilegt sem barni, því þau voru hálffullorðin þegar ég man fyrst eftir mér,“ segir hún. Foreldrar hennar eru báðir látnir. Móðir hennar dó úr krabbameini 1996, 71 árs og



LEIKARI, KENNARI OG NÚ RITHÖFUNDUR „Það sem heillaði mig var gátan og allir þessir þræðir sem þurfa að koma upp á réttum stöðum,“ segir Sólveig um glæpasagnaskrifin og er þegar byrjuð á næstu bók.

faðir hennar í september síðastliðnum en hefði orðið níraður í febrúar í ár. Hún er líka yngsta barnabarn afa síns og ömmu, forsetahjónanna Ásgeirs Ásgeirssonar og Dóru Þórhallsdóttur og upplifði það að búa á Bessastöðum. „Þegar við komum heim frá Svíþjóð bjuggum við tímabundið í svokallaðri Hjáleigu á Bessastöðum, meðan við biðum eftir að geta flutt í íbúð pabba og mömmu á Kvisthaganum. Amma dó stuttu síðar, hún fór mjög snögg, úr bráðahvítblæði. Það var mikið högg fyrir fjölskylduna. Afi var nýtekinn við fjórða kjörtímabilinu og mamma, Vala móðursystir mín og Lillý mágkona þeirra stóðu við hlið hans og tóku að sér að sinna ýmsum skyldum sem höfðu verið á herðum ömmu.“

Sólveig kveðst muna vel eftir lífinu á Bessastöðum. „Mér þykir vænt um Bessastaði og á góðar minningar þaðan. Þar var búskapur og fullt af fólki,“ rifjar hún upp. „Ég á enn úrval af þrjúnum og saumunum dúkkufötum sem stúlkurnar þar gáfu mér. Afi hafði heilmikil áhrif á barnæsku mína, hann var svo mikill bókamaður og bókasafnið hans var dásemdastaður. Ég fór líka stundum með honum í leikhús. Þá vorum við í forsetastúkunni í Þjóðleikhúsinu sem var náttúrlega verst staður til að sitja á því þaðan sást bara hluti af sviðinu. Ég sá hins vegar inn fyrir tjöldin, og fannst oft miklu meira spennandi að fylgjast með því sem þar var að gerast.“

Í sveit og fiski

Eftir heimkomuna frá Svíþjóð var Sólveig send til sumarvalar að Hraunkoti í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. „Ég var hjá góðu fólki og það á stóran hluta í mér því ég var á sjötta ári þegar ég fór þangað fyrst og var þar öll sumur þar til ég var tólf ára. Þetta mótaði mig ansi mikið. Ég lærði margt, sá margt og heyrði margar skemmtilegar sögur, því það kunnist að segja sögur, fólkið í Hraunkoti. Oft var ég samt einmana og saknaði fjölskyldunnar og vinkvennanna en svona var þetta þá og þótti sjálfsagður hlutur í uppeldinu. Ég horfi núna á fimm ára krakka og hugsa: Svona var ég lítil þegar ég fór marga mánuði frá foreldrum mínum.“ Þegar sveitaverunni sleppti fór Sól-

UPPHAF BÓKARINNAR*

Alda tók þéttingsfast í húninn til að fullvissa sig um að hurðin væri örugglega læst. Setti kaffibollann á vaskborðið og lét sig svo síga niður með hurðinni þar til hún sat flötum beinum á gamaldags mósaíkfílsum í þröngu, afmörkuðu rýminu. Hún einbeitti sér að því að ná jafnvægi. Láta spennuna og piringinn líða úr sér. Þetta var ekkert. Ekkert sem hún réði ekki við.

„Ég þoli bara illa þessa eilífu bið,“ sagði hún stundarhátt við sjálfa sig og dæsti. – Þetta endalaus djöfuls hangs sem fylgir kvikmyndagerð.

* Heimild: Leikarinn eftir Sólveigu Pálsdóttur



Ég varð líka að fara inn í huga persónanna, skilja hvernig þær brygðust við ýmsum aðstæðum, hreyfa mig eins og þær og hugsa eins og þær

veig að vinna, fyrst í fiski á Kirkjusandi. „Föðurafi minn var Tryggvi Ófeigsson útgerðarmaður og föðuramma mín Herdís Ásgeirsdóttir. Þar var bara viðhorfið að ef maður færi ekki að vinna, annað hvort í fiski eða á sjó, væri maður óttalegur aumingi. Ég byrjaði að vinna um leið og skólinn hætti á vorin, vann fram að fyrsta skóladegi á haustin og í öllum fríum, og kyntist því ekki hvað sumarfrí var fyrr en ég var orðin uppkomin.“

Ljósmodirir og leikarinn


Í grunnskóla kveðst Sólveig hafa valið að fara í starfskynningu á Fæðingarheimilið og Iðnó. „Þessi tvö störf heilluðu mig, ljósmodirir og leikarinn. Langalangamma mín og alnafna bjó í Vestmannaeyjum og var með þeim fyrstu sem fóru í ljósmæðranám á landinu. Afi Ásgeir talaði oft um hana, það kveikti ljósmóðurá hugann. Leikarinn varð samt ofan á, ég lauk fjögurra ára námi í þeirri list og starfaði við hana hátt í áratug í leikhúsum, kvikmyndum, auglýsingum og útvarpsleikhúsi. Hafði oft meira en nóg að gera, en svo komu dauð tímabil á milli. Það var farið að taka toll af mér að ráða svona litlu um eigið líf, að mér fannst, svo ég tók þá ákvörðun að hætta í leiklist. Dreif mig í bókmenntafræði við Háskóla Íslands og lauk þaðan BA-gráðu og kennsluréttindanámi. Bækur hafa alla tíð skipt mig miklu máli og fátt jafnast í mínum huga á við góðan texta.“

Hringssjá, náms- og starfsendurhæfing hefur verið vinnustaður Sól-

veigar frá árinu 1997. Þar kennir hún íslensku, leiklist og tjáningu. „Þetta er nám fyrir fullorðin fólk og aðsóknin er svo mikil að við önnum varla eftirspurn,“ lýsir hún. „Starfið þar hefur þroskað mig mikið.“

Hröð og margslungin

Fjölskyldan er Sólveigu afar dýrmæt og þar hefur hún fengið nýtt hlutverk, því hún varð amma fyrir mánuði. Áhugamálin eru mörg og fjölbreytt en dótturdóttirin toppar allt þessa dagana. „Ég hef mikla gleði af börnum. Var búin að eiga mín þrjú rétt rúmlega þrítug og þau hafa alltaf verið í fyrsta sæti hjá mér,“ segir hún og gerir nánari grein fyrir sínum nánustu. „Áslaug er elst minna barna, hún er í mastersnámi í leikritaskrifum í London og er líka menntuð leikkona. Svo er Björg, hún er nemi í stjórnmálafræði við HÍ og á góðan mann sem heitir Pétur Hrafn, hann er í lögfræði. Það eru þau sem eru nýbúin að gera mig að ömmu sem er ný og spennandi upplifun. Yngstur er Páll Ásgeir, 21 árs, hann var að ljúka fyrsta ári við kennarnám í HÍ. Maðurinn minn heitir Torfi Þ. Þorsteinsson og er framleiðslustjóri HB Granda. Við höfum gengið saman gegnum súrt og sætt og reynt að styðja hvort annað. Ég giftist honum níttján ára, mér hefur alltaf legið mikið á í lífinu og ekki endilega valið léttustu leiðirnar enda spurði bróðir minn, spöskur á svip, þegar hann sá bókarauglýsinguna frá Forlaginu „hröð og margslungin,“ hvort þetta væri lýsing á mér!“



www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel
Laugardaginn 2. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 3. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Mánudaginn 4. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00



Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.




Kaupum alla demanta



Staðgreiðum einnig verk eftir
þekktu íslenska listmálara

eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.



Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hótel

Upplýsingar og tímamantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





ALLT Á FLOTI Ólíulekarnir í Bodo árið 2008 teljast með mestu umhverfisslysum sögunnar. Þótt mikið hafi verið hreinsað upp af yfirborðsoliunni er hún víða í grunnvatni og berst út í alla læki og ár. Vonlaust er að reyna fiskveiðar á ný næstu árin og jafnvel áratuginna.

NORDICPHOTOS/AFP

Olían svipti alla lifibrauðinu

Blómlegt fiskveiðisamfélag á óseyrum Nígerfljóts lagðist í auðn fyrir fjórum árum þegar olía flæddi þar yfir allt. Engan fisk er lengur að fá og íbúarnir standa ráðþrota. Einn þeirra, **David Vareba**, segir *Guðsteini Bjarnasyni* frá baráttu íbúanna gegn olúrisanum Shell.

Þetta er erfitt og þetta er hættulegt. Maður finnur fyrir miklum þrýstingi. En ég er ekki hræddur, því ef óttinn fær að ráða þá komum við engu í verk," segir David Vareba, ungur Nígeríumaður sem heimsótti Ísland nýverið.

Hann er frá Bodo, sautján þúsund manna bæjarfélagi á óseyrum Nígerfljóts. Fyrir fjórum árum urðu þar ein mestu umhverfisspöll sögunnar þegar mikið magn af olíu lak vikum saman úr olíupípum stórfyrirtækisins Shell.

„Þetta var blómlegt fiskveiðisamfélag, iðandi af lífi. Upphaflega flutti fólk þangað vegna þess hve aðstæður til fiskveiða voru góðar þarna á óseyrunum. Við lifðum á fiski, vorum búin að þróa upp aðferðir við fiskvinnslu og svo seldum við fiskinn. Þetta var allt saman eyðilaggt. Það er ekkert eftir. Enginn fiskur, engin vinna, ekki neitt.“

Fjölskylda Varebas varð illa úti, eins og aðrar fjölskyldur á þessu svæði. Móðir hans flutti burt og fyrir tveimur árum lést faðir hans: „Ég býst við að það hafi eitthvað haft með ástandið að gera," segir Vareba um lát föður síns.

Aðstoð við íbúa


Vareba starfar nú með samtökum sem nefnast Miðstöð umhverfismála, mannréttinda og þróunar við það að aðstoða íbúa á svæðinu við að leita réttar síns. Hann hefur einnig átt samvinnu við Amnesty International, sem hefur lagt baráttu íbúanna stuðning.

„Það er mikil reiði meðal íbúanna. Mikil vonbrigði og órvænting. Það hafa brotist út hörð átök víða á þessu svæði. Það sem ég hef verið að gera er að hitta fólk og meðal annars kynna þeim leiðir til að mót-mæla með friðsamlegum hætti.“

Baráttan hefur einkum beinst gegn olúrisanum Shell, sem hefur víðurkennt ábyrgð á tveimur stórum

■ HREINSUNIN GÆTI TEKIÐ 30 ÁR

Olíumengun eftir hálfvart starfsemi olíufyrirtækja á borð við Shell er svo mikil, að það tæki allt að þrjátíu ár að hreinsa upp óþverrann. Hreinsunin gæti kostað vel á annað hundrað milljarða króna. Þetta er mat Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem á síðasta ári gaf út ítarlega skýrslu um ástandið á óseyrum Nílarfljóts.



olíulekum árið 2008 en segist hafa hreinsað upp eftir sig, þótt olían sé enn yfir öllu.

Shell segir það flækja málin, að eftir að hreinsunarstarfinu lauk hafi meiri olía lekið út á þessu svæði vegna skemmdarverka og olíuþjöfn- aðar, sem er algengur á óseyrum Nígerfljóts. Shell segist ekki geta tekið ábyrgð á slíku, jafnvel þótt olíuvinnslan á svæðinu hafi verið á þeirra vegum áratugum saman.

Málaferli í Bretlandi

Vareba segir fullyrðingar Shell um hreinsunarstarfið ekki stand- ast skoðun.

„Við fengum óháð matsfyrir- tæki til að fara yfir ástandið og það kom í ljós að þeir sem Shell fékk til að hreinsa upp eftir sig stóðu sig engan veginn.“

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna birti á síðasta ári ítar- lega skýrslu um olíumengunina á óseyrum Nígerfljóts, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að hreinsunarstarfið geti tekið allt að 30 ár og kostnaðurinn verði líklega um einn milljarður dala, eða sem svarar nærri 130 millj- örðum króna.

Vareba segist bera miklar vonir til þess að málaferli gegn



DAVID VAREBA Hélt til Ítalíu, Hollands og Íslands að kynna ástandið á óseyrum Nígerfljóts, þar sem hann bjó í blómlegu fiskveiðisamfélagi sem stór olíuleki lagði í auðn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Shell, sem nú standa yfir í Bret- landi, skili árangri. „Við erum að vonast til þess að dómstólarnir geti litið hlutlægt á málið.“

Stjórnin hefur brugðist

Glíma íbúanna á óseyrum Níger- fljóts er þó ekki síður við Níger- íustjórn en olíufyrirtækjunum, því viðbrögð stjórnvalda hafa verið af skornum skammti og máttlítil.

„Nígeríustjórn hefur brugðist okkur," segir Vareba. „Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja íbúnum vernd en ástandið er þannig að stjórnin getur ekki veitt okkur þessa vernd.“

Vareba segir mikla spillingu viðgangast meðal stjórnvalda og tengsl ráðamanna við fjársterk olíufyrirtækin vera alltof nán.

„Ráðamenn eru flæktir í svo mörg spillingarmál tengd olíu- félögunum að þeir virðast hafa misst alla pólitíska möguleika til þess að setja reglur um þetta, þannig að þessi fyrirtæki lúta í reynd ekki nógu ströngum

reglum. Í raun og veru eru það olíufyrirtækin sem stjórna stjórninni.“

Skorað á almenning

Íbúarnir hafa því leitað lið- sinnis alþjóðastofnana og mannréttindasamtaka og vonast eftir því að þrýstingur þeirra á stjórnvöld geti haft einhver áhrif. Einnig er reynt að höfða til almennings á Vesturlöndum og víðar um heim.

Þess vegna hélt Vareba af stað í ferðalag til nokkurra Evrópuríkja í apríl síðastliðnum. Fyrst lagði hann leið sína til Ítalíu, þaðan til Hollands og loks hingað til Íslands, þar sem hann flutti fyrir- lestur á vegum Amnesty Inter- national um áhrif olíumengunar á mannréttindi íbúanna á óseyrum Nígerfljóts.


„Við skorum á alþjóðasamfé- lagið að beita Shell og hin olíu- félögin á mengunarsvæðunum þrýstingi, þannig að fólk geti farið að draga andann á ný og lifa eðli- legu lífi.“

FERÐADAGUR FJÖLSKYLDUNNAR Í DAG 2. JÚNÍ KL. 13–16

BÓKABÚÐ FORLAGSINS–FISKISLÓÐ 39

Komdu allri fjölskyldunni
í rétta gírinn fyrir skemmtilegt
ferðasumar

Á RÉTTRI LEIÐ Í SUMAR
Kortaráðgjöf í stærstu kortadeild landsins
Frábært úrval ferðabóka á góðu verði



Nýr og glæsilegur
Ferðaatlas á
kynningartilboði
aðeins í dag
kr. 4.490

BARNAFJÖR

- Hoppukastali
- Strumpur kíkir í heimsókn
- Maxímús Músíkús dansar og áritar nýjustu bókina



Grillaðar pylsur

* Sólrún á afmæli í dag :)



KRÓNAN



GRILLPRENNA

Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

GRILLBAKKI 1
SNOGGI GRILLARINN



1598

kr./kg

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif

GRILLBAKKI 2
STEIKARGRILLARINN



1998

kr./kg

Ungnauta entrecote, grísahnakki og gríspjót

Grillað 'etta

GRILLBAKKI 3
FLOTTI GRILLARINN



2198

kr./kg

Grísakótiletur, grísa síða og lambainnalæri

NÝTT
PIPARMARINERAD

1398

kr.
kg

Lambalæri, þú velur: ókryddað eða með kryddjurtum, New York-, hvítlauks- og rós-marín-, eða trönuberja- og eplamarineringu!

LAMBALÆRI
- fyrir þig og þína!



15%
afsláttur

3568

kr.
kg

Verð áður 4198 kr. kg
Lambafille með hvítlauks- og rós-marín-marineringu

ELDBAKAÐAR
PIZZUR



Ferskar eldbakaðar pizzur
Margarita, 320 g 489 kr.
Pepperóni, 345 g 559 kr.
Skinka, 350 g 559 kr.

Gott saman!

1398

kr.
tvennan

Spare Ribs og Iceland maísstönglar



398


kr.
pk.

Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.



Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum Krónunnar

GRILLTÍMINN ER KOMINN!



40%
afsláttur

30%
afsláttur

2939 kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg
Ugnauta Roast Beef, erlent

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki í New York-marineringu



1998 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



30%
afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti í New York- eða hvítlauks- og rósmarínmarineringu



30%
afsláttur

1049 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur magnpakking



4
í pk.

698 kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.



**4-PAKKI eða 12-Pakki
OG FÓTBOLTI**

4 x 2L eða 12 x 0.33 cl.
Coke, Coke light eða Coke zero
og UEFA EURO 2012 bolti

á **1.398** kr.



KÍKTU Á
kronan.is
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

Þessir gætu slegið í gegn á EM

Það þekkjast allir Wayne Rooney, Cristiano Ronaldo, Xavi og Robin Van Persie. Færra þekkjast aftur á móti Robert Lewandowski, Sebastian Giovinco og Andriy Yarmolenko. Þeir *Trausti Hafliðason* og *Kjartan Guðmundsson* beina hér kastljósinu að þeim sem gætu komið á óvart í **Evrópukeppni landsliða** sem hefst á föstudaginn og njóta liðsinnis Kolbeins Tuma Daðasonar.

PÓLLAND Robert Lewandowski

Framherji | Borussia Dortmund | 23 ára | 1,84 m

Lewandowski gæti brillerað í þessari keppni. Það kæmi reyndar ekkert sérstaklega á óvart. Pólland er á heimavelli, í lélegum riðli og Lewandowski er fullur sjálfstraust eftir stórkostlegt tímabil með Dortmund þar sem hann skoraði 22 mörk (ekki úr viti) og lagði upp átta í 34 leikjum í deildinni. Já, og hann var valinn besti leikmaður þýsku deildarinnar í vetur. Það eru aðeins tvö ár síðan þessi ungi Pólverji lék með Lech Poznan í pólsku deildinni þar sem hann skoraði 32 mörk í 58 leikjum. Á fjórum árum, frá 2006 til 2010, afrekaði hann að verða markakóngur í pólsku 3. deildinni, pólsku 2. deildinni og pólsku úrvalsdeildinni. Dortmund keypti hann sumarið 2010 fyrir 4,5 milljónir evra, sem fyrir Íslendinga sem horfa mest á enska boltann, eru um 3,5 milljónir punda. Ef Pólverjar eiga að ná langt í keppninni þurfa þeir Lewandowski og Jakub Blaszczykowski, sem leikur einnig með Dortmund, að eiga gott mót.



Kolbeinn Tumi: „Skærasta stjarna heimamanna og gæti ekki verið í betra formi. Minnir um margt á Ruud Van Nistelrooy, þegar allt uppi inni í vítateignum og martröð varnarmanna.“



NORDICPHOTOS/AFP

DANMÖRK Christian Eriksen

Miðjumaður | Ajax | 20 ára | 1,76 m



Það er í raun ótrúlegt að Eriksen sé aðeins tvítugur, svo lengi hefur hann verið í sviðsljósinu. Hann lék með Ajax í Meistaradeild Evrópu í vetur og í sex leikjum var hann með að meðaltali 3 lykilsendingar í leik. Aðeins tvær leikmenn voru með fleiri, Mesut Özil, leikmaður Real Madrid og Danny, leikmaður Zenit. Eriksen er steypur í svipað mót og spænsku miðjumennirnir Xavi, Iniesta og Fabregas. Litill og nettur leikmaður sem hefur hæfileka til að stjórna leikjum. Hann nýtur sín best í holunni fyrir aftan framherjana. Danir eru í ferlega erfiðum riðli og ef þeir eiga að ná árangri þarf þessi ungi snillingur að vera í sínu besta formi. Það er aðeins tímaspursmál hvenær Eriksen verður keyptur frá Ajax en hann hefur leikið með liðinu síðan hann var 15 ára.

Kolbeinn Tumi: „Óeigingjarn skapandi miðjumaður sem er duglegur að búa til færi fyrir samherja sína. Aðeins tvítugur en velgengni Dana veltur á frammistöðu hans.“

ÍTALÍA Sebastian Giovinco

Framherji | Parma | 25 ára | 1,64 m

Það hefur lengi verið beðið eftir því að þessi litli snillingur færi að blómstra. Hann var ekki nema níu ára gamall þegar hann var kominn á mála hjá Juventus. Þrátt fyrir að allir sæju að hann hefði þennan fræga X-factor þá náði hann sér aldrei á strik með þeim svarthvítu. Það gerðist ekki fyrr en hann var seldur til Parma síðasta sumar. Hann átti frábært tímabil með Parma í vetur og skoraði 15 mörk og lagði upp 11 til viðbótar. Giovinco er leikmaður sem fólk borgar fyrir að sjá spila fótbolta. Hann er gríðarlega leikinn, með góðar sendingar og tekur frábærar aukaspurnur. Ítalirnir kalla hann Formica atomica eða kjarnorku-maurinn í lauslegri þýðingu. Þó hann sé flokkaður sem framherji leikur hann oftast sem framliggjandi miðjumaður eða vængmaður. Það verður spennandi að sjá hvort Giovinco fær alvöru tækifæri með ítalska liðinu. Þá má geta þess að það eru ekki nema nokkrir dagar síðan fréttir bárust af því að Manchester City væri með Giovinco undir smásjanni. Þá hlýtur hann að geta eitthvað.

Kolbeinn Tumi: „Smávaxið tækniundur sem má ekki hafa augun af. Boltinn virkar sem límdur við tærnar á honum.“



FYLGIST MED ÞESSUM



TÉKKLAND Tomas Necid

Framherji | CSKA Moskva | 22 ára | 1,90 m

Kolbeinn Tumi: „Hávaxinn framherji sem spilar best í stórleikjum. Klár af bekknum ef markahæsta manni EM 2004, Milan Baros, gengur illa að skora.“

FRAKKLAND Olivier Giroud

Framherji | Montpellier | 25 ára | 1,92 m

Kolbeinn Tumi: „Líkamlega sterkur og frábær skallamaður. Lagði upp tvö mörk á þremur mínútum gegn Íslandi sem réði ekkert við hann. Fyrsti maður inn fyrir Benzema.“



HOLLAND Luuk de Jong

Framherji | FC Twente | 21 árs | 1,88 m

Kolbeinn Tumi: „Framherji sem klárar færi sín vel hvort sem er með hægri eða vinstri. Afslappaður fyrir framan markið og kys nákvæmni fram yfir skothörku.“



ENGLAND Alex Oxlade-Chamberlain

Vinstri kantmaður | Arsenal | 18 ára | 1,80 m

Kolbeinn Tumi: „Uxinn er fullur sjálfstrausts þrátt fyrir litla reynslu. Jókerinn í liði Englands sem þarf á honum að halda ætli það ekki að gera sig að filfli í sumar.“

SPÁNN Javi Martínez

Miðjumaður | Athletic Bilbao | 23 ára | 1,90 m

Kolbeinn Tumi: „Leiðtoginn í U21-Evrópu-meistaraliði Spánverja síðasta sumar. Yfirvegaður, les leikinn vel og stórhættulegur í föstum leikatriðum.“



FRAMHALD Á SÍÐU 42



einfaldlega betri kostur

ÚTSALA

ÚTSALAN ER HAFIN

20-70% afsláttur

yfir 1200 vöruliðir




30-70%
af völdum speglum



50%
af HANGER
barnaherðatrjám

HANGER Barnaerðatré. Ýmsir litir.
195,- NÚ 95,-



30%
af JOKER

JOKER Loftljós.
Ø15 cm. 9.995,- NÚ 6.995,-
Ø18 cm. 19.995,- NÚ 13.995,-



40%
af GLAMOUR

GLAMOUR Barstóll, glært akrýl/króm.
29.900,- NÚ 19.900,-



INFORMAL Matarstell, postulín.
Hvítur diskur Ø24cm. 495,- NÚ 395,- Skál
Ø14cm. 1.495,- NÚ 1.195,- Skál Ø12cm.
595,- NÚ 395,- Djúpur diskur m/rönd. Ø24
cm. 695,- NÚ 545,- Diskur m/rönd. Ø26 cm.
995,- NÚ 795,-



20%
af EVARISTO

EVARISTO Bordlampi, ál.
H46 cm. 12.995,- NÚ 9.995,-
H38 cm. 9.995,- NÚ 7.995,- Skermur seldur sér.



40%
af FERRIS

FERRIS Borðstofustóll. Lakkaður/
krómgrind. 11.900,- NÚ 6.900,-



30%
af MARILYN
rúmfötum

MARILYN Rúmföt. 140x200/60x63 cm.
Bómull. 4.995,- NÚ 3.495,-



40%
af JEWEL

JEWEL Motta. Ýmsir litir.
140x200 cm. 34.900,- NÚ 19.900,-
160x230 cm. 39.900,- NÚ 23.900,-



30%
af UNPLUG

UNPLUG
Lyklakippa. Ýmsir litir. 2.495,- NÚ 1.695,-



20-40%
af öllum kertum

kaffi **ILVA**

Pastramibeygla
Pestó, pastrami, rauðlaukur
og salatblanda 795,-
NÚ 495,-

BEYGLA MÁNAÐARINS



Bjóðum uppá
vaxtalaust lán
til 6 mánaða



sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

FRAMHALD AF Síðu 40

FRAKKLAND Yann M'Vila

Miðjumaður | Rennes | 21 árs | 1,82 m



Prátt fyrir ungan aldur er M'Vila af mörgum talinn einn besti varnarsinnaði miðjumaður Evrópu. Yfirgefur Rennes nánast örugglega í sumar fyrir stærra lið og hafa bæði Arsenal og Inter Milan sýnt áhuga. M'Vila meiddist í æfingaleik gegn Serbum í fyrradag og enn er óljóst hversu alvarleg þau meiðsl eru.

Kolbeinn Tumi: „Djúpi miðjumaðurinn sem varnarlína Frakka saknaði sárlega gegn Íslandi. Þekkir sín takmörk og skilar boltanum vel frá sér á sóknarsinnaðri samherja. Svo sannfærðir eru forráðamenn Rennes um ágæti M'Vila að þeir neita að hlusta á tilboð stórlíða þar til eftir að hann slær í gegn á EM.“

RÚSSLAND Alan Dzagoev

Miðjumaður | CSKA Moskva | 21 árs | 1,79 m



Dzagoev varð yngsti útvallarleikmaðurinn til að spila með rússneska landsliðinu aðeins átján ára og 116 daga. Þykir hógvær og hvetjandi fyrir liðsfélaga sína.

Kolbeinn Tumi: „Sóknarþenkjandi miðjumaður og hjartað í sóknarleik Rússa. Fjölhæfur leikmaður sem skapar færi fyrir félagi sína og stórhættulegur klárari hvort sem er innan eða utan teigs.“

ÚKRAÍNA Andriy Yarmolenko

Framherji/Vinstri kantmaður | Dynamo Kyiv | 22 ára | 1,87 m



Yarmolenko fæddist í Rússlandi en fluttist ungur að árum til Úkraínu. Ekki minni maður en nafni hans Shevchenko hefur lýst honum sem „framtið úkraínskar knattspyrnu“. Skoraði fljótasta markið í sögu Úkraínska landsliðsins eftir aðeins fimmtán sekúndur gegn Uruguay á síðasta ári. Hefur verið orðaður við Arsenal.

Kolbeinn Tumi: „Ótrúleg tækni og hraði gera Yarmolenko að martröð varnarmannsins í stöðunni maður gegn manni. Örvættur kantmaður sem á að sjá Shevchenko fyrir mörkum eða, eins og hann gerir ekki minna af, skora þau sjálfur.“

GRIKKLAND Sotiris Ninis


Miðjumaður/Hægri kantmaður | Parma | 22 ára | 1,73 m



Leikni Ninis á boltanum hefur verið lýst sem „svimandi“. Spilar með Parma á næstu leiktíð eftir að hafa gert garðinn frægan með Panathinaikos síðustu ár.

Kolbeinn Tumi: „Frábær skot- og sendingarmaður með rándýran hægri fót. Ekki líkamlega sterkur en afar snöggur.“

ÞÝSKA ÜBER-KYNSLÓÐIN



MARCO REUS



ANDRÉ SCHÜRRLE

ÞÝSKALAND Marco Reus

Framherji | Borussia Mönchengladbach/Borussia Dortmund | 23 ára | 1,80 m

André Schürrle

Framherji/Kantmaður | Bayer Leverkusen | 21 árs | 1,84 m

Mario Götze

Miðjumaður/Kantmaður | Borussia Dortmund | 19 ára | 1,76 m

Toni Kroos

Miðjumaður/Kantmaður | FC Bayern | 22 ára | 1,82 m

Flestir veðbankar spá Þýskalandi sigri á Evrópumótinu og ef fram heldur sem horfir munu Þjóðverjar vera í verðlaunasæti á stórmótum næstu tíu árin. Í 23 manna leikmannahópi Þýska liðsins eru 15 leikmenn 25 ára eða yngri og tólf af þeim eru 23 ára eða yngri. Til samanburðar eru fimm í enska hópnum 25 ára eða yngri og sjö í þeim spænska. Miðvallarleikmaðurinn **Mario Götze** er yngsti leikmaður liðsins, tvítugur að aldri. Hann er einn allra efnilegasti knattspyrnumaður heims í dag og prátt fyrir ungan aldur hefur hann tvívegis orðið þýskur meistari með Dortmund. Götze er þessi týpa sem labbar fram hjá mönnum. **Toni Kroos**, leikmaður Bayern München, er 22 ára miðvallarleikmaður með ótrúlega öflugan hægri fót. Hann mun væntanlega fá að spila mikið því í undankeppninni tók hann þátt í átta af tíu leikjum Þjóðverja. Kroos fær kannski ekki alltaf það hrós sem hann á skilið. **Marco Reus** er 23 ára framherji skástrík kantmaður sem skoraði 18 mörk og lagði upp níu með Borussia Mönchengladbach í þýsku deildinni í vetur. Hann er eldsnökkur, leikinn og jafnvígur með hægri og vinstri fæti. Dortmund hefur keypt Reus. Hinn 21 árs gamli **André Schürrle**, sem spilar með Bayer Leverkusen, mun leika í treyju númer níu á EM. Líkt og Reus getur hann leikið sem framherji eða kantmaður. Þó hann hafi ekki skorað nema sex mörk með félagliði sínu í vetur er tölfraði hans með þýska landsliðinu ótrúleg. Hann skoraði 10 mörk í 11 leikjum með U19-liðinu, fimm mörk í fimm leikjum með U21-liðinu og hann hefur þegar skorað sjö mörk í 14 leikjum með aðalliðinu. Nyr Klose? Kannski.

Kolbeinn Tumi: „Sú staðreynd ein að ekki er pláss fyrir alla leikmennina í byrjunarliði Þjóðverja gefur til kynna hve ógnarsterkt landsliðið er. Kroos er þegar orðinn lykilmáður og Schürrle virðist skora í hvert skipti sem hann klæðist búningnum. Hinum léttleikandi Götze og Reus er hrein unun að fylgjast með. Þeirra kynslóð gerir það að verkum að Þýskaland er líklegt til afreka á öllum stórmótum næsta áratuginn.“



MARIO GÖTZE



TONI KROOS

SUMAR Á NORÐURLANDI

LAUGARDAGUR 2. JÚNÍ 2012

Kynningarblað Söfn, bæjarhátíðir, hvalaskoðun, náttúrufegurð, fossar og fuglaparadís



MYND/HEIDA.IS

SUMARHÚS OG FERÐALÖG



Sólarraflöður og fylgihlutir. 10-125w



Gas-eldavélar



Gas-ofnar



Sólarraflöður fyrir húsbíla og fellihýsi. Þunnar 130w



Kælibox gas/12v/230v



Gas-hellur



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Led-ljós = minni eyðsla



Gas-kælikápar 100 og 180 lítra



Gas-vatnshitavar 5 - 14 l/mín

Gleðilegt sumar!

Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577 1515 • skorri.is • Opið virka daga frá kl. 8.15 til 17.30



Valdís Lilja Valgeirsdóttir í sólgulri brekku fifla í hjarta Akureyrar.

FEURSTA FLJÓÐIÐ NORÐAN HEIÐA

Akureyska menntaskólamaerinn Valdís Lilja Valgeirsdóttir var krýnd Ungfrú Norðurland í Sjallanum um nýliðna hvítasunnuhelgi.

Hvernig tilfinning er að vera fegursta norðlenskra kvenna?

Pótt það sé hinn mesti heiður myndi ég aldrei telja mig þá fegursta á Norðurlandi. Hér fyrir norðan eru margar gullfallegar stelpur og ég vildi að það hefði verið hægt að setja allar stelpurnar í fyrsta sæti.

Hvers vegna telurðu að þú hafir staðið uppi sem sigurvegari?

Ég hafði gaman af ferlinu, var jákvæð og dugleg að mæta á æfingar. Naut þess að vera í skemmtilegum félagskap og vonandi hafði það eitt hvað að segja um hvernig persónuleiki ég er en ekki eingöngu útlitið.

Hvað lærðir þú um sjálfa þig í fegurðarsamkeppninni?

Að ég get verið skipulögð þegar á reynir. Samhliða æfingum var ég í próflestri og fór í fyrsta prófið í MA daginn sem keppnin var. Ég tel að undirbúningurinn hafi hjálpað mér mjög mikið við að efla framkomu mína og tjáningu og að koma fram fyrir stóran hóp af fólki.

Hvernig geturðu látið titilinn verða öðrum til góðs?

Nú þegar höfum við stelpurnar sem tókum þátt í Ungfrú Norðurland látið gott af okkur leiða. Við ræddum saman um hvað við vildum gera til að kynnast betur og ákváðum að safna peningum til styrktar góðu málefni. Fyrir valinu varð Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, en við bökuðum bollakökur og seldum við góðar undirtektir í Hlíðarfjalli á uppstigningardag.

Hversu mikilvægt er að líta vel út?

Það er ekki aðalmálið að vera í flottustu fótunum og mikið málaður. Ég legg meiri áherslu á að mér líði vel líkamlega og er dugleg að hreyfa mig. Það hefur áhrif andlega. Þegar þetta tvennt fer saman líður manni vel og þá lítur maður vel út.

Hvað líkar þér best við að búa á Akureyri?

Mér finnst þægilegt hvað er stutt á milli staða og hér hefur maður allt til alls. Stutt er í náttúruna og alls kyns afþreyingu. Bærinn hefur vinalegt yfirbragð, er mjög hlýlegur og flestir finna hvað samfélagið er stresslaust.

Hvert færir þú með gestkomandi jafnaldrá þína til að upplifa sem best töfra og sjarma Akureyrar?

Í Kjarnaskóg sem er skemmtilegur útivistarstaður rétt fyrir utan Akureyri.

Hvert er best geymda leyndarmálið á Akureyri?

Brynjuísinn, en uppskriftn er einmitt leyndarmál.

Hvert stefnirðu í lífinu?

Ég ætla að klára stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Síðan langar mig að sjá heiminn og fara í nám tengt einhvers konar hönnun.

Hvert er mikilvægasta verkefni ungs fólks á Íslandi í dag?

Að láta sér líða vel og nýta þau tækifæri sem gefast til menntunar eða vinnu.

Ertu sátt við þjóðmálin sem snúa að ungu fólki?

Ég hef ekki svo mikið spáð í þau en ungt fólk hefur margs konar möguleika til að tjá sig og segja skoðun sína á þjóðmálunum, og er að ég held duglegra að láta í sér heyrna nú en áður var.

Hvað einkennir Íslenskar ungar konur í dag?

Þetta eru algerar kjarnakonur.

Að hverju leitarðu í fari vina?

Heiðarleika, gleði, trausti og að þeir vilji koma fram við mig eins og þeir vilja að ég komi fram við þá.

Hvað er ást í þínum huga?

Ást byggist á kærleika, trausti og heiðarleika. Að geta verið maður sjálfur í návist manneskju, skemmt sér og notið lífsins. Þá myndast sérstök tengsl sem er einfaldlega ekki hægt að útskýra; rétt eins og við kærastinn minn höfum.

Ef þú gætir komið einum skilaboðum á framfæri við heiminn, hver væru þau?

Að fólk sé samkvæmt sjálfu sér, heiðarlegt í samskiptum og reyni ekki að vera annað en það er. Komi fram við náungann eins og það vill að aðrir komi fram við það.

Garðpartý og Valash

Haldið verður upp á 50 ára afmæli Minjasafnsins á Akureyri um helgina. Andi sjöunda áratugarins mun svífa yfir vötnum og boðið verður upp á Valash.

Það kom að því, við erum orðin miðaldra," segir Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, hlæjandi þegar blaðamaður slær á þráðinn til hans, en um helgina verður haldið upp á 50 ára afmæli safnsins. Hann vill þó ekki kalla safnið stofnun, þó það sé komið á svo virðulegan aldur.

„Nei, alls ekki. Við erum miklu frekar hluti af fjölskyldunni í samfélaginu hér á Akureyri. Þess vegna bjóðum við í garðpartý og afmæliskökur eins og í alvöru fimmtugsafmæli," bætir hann við.

Andi sjöunda áratugarins mun svífa yfir vötnum alla helgina en afmælishátíðin stendur milli klukkan 14 og 16 í dag og á morgun. Starfsfólk klæðir sig upp á eftir tísku ársins 1962 og slegið verður upp balli í garðinum við undirleik Danshljómsveitar Snorra Guðvarðar. Dansflokkurinn Vefararnir mun tjútta með gestum og allar veitingar verða í anda Akureyrar sjöunda áratugarins.

„Við létum sérstaklega framleiða fyrir okkur Valash, appelsínudrykk sem var framleiddur hér í bænum á árum áður. Þá verður auðvitað Conga- og Bragakaffi á boðstólum auk þess sem hið aldargamla Kristjánsbakarí sér um kaffibrauðið. Á sunnudeginum verðum við með fjölskylduhátíð, kökuhlaðborð og blöðrur. Matthias Jochumson vildi ekki missa af þessu, þó hann sé löngu farinn yfir móðuna miklu, og verður hér á rabbi við gesti," segir Haraldur.

Til að fullkomna „nostalgíuna“ verður einnig opnuð ljósmyndasýning með 300 ljós-



Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, slær upp afmælisveislu í anda sjöunda áratugarins ásamt starfsfólki. Minjasafnið er hálfra aldar gamalt. MYND/HEIÐA.IS



Skemmtilegt augnablik í miðbæ Akureyrar frá sjöunda áratugnum.

MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI



Minjasafnið á Akureyri á yfir þrjár milljónir ljósmynda. Í dag verður opnuð sýning á 300 myndum sem sýna bæjarlífið á tímabilinu 1862 til 2012.

MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

myndum af bæjarlífinu á Akureyri á tímabilinu 1862 til 2012. Haraldur vonast til að sjá sem flesta um helgina.

„Þetta verður skemmtileg garðveisla og ég hvet fólki til að kíkja til okkar ef það vill fanga Akureyri.“

Perla Norðursins

Byggðasafnið Hvoll er bæði hefðbundið minjasafn og náttúrugripasafn. Þar er einnig stofa tileinkuð Kristjáni Eldjárn, fyrrverandi forseta.

Byggðasafnið á Dalvík er í Hvoli við Karlsraudatorg og er fræðandi og skemmtilegt safn. „Það er góð dagsferð frá til dæmis Akureyri að skella sér til Dalvíkur með hópá til að skoða safnið, fara í hvalaskoðun og sund eða bara að ganga um lítið fiskiþorp á norðurhjaraldar. Þetta er hefðbundið minjasafn sem vinnur samkvæmt safnalögum í hvítvetna," segir Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafnsins.

„Sumardagskrá safnsins er að fara af stað og er hún mjög girnileg. Hún samanstendur af fræðilegum erindum og tónlist. Sem dæmi má nefna að þann 23. júní mun Kristján E. Hjartarson segja sögu gamalla húsa á Dalvík og þann 5. ágúst flytur tríóið Tvær á palli með einum kalli tónlist úr ýmsum áttum auk fjölda annarra skemmtilegra uppákoma í allt sumar.“

Auk þess að vera hefðbundið minjasafn er náttúrugripasafn á Hvoli. Í fuglaherbergi safnsins eru yfir hundrað tegundir uppstoppaðra fugla. Einnig eiga tveir þjóðþekktir Svarfdælingar sínar stofur á safninu. „Í ljósi þess að forsetakosningar eru að bresta á er skemmtilegt að nefna að hér er stofa sem tileinkuð er Kristjáni Eldjárn, fyrrverandi forseta. Hér á einnig Jóhann Svarfdælingur, sem eitt sinn var hæsti maður heims, sína stofu. Allir eru hjartanlega velkomnir á þetta fallega safn, sem hefur verið kölluð perla norðursins," segir Íris Ólöf.

Nánari upplýsingar um safnið má finna á heimasíðu þess, Dalvikurbyggð.is/byggðasafn.



Jóhann Svarfdælingur er annar tveggja þjóðþekktara einstaklinga sem eiga stofur tileinkaðar sér á Byggðasafninu á Dalvík.

Syngjandi íbúar sem elda súpu

Um 30 þúsund manns heimsóttu Dalvík á Fiskidaginn mikla á síðasta ári. Undirbúningur er hafinn fyrir næsta Fiskidag og er búist við öðrum eins fjölda og í fyrra. Íbúar elda súpu fyrir gesti á föstudeginum þegar hátíðin hefst.

Fiskidagurinn mikli á Dalvík hefur sannarlega slegið í gegn því gestum fjölga á frá ári. Þessi vinsæli dagur er alltaf

helgina á eftir verslunarmannahelginni og að sögn Svanfríðar Jónasdóttur bæjarstjóra er alltaf gott veður. Hún segir jafnframt að mikið hafi verið gert í bæjarfélaginu á undanförunum árum til að byggja upp ferðaþjónustu, nýlega var til dæmis opnaður pólskur bar.

„Ýmislegt skemmtilegt hefur verið að þróast í kringum Fiskidaginn. Við verðum með tónlistarhátíð dagana á undan sem nefnist Bergmál. Hún dregur nafn sitt af menningarhúsinu okkar, Berg. Þetta er hálfklassísk menningarhátíð en í sumar verður Sigríður Thorlacius með okkur ásamt fleirum þekktum tónlistarmönnum. Það er því upplagt fyrir fólk að koma fyrir í bæinn og upplifa áhugaverða tónlistardagskrá,“ segir Svanfríður.

Frjór tónlistarfarvegur

„Upphaflega þróaðist hátíðin með tónlistarnemendum sem voru að ljúka námi erlendis. Margir þekktir tónlistarmenn eru ættaðir úr Svarfæddardalnum. Ég get nefnt Friðrik Ómar, Matta Matt og Eyþór Inga sem allir eru að gera það gott um þessar mundir. Það er frjór tónlistarlegur farvegur í þessari sveit og héðan á

til dæmis Þórunn Ashkenazy ættir að rekja,“ segir Svanfríður og bætir því við að sex kórar séu starfandi á Dalvík en íbúar eru um 2000.

Allir þekkja veðurklúbbinn á Dalvík en það eru íbúar Dalbæjar, dvalarheimilis aldraðra sem gefa út veðurspá mánaðarlega. Hún reynist ekki síður rétt en hjá veðurfræðingunum.

Gönguvika

„Það er margt að gerast hér á næstunni. Við verðum með gönguviku dagana 23. júní til 1. júlí. Þá stendur Ferðafélag Svarfædla, í samvinnu við leiðsögumenn, fyrir gönguviku um fjöll og láglandi í sveitarfélaginu eins og undanfarin sumur. Þá verður nokkrum sinnum í sumar gengið um Dalvík með Kristjáni E. Hjartarsyni sem segir sögu gamalla húsa. Síðan vil ég nefna sýninguna Friðland fuglanna sem er að Húsabakka en það er áhugaverð og nýstárleg sýning um fugla fyrir fólk á öllum aldri. Utandyra er svo Friðland Svarfædla, þar sem er fjölbreytt fuglalíf og búið að setja upp skilti með plöntunöfnum og um fuglana, ásamt því að komin eru tvö fuglaskoðunarhús,“ greinir Svanfríður frá. „Síðan vil ég nefna hvalaskoðunarmöguleikana sem alltaf eru að þróast. Það er samhugur í fólki hér,“ segir Svanfríður og bendir á heimasíðuna dalvik.is.

elin@365.is



Um 30 þúsund manns heimsóttu Dalvík á Fiskidaginn mikla í fyrra en þeim hefur fjölgað ár frá ári.

Spennandi utanlandsferðir fyrir norðanmenn

Ferðaskrifstofa Akureyrar býður upp á beint flug til borga í Evrópu og Bandaríkjana í sumar og haust.

Nú geta Akureyringar og nærsveitarmenn keypt beint flug frá Akureyri til borga í Evrópu og Bandaríkjunum. Ferðaskrifstofa Akureyrar selur ferðir með Icelandair til áfangastaða þeirra í Evrópu og Bandaríkjunum. Ragnheiður Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Akureyrar, segir mikinn tímasparnað fólgin í því fyrir norðanmenn að fljúga beint frá Akureyri en millilent er í Keflavík þar sem farþegar skipta um vél. „Icelandair mun bjóða upp á tengiflug frá Akureyri fjórum sinnum í viku við flugáætlun sína til Evrópu og Bandaríkjana. Boðið er upp á þessi flug seinnipartinn á fimmtudögum, föstudögum, sunnudögum og mánudögum.“ Þannig nái farþegar til dæmis seinna fluginu til London, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Brussel og Osló ásamt fleiri stöðum í Evrópu. Farþegar ná einnig seinni flugum til Bandaríkjana en Icelandair býður upp á fjölda spennandi áfangastaða í sumar. Þar má meðal annars nefna Wasington, New York, Boston, Seattle og Denver. Á heimleið er

tenging við öll flug Icelandair sem eru að koma til landingar í Keflavík um miðjan daginn. Flugid frá Akureyri hefst 7. júní og stendur yfir til loka september.

Mikill tímasparnaður

Starfsmenn Ferðaskrifstofu Akureyrar hafa orðið varir við áhuga norðanmanna. Þar spila bæði inn í spennandi áfangastaðir en ekki síður sá tímasparnaður sem hlýst af beinu flugi enda styttist ferðalagið um hálfan sólarhring. „Hvort sem um skemmtiferð eða vinnuferð er að ræða þá teljum við þetta frábæran kost fyrir okkur norðanmenn að fá þessa tengingu og til þess að það verði grundvöllur fyrir þessu flugi áfram á næstu misserum verðum við að nýta þetta.“ Fáein ár eru síðan sambærilegar ferðir voru í boði en þetta er í fyrsta skiptið sem slíkar ferðir eru kynntar með jafnlöngum fyrirvara. „Síðan bjóðum við upp á spennandi pakkagerðir til London um miðjan júní og Brussel í lok júní. Við ætlum einnig að bjóða upp á fleiri pakkagerðir í ágúst og september bæði til Evrópu og Bandaríkjana. Þannig að norðanmenn hafa úr



Norðanmönnum standa til boða fjöldi spennandi áfangastaða í sumar og haust, segir Ragnheiður Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Akureyrar.

miklu úrvali að velja í sumar og haust.“

Kærkomin lyftistöng

Þar sem um beint flug er að ræða bendir Ragnheiður á að ekki sé hægt að bæta við flugi frá Akureyri til Keflavíkur eftir á. Þar þurfi allan miðann í upphafi milli Akureyrar og þess áfangastaðar sem flogið er til. Hægt er að bóka tengiflugið einnig aðra leiðina, ef áætlun hentar ekki við brottför eða heimkomu. Þannig er hægt að kaupa til dæmis Keflavík – Kaup-

mannahöfn - Akureyri og öfugt. „Við erum með ágætis verð á innanlandsflugi frá Reykjavík til Akureyrar fyrir þá farþega. Síðan gerum við okkur vonir um að flugið skili erlendum ferðamönnum til Akureyrar frá Bandaríkjunum og Evrópu. Það væri kærkomin lyftistöng fyrir ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi og fyrirtækin hér í kring.“ Ferðaskrifstofa Akureyrar er jafnframt með tvær ferðir í leiguflugi beint frá Akureyri (ekki með viðkomu í Keflavík) í haust í samstarfi við VITA. Ann-

ars vegar er vikufærð til Algarve í Portúgal 28. september til 5. október og er sú ferð fullbókuð. Hins vegar er um að ræða þriggja daga ferð til Dublin 1.- 4. nóvember og eru örfá sæti laus í þá ferð.



FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR



Nýjasta kaffihúsið á Akureyri er til húsa í gamalli söðlamiðju.

MYND/HEIDA.IS

KAFFI ILMUR NÝJASTA KAFFIHÚSIÐ Í BÆNUM

Akureyri er rík af kaffihúsum og veitingastaðum. Í stuttum göngutúr um miðbæinn má gróflega telja yfir tug veitingastaða, bara og kaffihúsa. Nýjasta kaffihúsið á Akureyri var opnað 19. maí og er til húsa í gamalli söðlamiðju í Skátagilinu. Það heitir Kaffi ilmur og segir kokkurinn á staðnum, Þórhildur Þórhallsdóttir, sólríkustu veröndina í miðbænum að finna fyrir utan húsið.

„Frá því við opnuðum hafa bara komið tveir dagar sem ekki var hægt að sitja úti. Við erum í algjöru skjóli fyrir norðanáttinni og erum með sæti fyrir 60 manns á veröndinni,“ segir hún. Kaffi ilmur hefur fengið góðar viðtökur og segir Þórhildur fólk ánæggt með að húsið hafi aftur fengið hlutverk.

„Það hafði verið íbúðarhús í mörg ár og á tímabili bjuggu í því þrjár fjölskyldur. Það var þó komið í niðurníðslu og því ákváðu Ingibjörg Baldursdóttir og hennar systkini, sem eiga húsið, að gera það upp og opna kaffihús og veitingastað. Á efri hæðinni bjóðum við súpu og salat og heimabakað brauð og kaffi og með því á neðri hæðinni,“ segir Þórhildur. Á staðnum er vínveitingaleyfi en Þórhildur tekur þó fram að Kaffi ilmur sé ekki bar. Opið er frá klukkan 9 á morgnana til 23 á kvöldin og verða uppákomur á pallinum í allt sumar. „Sumarið verður skemmtilegt, sólin ætlar að vera með okkur.“

Stundarkorn á spennandi áfangastað

Aukning er í fjölda ferðamanna sem sækja Norðurland heim. Flugfélag Íslands flýgur sjö til tólf ferðir til Akureyrar á dag og það tekur einungis 45 mínútur að skreppa úr höfuðborginni og upplifa eitthvað nýtt og spennandi.

Akureyrarflugvöllur þjónar öllu Norðurlandi með sjö til tólf flugferðum á dag til Akureyrar fyrir þá fjölmörgu sem þurfa á þessum almennings-samgöngum að halda. „Viðskiptavinir okkar fljúga með okkur til að sækja þjónustu, læknisaðstoð, heimsækja ættingja og vini, vegna vinnu eða til að njóta allrar þeirra náttúru og menningu sem er í boði á Norðurlandi,“ segir Ari Fossdal, stöðvarstjóri hjá Flugfélagi Íslands á Akureyri.

Sérstakt átak er í gangi hjá Flugfélagi Íslands til að auka fjölda þeirra erlendu ferðamanna sem sækja Norðurlandið heim og hefur það átak farið vel af stað. Boðið er upp á afþreyingarferðir fyrir hópa og einstaklinga. „Fjölmargar dagsferðir undir stjórn fararstjóra eru í boði hjá okkur, meðal annars ferðir til Mývatns, hvalaskoðunarferðir og norðurljósaferðir,“ segir hann.

Það er einnig mikil aukning í þeim fjölda íslenskra ferðamanna sem sækir Norðurlandið heim. „Það er orðið mjög vinsæll áfanga-



Ari og hans fólk hjá Flugfélagi Íslands á Akureyri leggja mikla áherslu á stundvísi, hraða og einfaldleika í þjónustuferli sínu.

MYND/HEIDA

staður hjá Íslendingum sem vilja komast burt úr vananum og skreppa í leikhús, á skíði eða upplifa menningu norðursins. Það er mikið um að fólk komi hingað í árshátíðarferðir eða vinnustaðarferðir og að saumaklúbbar eða aðrir hópar komi og skemmti sér saman. Það tekur einungis 45 mínútur að koma hingað og upplifa eitthvað nýtt og skipta um umhverfi.

Flugið er samgöngumáti sem

margir nota reglulega. „Mikill fjöldi viðskiptavina okkar er fólk sem kemur hingað reglulega, nokkrum sinnum í viku eða jafnvel daglega. Þeir nota þetta sem ákveðinn samgöngumáta, svipað og strætó. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á stundvísi, hraða og einfaldleika í þjónustuferlinu. Stór hluti viðskiptavina okkar er farinn að bóka sig sjálfur á Flugfélag.is enda er ódýrast að nota þann möguleika,“ segir Ari.



FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillsvæsluna

Pykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

Einfalt og gott!



Pykkvabæjar

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFID SJÓNVARP

FIMM ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

VÍSIR
- oft á dag

Líf og fjör hvert sem litið er

Mun fleiri ferðamenn hafa heimsótt Fjallabyggð eftir að Héðinsfjarðargöng opnuðu. Á svæðinu er mikil náttúrufegurð og fjöldi safna og veitingastaða þannig að allir ættu að finna þar eitthvað við sitt hæfi.

Mikil uppbygging hefur verið í Fjallabyggð undanfarin ár og hefur ferðamannastraumurinn þangað aukist mjög eftir að Héðinsfjarðargöng opnuðu. „Hér er mikið um að vera og margir viðburðir á dagskrá í sumar, bæði tónlistar- og myndlistarviðburðir. Einnig hafa hér á undanförunum misserum opnað nokkrir veitingastaðir þannig að hér iðar allt af lífi,“ segir Karítas

Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar. „Í sumar verður hér á Siglufirði í fyrsta sinn lista- og hönnunarhátíð. Þetta er alþjóðlegt samstarfsverkefni skapandi greina sem kallast Reitir. Einstaklingar ólíkra greina koma saman, eins og hönnuðir og landslagsarkitektar ásamt sérfræðingum í félags- og raunvísindum.

Hér eru ótal mörg gallerí og listavinnustofur sem bæði erlendir og innlendir listamenn leigja. Þetta gerir samfélagið hér alþjóðlegra, skapar nýja menningu og setur nýjan og ferskan svip á bæinn,“ segir hún.

Í Fjallabyggð er óvenjumikið af söfnum. „Hér er Síldarminjasafnið sem er stærsta sjóminja- og iðnarsafn landsins og Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar, þar sem má skoða gömul hljóðfæri og hlusta á gömul þjóðlög. Þau eru bæði á Siglufirði. Nýjasta safnið á Siglufirði er Ljóðasetur Íslands þar sem hægt er að kynna sér kveðskap, skoða



Síldarminjasafnið á Siglufirði.

Ljóðabækur, drekka kaffi og hafa það huggulegt. Á Ólafsfirði er svo Náttúrugripasafn þar sem meginuppistaða safnsins er fuglar en einnig sjaldgæfar fisktegundir úr Ólafsfjarðarvatni.

Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og mikið af skemmtilegum, merktum gönguleiðum þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ólafsfjarðarvatn er mjög sérstakt vatn sem er friðað. Þar flýtur ferskvatn ofan á saltvatni. „Í vatninu veiðast sérstakar fisktegundir sem kallast röndungur og hnúðlax. Hægt er að sjá þær uppstoppaða í Náttúrugripasafninu,“ segir Karítas.

Frekari upplýsingar um það sem er að gerast í Fjallabyggð á næstunni má finna á vefsíðunni Fjallabyggð.is.

Lista- og hönnunarhátíðin Reitir verður haldin í Fjallabyggð í sumar. „Þetta er í fyrsta skipti sem svona hátíð er haldin hér í Fjallabyggð,“ segir Karítas.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



BJARTIR DAGAR Í FIRÐINUM

Lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar stendur nú yfir í Hafnarfirði. Margt er í boði og má nefna söngleik, leikskólast, fjölbreytta tónleika, grínkvöld, fuglaskoðun, álfagönguferðir og margt fleira.

TAIFUN - 20% AFSLÁTTUR




Skoðið á laxdal.is

**BERNHARD
LAXDAL**

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Sumarkjólar og skokkar



Kjöll á 7.200 kr.
Litur: kóngablátt og rautt

Klútur á 1.690 kr.
Fleiri litir

Bæjarlind: Opið í dag kl. 10 - 16
Eddufell: Lokað í dag

Ríta

Bæjarlind 6 Eddufelli 2
S. 554 7030 S. 557 1730
www.rita.is



Við erum á Facebook



SÖNN SJÓMANNNSÁST

SJÓMANNABRÚÐKAUP Sjómannadagshelgin verður sveipuð ástarljóma og rómantik hjá stýrimanninum Jóni Helgasyni sem kvænist ástmey sinni í dag.

Við völdum sjómannadagshelgina fyrir brúðkaupsdag því þá er pottþétt að báturinn er í landi. Ástarsaga okkar hófst líka á sjómanna-daginn fyrir tveimur árum þegar ég hafði það af að bjóða gamalli skólasystur út, en þá var ég í fyrsta skipti barnlaus um sjómannadagshelgi. Síðan höfum við verið saman og allt í eins góðum málum og hægt er,“ segir vélstjórinn og stýrimaðurinn Jón Helgason sem í dag gengur upp að altarinu í Keflavíkurkirkju með Ástu Pálinu Hartmannsdóttur. Jonni er stýrimaður á togveiðiskipinu

Oddgeiri EA 600 sem landar í Grindavík. Hann fór fimmtán ára á sildarvertíð haustið 1984 og hefur glaður stigið ölduna allar götur síðan.

„Sjómennska er fyrst og fremst vel launað starf, en þau laun eru í fullu samræmi við vinnuna um borð. Suma mánuði einkennist sjómennskan af eynd og volæði úr sjó en svo kemur gott fiskerí og þá kylast launin upp,“ útskýrir Jonni. Hann segir sjómenn sundurleitan hóp og enga áhöfn, bát né veiðarfæri eins.

„Sjómenn eru sérstakur hópur og víst að vinnan er ekki fyrir alla. Þeir eiga sér

HETJA HAFSINS

Jonni hefur aldrei upplifað sjóveiki. Hann segist dást að fjöllum þegar hann sjái þau úti á hafi og alltaf sé bónus að sjá til lands.

MYND/GVA

FRAMHALD Á SÍÐU 2

FLOKKASKRÁ 2012

VINDÁSHLIÐ

1. flokkur/ 11.-16. júní/ 9-11 ára Fullt
 2. flokkur/ 18.-23. júní/ 11-13 ára Fullt
 3. flokkur/ 25.-30. júní/ 10-12 ára Fullt
 4. flokkur/ 2.-7. júlí/ 12-14 ára Fullt
 5. flokkur/ 9.-14. júlí/ 9-10 ára
 6. flokkur/ 16.-21. júlí/ 10-12 ára
 7. flokkur/ 23.-28. júlí/ 13-15 ára
 8. flokkur/ 7.-11. ágúst/ 9-12 ára
 9. flokkur/ 13.-18. ágúst/ 11-13 ára Fullt
- Kvennaflokkur/ 31. ágúst -2. sept 18.-99. ára
Mæðgnaflokkur/ 14.-16. september 6.-99. ára
ævintýraflokkur óvissuflokkur

HIN ÁRLEGA

KAFFISALA

Á SUNNUDAGINN

Verið velkomin
á kaffisölu í Vindáshlíð
sunnudaginn 3.júní
kl. 14.00-17.00

Allir hjartanlega velkomnir

Frekari upplýsingar á www.kfuk.is

20% afsláttur

Kjólar, Skyrtur og Pólóbolir.
Laugardag – Þriðjudags

mayoral



IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18,
laugardag 10-17



FAJITAS Á GRILLIÐ

Það er gaman að grilla í góðu veðri. Upplagt er að breyta aðeins til og prófa eitthvað nýtt. Mexíkóskur matur er vinsæll hjá öllum aldri og vel er hægt að nota útigrillið og búa til suðræna stemningu.

Mexíkóskur matur er afar vinsæll og upplagt að nota útigrillið til að útbúa fajitas. Það eru tortilla-kökur sem vafðar eru um kjöt og grænmeti. Hægt er að nota grillaðan kjúkling eða nautakjöt í þennan rétt. Sömuleiðis er mjög gott að grilla paprikur og kúrbít og setja með kjötinu í kökurnar. Uppskriftin miðast við tvo.

300 g nautakjöt eða kjúklingabringur
½ krukka niðursettur jalapeno með vökvanum
1 laukur
1 paprika
1 krukka salsasósa
6 hveiti-tortillur
1 dós mexíkóskar

baunir
1 krukka guacamole (eða heimager) 1 dl sýrður rjómi
Marinerið kjötið með jalapeno og vökvanum í 30 mínútur. Kryddið með salti og pipar.

Grillið kjötið, laukinn og paprikuna á útigrilli og skerði síðan niður í strimla. Grillið því næst tortillurnar og fyllið þær síðan með kjöti, grænmeti og sósum. Einnig má bera sósurnar fram sér.



GOTT GOTT
Mexíkóskur matur er alltaf vinsæll.



Í upphafi ætlaði Ásta að kenna Jonna golf og hann henni á mótörhjól. Í dag hefur hann farið eitt sinn í golf en hún komin á hjól.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

annað heimili og aðra fjölskyldu úti á rúmsjó, fjarrí fjölskyldu og ástvinum. Ég hef aldrei unnið með konu til sjós og því mikið karlaumhverfi um borð. Því þarf aðlögunarhæfni sjómanna að vera sveigjanleg því um borð ríkja allt aðrar hefðir en með fjölskyldunni í landi.

Á Oddgeiri eru tíu sjómenn á aldrinum níttján til 69 ára, en sá elsti er skipstjórninn.

„Ég hef alltaf unnið á fiskiskipum því þau gefa mest af sér og hafa stystu útiveruna. Við erum úti frá þremur upp í sex daga og lengur vil ég ekki vera frá börnum og konu. Lögbundnir frídagar eru fjórir í mánuði og á meðan fiskvinnsla liggur niðri í landi um helgar er fínt að láta sjómenn vera úti til að koma með ferskan fisk á mánudögum,“ segir Jonni sem stendur sextán tíma vaktir um borð og fær átta tíma frívakt á móti. „Það er ekki verra en önnur rútína; maður hefur hvort eð er ekki annað að gera en að vinna og getur svo labbað beint inn í koju.“

Jonni segir engan dagamun eiga sér stað um borð hjá sjómönnum um helgar.

„En maður veit að það er sunnudagur þegar ilmur af steiktu lambalæri berst úr ofni kokksins. Ég man líka þá tíð þegar sjómenn tóku í spil eða lásu á frívaktinni, en vídeóið drap þá menningu. Nú

hafa hljóðbækur reyndar tekið við og er þægilegt að leggjast með góða sögu í eyrum þegar maður nennir ekki að glápa á véðó.“

Á sjó er ekki hægt að hlaupa út í horn í fýlu. Því verða menn að umbera hvorn annan þótt þeir hafi hvor sína skoðun á hlutunum eða séu ósammála, eins og gengur.

„Við tölum um allt á milli himins og jarðar, eins og gerist á kaffistofum annarra vinnustaða. Hjá öllum ríkir söknuður eftir fjölskyldunni en við vælum ekki út af því og enginn er eyðilagður um borð. Þannig menn geta einfaldlega ekki verið til sjós.“

Núorðið tekur Jonni minni þátt í hátíðahöldum sjómannadags en áður.

„Sjómannadagurinn er ekki lengur dagur sjómannsins. Því finnst mér best að koma mér af bryggjunni og upp í sveit með fjölskyldunni. Auðvitað er gaman að fara annað slagið til að hitta aðra sjómenn og sjá þá spari-klædda á bryggjunni í stað skítagallans. Hins vegar efast ég um að gamalreyndir sjómenn nenni að standa í biðröðum eftir koddaslag eða standa í peningaplokki veitingahúsaeigenda á sjómannadaginn. Viðhorfið er svo vitaskuld öðruvísi ef menn eru nýbyrjaðir á sjó og vilja njóta sín sem hetjur hafsins,“ segir Jonni og bætir við að sjómannadagurinn sé orðinn

að skemmtihátíð fyrir börn og fjölskyldufólk í landi.

„Það væri viðeigandi að koma til móts við kröfur sjómanna á þessum degi. Skattaafslátturinn er farinn, búið að semja af okkur 1. maí-fríið og ekki hlustað á kröfur okkar um að allur fiskur fari á markað til að jafna laun sjómanna. Ég vil gjarnan borga skatta en get til dæmis ekki treyst á að sjá sjónvarp á sjó þótt ég þurfi að borga sjónvarpsskatt. Þá slít ég ekki vegakerfinu á sjó né næ símasambandi þar. Sjómenn starfa órægu frá heimilum sínum og eru þar eins og hálfgerðir gestir. Því væri sanngjarnast að þeir nytu sömu kjarar og aðrir launamenn sem fá dagpeninga þegar þeir starfa að heiman því það kæmi sjómönnum betur fjárhagslega. Svona er endalaust klipið af kjörum sjómanna en eitthvað þarf að koma í staðinn svo ungr Íslendingar vilji mennta sig og starfa til sjós,“ segir Jonni.

Þegar klukkan slær þrjú í dag verða þau Jonni og Ásta orðin hjón. Valdimar syngur í kirkjunni og svo tekur við brúðkaupsveisla, brúðkaupsnótt og einn hveiti-brauðsdagur áður en Jonni fer aftur út á sjó á mánudag.

„Ég vil kvænast til að vera sáttur við Guð og menn. Ásta er fallegasta kona sem ég hef séð og sú eina rétta fyrir mig. Þetta er því ekkert flókið og ég hlakka sannarlega til.“ ■ thordis@365.is

Glæsileg í frakka frá Topphúsinu 20% afsl. af frökkum í dag.

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opíð mán - fös 10-18, laugardaga 10-16, www.toppusid.is

TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA

GRAFARVOGSDAGURINN HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í DAG

Grafarvogsbúar og gestir þeirra eiga mikla skemmtun í vændum í dag þegar haldið verður upp á Grafarvogsdaginn í fjórtánda sinn. Deginum er ætlað að sameina íbúa hverfisins.

Grafarvogsdagurinn verður haldinn hátíðlegur í dag. Dagurinn hefur verið haldinn árlega síðan 1998 og hefur honum frá upphafi verið ætlað að sameina íbúa hverfisins og skapa þeim tækifæri til að hittast, skemmta sér og öðrum og koma því menningarstarfi sem fram fer í hverfinu á framfæri. Dagskráin er fjölbreytt og höfðar til ungra sem aldinna. Hún hefst klukkan níu um morguninn á pottakaffi í Grafarvogslaug og stendur yfir til fjögur. Þá hefst leikur Fjölnis og KA í úrvalsdeild karla í knattspyrnu og munu klappstýrir sýna atriði í hálfleik.

Hátíðarhöld verða á útivistarsvæði Gufunesbæjar, hoppukastalar, hestar og fleira verða á útivistarsvæði og í Hlöðunni munu Korpúlfar, samtök eldri



borgara í Grafarvogi kynna starf sitt. Einnig verður opið hús hjá Íslenska gámafélaginu og margt fleira verður til skemmtunar. Íbúar og fyrirtæki eru hvött til að draga fána að húni og skreyta hús sín í litum síns hverfis og enda daginn á götugrilli.

LÍF OG FJÖR
Dagskráin hefst klukkan níu með pottakaffi í Grafarvogslaug og stendur yfir til fjögur
MYND/PIETUR

UPPLIFÐU FRELSIÐ!
Verið velkomin í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.

Sýnum og seljum húsbíla frá Touring Cars Iceland á verði sem kemur á óvart.
Verð frá 4.990.000.-

Komið og skoðið LMC hágæða hjólhýsin í nýjum sýningarsal!
Verð frá 4.395.000.-

P. KARLSSON EMPH.
Sími: 517-5200
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
www.lmc.is

LMC
Fimm stjörnu ferðafrelsi!
P. Karlsson er umboðsaðili LMC á Íslandi

Opunartímar:
Virka daga: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ego dekor

TV skenkur -hvítt háglans

-25%



Breidd: 200cm - Verð: 125.000,-
Tilboðsverð: 93.750,-

Breidd: 160cm - Verð: 108.000,-
Tilboðsverð: 81.000,-



-20%

AMBER tungusófi

Stærð: 290X165
Verð: 242.000,-

Tilboðsverð: 193.600,-

-25%

Sófaborð

Hvítt gler/króm
Stærð: 130X70

Verð: 58.000,-

Tilboðsverð: 43.500,-



-20%

LUND tungusófi

Stærð: 230X157 Verð: 174.000,-
Tilboðsverð: 139.200,-

SUMARTILBOÐ

-20%



SICILY tungusófi

m/h.tungu Stærð: 268X165

Verð: 229.000,-

Tilboðsverð: 183.200,-



-25%

SCARLET tungusófi

m/v.tungu Stærð: 310X180

Verð: 244.000,-

Tilboðsverð: 183.000,-

-20%



HARLOW tungusófi

m/v.tungu Stærð: 296X192

Verð: 244.000,-

Tilboðsverð: 195.200,-



-20%

SECRETO hornsófi

m/v.tungu Stærð: 282X222

Verð: 274.000,-

Tilboðsverð: 219.200,-

NÝ SENDING AF STÓLUM



TIFFANY
19.800,-



ARIANA
29.900,-



TORINO
16.900,-



MONET
19.900,-



TRENT
12.800,-



TESS
18.900,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

BÍLAR & FARATÆKI



FLOTTUR SPORTBÁTUR.
Til sölu 2007 árg. af sportbát með 90.hö Suzuki mótör, siglingatæki, 4 til 6 manna, vagn fylgir. Verð 3.790.000.- Rnr.124522. S.562-1717 og 866-9633.



TILBOÐ 3.990.000.-
TOYOTA LAND CRUISER 120 GX 33" Árgærd 2005, ekinn 168.þ km, dísel, sjálfskiptur, topp þjónustubók og mjög góður bill. Verð áður 4.580.000.- Tilboð 3.990.000.- Rnr.123925.



TILBOÐ 1.690.000.-
NISSAN PATROL GR. Árgærd 2003, ekinn 239.þ km, dísel, sjálfskiptur, topp þjónustubók. Verð áður 2.190.000.- Tilboð 1.690.000.- Rnr.310801.



VW GOLF TRENDLINE. Árgærd 2006, ekinn 171.þ km, 5 girar. Verð 1.190.000. Góð þjónustubók, ný timareim. Rnr.245358. Sími 562-1717.



TILBOÐ 1.580.000.-
FLEETWOOD AMERICANA SANTA FE 10". Árgærd 2007. Verð áður 1.890.000.- Tilboð 1.580.000.- Gott og lítið notað fellihýsi. Rnr.310979. Sími 562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



Nú er aðal sölutíminn.
Úrval ferðavagna á söluskrá og á staðnum, Ný Hobby hjólhýsi væntanleg. Áratuga reynsla af bilaviðskiptum, Endilega kikið við Bílas/Bílasala Akranes S:4312622/bilas.is

Bílasalan Bílas Akranes
Smíðuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas



Vegna mikillar sölu undanfarið öskum við eftir bílum á skrá, skráðu bilinn frítt á **bilfang.is** eða komdu í kaffi og við skráum og myndum fyrir þig!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



BMW 318ia. 04/1996, ekinn 205 þ km, sjálfskiptur, leður, bakmyndavél ofl. Ótrúlega flott eintak! Tilboðsverð 379.000 (ásætt 590þkr). Raðnr. 192514 - Kagginn er á staðnum!



SUBARU FORESTER PLUS 07/2007, ekinn 20.379 km, sjálfskiptur, álfelgur, kúla, bakskynjarar, upphækkaður, vindskeið, loftkæling ofl. Verð 2.790.000. Raðnr. 103694 - Billinn var að koma á staðinn!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



KIA Sorento. Árgærd 2006, ekinn 60 þ km, bensín, sjálfskiptur, krókur. Verð 1.780.000. Rnr.260257.



KIA Carnival Is Dísel. skrd. '06/2002, 7 manna, ekinn 163 þ km, sjálfskiptur. Verð aðeins 590.000. Vísa Euro allt að 100% Rnr.205267.



FLEETWOOD Grand touring cheyenne 10fet. Árgærd 2004, fortjald. Verð 1.470.000. Rnr.102965.



FRÁBÆR SUMARBÍLL Á TILBOÐI FORD E150 econoline xl v8 van. Árgærd 2003, ekinn 85 þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.400.000. Tilboð 1.965.000.- Gull fallgurur bíll á góðu verði, sjón er sögu ríkari er til sýnis á Korputorgi Rnr.101672.



BMW 3 320i. Árgærd 05/2005, ekinn 114 þ km, bensín, 5 girar. Verð 2.790.000. Rnr.181271.

Bíla kaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com



NÝTT COLEMAN SEDONA 8 fet, Markisa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.789.800kr, Komdu og skoðaðu,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00
http://www.isband.is



HONDA Vtx 1800c. Árgærd 2006, ekinn 10 þ km. Einstakur gripur Verð 1.890.000. Rnr.144497.

hjól.is
Sími: 577 4565
www.hjol.is



NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markisa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800kr., Komdu og skoðaðu


Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00
http://www.isband.is



Parftu að kaupa eða selja bíl?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



TOYOTA LAND CRUISER 90 GX 33". 01/2002, ekinn 198 þ km, dísel, Common rail, sjálfskiptur, nýtt lakk. Virkilega flottur bíll! Verð 2.490.000. Raðnr. 310139 - Jeppinn flotti er á staðnum!



NISSAN PATROL GR 35" 01/2007, ekinn 167 þ km (toppþjónusta), dísel, sjálfskiptur. Gott verð 3.770.000. Raðnr. 250255 - Jeppinn góði á staðnum!



MMC PAJERO INSTYLE 3.2 DÍSEL 05/2008, ekinn 80 þ km, dísel, sjálfskiptur, leður, vindskeið, filmur ofl. Verð 5.890.000. Raðnr. 250261 - Jeppinn fagri er á staðnum!

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



TILBOÐ TILBOÐ

PALOMINO Yearling iy-4103. Árgærd 2007, Fortjald Heitt vatn cd 230v sjónvarpslofnet. Verð 1.650.000. var á 1.890.000.- Rnr.260287. Flottur í ferðalagið

Bíla kaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com



NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markisa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Afsláttur 600.000kr, Verð aðeins 2.189.800kr, ATH takmarkað magn, Er á staðnum,



PALOMINO Yearling 4100 11Fet. Árg 7/2005, sólarsetla, Truma miðstöð, ísskápur, markisa, gasgrill ofl, Flott hýsi. Ásett verð 1.390.000. Rnr.161641. Er á staðnum,



STARCRAFT Offroad 10fet. Árg. 5/2007, Truma, ísskápur, fortjald, sólarsetla, Mjög flott hýsi, Ásett verð 1.990.000. Rnr.141482. Er á staðnum.



NISSAN Almera GX. Árg 6/2000, ek 184 þ km, bensín, 5 girar, Finn bill, 100% lán mögulegt VISA/EURO, Ásett verð 390.000. Rnr.192765. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Opel Astra OPC 2007 Ekinn aðeins 54.þ fyrir athugasemdalaust í gegnum skoðun. Filmur að aftan og mjög vel með farinn. Einn sá flottasti. Verð 2.290.000 tilboðsverð 1.890.000 Sími 845-2023.



Tilboð

Volvo XC90 2.5 Turbo Sjálfsk Árgærd 2004 ek 68.000 Milur Góð sumardekk Skoðaður Verð 3,1 Sími 865-6000



Viðskiptatækifæri

Skiltabil Renault Midliner árg. 1996 ekinn 140.000 Dísel. Beinskíptur, leiguværd er misjafnt getur verið allt að 90.000 fyrir vikuna. Verð á bilinn er 690.000 uppl. í síma 895-8873.



Til sölu Ford Transit Connect 1800-200L. TDCl, 5 dyra, dísel, beinsk. ek. 60 þ. Topp eintak. S. 892 0378.



MMC Pajero GLS DID. Árgærd 2004, ekinn 258 þ km, dísel, sjálfskiptur. Einn eigandi Tilboð í dag 1950 stgr. í síma 840-4090



Chrysler 300C hemi. Afar skemmtilegur bíll, 2007 árgærd ekinn um 47þús. Mjög vel með farinn, selst á 3,8m. Nánari upplýsingar í síma 853-8522.



Subaru Impreza árg. 1997 ekinn. 198.þ. ný timareim. Ný sk. fallgurur bíll V.390.þ. Uppl. 847-6400.



Mercedes Benz ML270 dísel. árg 2000. Ek. 338 þ. Bill í góðu standi. Þjónustubók. Ásett V. 1.300 þ. Tilboð 800þ. stgr. Uppl. 893-3605



Subaru Impreza - Wagon GX 2.0L 4wd - 5 dyra, árg. 2004. Sjálfsk, bensín. Ek. 92 þ. Nýsk. 2 eigendur, góð þjónustubók. Verð: 950 þús, s. 650 2037.



SUBARU Impreza GT. Árgærd 2000, mikið yfirfarinn, vél ofl. 5 girar. Tilboð 970.000.- stgr. Uppl. í síma 840-4090.

Til sölu



Porsche 911 Turbo Tech Art Stage 111 Breyttur 560 - 580 Hp
Tilboð 6,950,000.- Ásett verð kr 12,900,000.-



Nánari upplýsingar veitir
Bílasala Reykjavíkur í s. 587 8888



KENNSLURÁÐGJAFI ÓSKAST

Laus er til umsóknar staða kennsluráðgjafa á Skólaskrifstofu Suðurlands frá og með 1. ágúst 2012.

Helstu verkefni:

Ráðgjöf til kennara um kennsluhætti og leiðbeiningar til foreldra.
Greining á námslegri stöðu einstaklinga og hópa.
Athuganir á hegðun og líðan nemenda.
Mat á skólastarfi
Ýmis sérverkefni.

Menntunarkröfur:

Grunnskólakennararéttindi og framhaldsnám í sérkennslufræðum og/eða kennslufræðum.

Aðrar hæfniskröfur:

Mikil og góð færni í mannlegum samskiptum
Fjölbreytt kennslureynsla
Reynsla af teymisvinnu.

Ágæt laun eru í boði og vel að starfsmönnum búið til að sinna endur- og símenntun.

Umsókn um starfið, ásamt yfirliti um náms- og starfsferil sendist Skólaskrifstofu Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss fyrir 11. júní 2012.

Á vefslóðinni www.skolasud.is er að finna upplýsingar um skrifstofuna. Nánari upplýsingar veitir Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri í síma 480 8240 eða 862 9905 og/eða Ragnar S. Ragnarsson staðgengill framkvæmdastjóra í síma 480 8240 eða 861 8672.

Sérfræðingur á sviði umhverfisstjórnunar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði-, umhverfis- eða viðskiptafræði skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Nákvæmni.
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hóp.
- Góða kunnáttu á Excel.
- Góð enskukunnátta.

Starfssvið

- Innleiðing ISO 14001.
- Umsjón með grænu bókhaldi.
- Þjónustustjórnun á umhverfissviði.
- Eftirlit með umhverfiskerfum.

Við bjóðum

- Fjölbreytt verkefni.
- Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar.
- Gott starfsumhverfi.
- Vel samkeppnishæf laun.

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslu- og umhverfisverndar fyrirtæki landsins, með starfsemi á 5 stöðum, og rekur einnig dótturfélag í sömu starfsemi í Kanada. Starfsmenn eru um 70 talsins með dótturfélagi. Hringrás endurvinnur ýmis konar úrgang frá einstaklingum og fyrirtækjum og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar í ýmskonar varning. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun gjaldgæðis. Umsóknir sendist á starf@hringras.is fyrir 11. júní næstkomandi.



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Lögfræðingur

Fjármálaráðuneytið óskar eftir að ráða lögfræðing í fullt starf á tekju- og skattaskrifstofu ráðuneytisins.

Á tekju- og skattaskrifstofu er mótuð stefna um tekjuöflun ríkissjóðs í samráði við ráðherra og yfirstjórn ráðuneytisins. Skrifstofan fer með yfirstjórn skatta- og tollamála í landinu og þar fer fram undirbúningur og gerð lagafrumvarpa á því sviði. Skrifstofan er í nánnum samskiptum við starfsfólk skattstofnana, tollstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs auk erlendra samskipta og samstarfs. Á skrifstofunni starfa lögfræðingar, viðskiptafræðingar og hagfræðingar.

Menntunar- og hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi embættis- eða meistaraþróf í lögum auk marktækrar reynslu á sviði skattamála. Þeir þurfa að hafa gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti. Gerð er krafa um góða kunnáttu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandatungumáli. Starfið krefst frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og skipulagshæfni auk færni og lipurðar í mannlegum samskiptum

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Hæfileikaríkt fólk, konur og karlar, er hvatt til að sækja um. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ veitir frekari upplýsingar í síma 588-3031, en viðtalstími er frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið umsóknir og meðfylgjandi gögn rafrænt til stra@stra.is og skulu umsóknir berast eigi síðar en 25. júní nk.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gillt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auðglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stöð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDUR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leik- og grunnskólum Skólaárið 2012 - 2013

Leikskólar

Álfberg (555 3021 alfberg@hafnarfjordur.is)

Deildarstjóri
Leikskólakennarar

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar

Stekkjjarás (517 5920 stekkjjaras@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)

Deildarstjóri
Leikskólakennari
Leikskólasérkennari

Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)

Matreiðslumeistari

Hraunvallaskóli (590 2800 lars@hraunvallaskoli.is)

Skólaliðar
Stuðningsfulltrúi

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyarskoli.is)

Umsjónarkennari í 1. bekk

Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidstadaskoli.is)

Tónmenntakennsla (afleysing í eitt ár)
Danska og samfélagsfræði á unglingsstigi

Allar upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar viðkomandi skóla. Sjá einnig heimasíður skólanna.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2012.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.

Lausar stöður hjá Mannvirkjastofnun

Mannvirkjastofnun (MVS) óskar eftir að ráða metnaðarfulla og öfluga einstaklinga til starfa. Lögð er áhersla á frumkvæði við framfylgd og þróun verkefna sem falla undir starfssvið MVS.

Fagstjóri byggingarsviðs

Fagstjóri þróar og byggir upp virkt og uppbyggilegt samráð við hagsmunaaðila í samvinnu við forstjóra, samstarfsmenn og samstjórnendur. Hann skal fylgjast með og styðja við tæknilegar framfarir og nýjungar í byggingariðnaði með því að vera leiðandi á því sviði innan stofnunarinnar og sýnilegur út á við þegar við á.

Starfssvið:

- Leiðir og þróar hlutverk MVS á sviði eftirlits með framkvæmd byggingarmála
- Stjórnun stefnumótunar og markmiðssetningar sviðsins
- Ábygd á starfsmannahaldi sviðsins
- Gerð starfs- og verkefnaáætlunar fyrir byggingarsvið og eftirfylgni með henni
- Umsjón með leiðbeiningum til byggingamarkaðarins
- Fagleg ráðgjöf er varða þau mál er undir sviðið falla
- Þróun og útfærsla gæðamála í mannvirkjagerð
- Yfirumsjón með innleiðingu skoðunarhandbóka á sviði byggingarmála

Menntunar- og almennar hæfniskröfur:

- Próf í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði er skilyrði
- Löggilding til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis skv. 25. gr. laga nr. 160/2010 eða jafngild réttindi eru kostur
- Framhaldsmenntun á byggingarsviði er kostur
- Góð tungumálakunnátta jafnt í ræðu sem riti (Íslenska, enska og eitt Norðurlandamál)
- Stjórnunar- og leiðtogaþæfni
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður
- Samstarfs- og samskiptahæfni

Sérfræðingur á byggingarsviði

Starfssvið:

- Gerð skoðunarhandbóka
- Gerð leiðbeiningarblaða á sviði mannvirkjagerðar
- Gerð verklagsreglna og eyðublaða í tengslum við skoðunarhandbækur á sviði mannvirkjagerðar
- Samvinna við hagsmunaaðila í atvinnulífinu
- Upplýsingagjöf til þeirra sem leita til stofnunarinnar
- Þátttaka í stefnumörkun vegna tæknimála á byggingarsviði
- Undirbúningur reglugerða
- Markaðseftirlit með byggingarvörum

Menntunar- og almennar hæfniskröfur:

- Próf í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða arkitektúr er skilyrði
- Löggilding til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis skv. 25. gr. laga nr. 160/2010 eða jafngild réttindi eru kostur
- Framhaldsmenntun á byggingarsviði er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð tungumálakunnátta jafnt í ræðu sem riti (Íslenska, enska og eitt Norðurlandamál)
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður
- Samstarfs- og samskiptahæfni

Kerfisstjóri

Starfssvið:

- Annast uppsetningu, viðhald, uppfærslur og rekstur á netþjónum ásamt netumsjón
- Uppsetning og breytingar á vélbúnaði
- Notendaaðstoð
- Ráðgjöf og samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Eftirlit með rekstri og bilanagreining
- Kostnaðaráætlanir og innleiðing ferla
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Reynsla af rekstri vefkerfa
- Reynsla af rekstri gagnagrunna
- Reynsla af rekstri netkerfa
- Mjög góð enskukunnátta
- Afburðahæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulipurð
- Sjálfstæði í starfi og geta til að vinna undir álagi

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störf. Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Sækja skal um störf rafrænt í gegnum tengil sem má finna á heimasíðu Mannvirkjastofnunar: www.mvs.is og í auglýsingu stofnunarinnar á starfatorg.is

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is), ráðgjafar hjá Capacent. Úrvinnsla umsókna fer fram hjá Capacent.

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Já Ísland er sameiginlegt verkefni og vettvangur Evrópusinna, einstaklinga og samtaka. Verkefni þess er að vinna að aðild Íslands að Evrópusambandinu með því að stuðla að hagstæðum aðildarsamningi og upplýstri og ófgalausri umræðu um aðildina.

Já Ísland auglýsir eftir traustum og kraftmiklum einstaklingi í ábyrgðarmikið og krefjandi hugsjónastarf. Leitað er að öflugum leiðtoga og einlægum Evrópusinna. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þekkingu á gangverki stjórnmála og fjölmiðla og hafa reynslu af félagsstörfum.

Starfssvið:

- Samskipti við fjölmiðla, opinbera aðila og hagsmunaaðila
- Samskipti við félagsmenn
- Skipulagning viðburða
- Efnisöflun og skrif á greinum og fréttatilkynningum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla í sviði fjölmiðla, almannatengsla eða stjórnmála er kostur
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Geta til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði

Umsjón með umsóknarferlinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

MARKAÐSSÉRFRÆÐINGUR



Íslandspóstur er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki sem keppir að því að vera leiðandi á sviði flutninga-, dreifinga- og samskiptalausna og þar sem starfsfólkið er kjarni starfseminnar. Íslandspóstur veitir almenna og sérhæfða bréfa, pakka og sendingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki innanlands og utan.

Íslandspóstur á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða einstakling í fjölbreytt og krefjandi starf í markaðsdeild fyrirtækisins. Um fullt framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið:

- Umsjón með ákveðnum vörum, þróun þeirra og markaðssetningu í samvinnu við vörustjóra
- Umsjón með markaðssetningu á samfélagsmiðlum
- Innri markaðsmál og skipulagning viðburða
- Samskipti við auglýsingastofu og prentfyrirtæki
- Samskipti og samvinna við aðrar deildir og svið innan fyrirtækisins
- Þátttaka í daglegu markaðsstarfi deildarinnar
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í markaðsfræðum eða haldbær reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af störfum í markaðsdeild eða líku umhverfi mikill kostur
- Reynsla af notkun samfélagsmiðla sem markaðstækis
- Reynsla og áhugi á samskiptamiðlum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem og hæfni til að vinna í teymi
- Skapandi hugsun og geta til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta og góðir samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með umsóknarferlinu hafa Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



LÖGFRÆÐINGUR

- Geymið frægðarmenni við sólaræinn á festingunni (12)
- Rissi nabbi, það er lítil nagli með hatt (10)
- Sé karl í tölvu 9000 á leið til Júpíters (3)
- Purr styrkti, staðlaus (10)
- Elgsógeð stíflar göturæsi í hláku (10)
- Ofsa hrópandi fyrirvinna (10)
- Flekka fugla (10)
- Myglumixtúra er margra meina bót (7)
- Brjósk hleypur til er her hittir nagdýr (6)
- Á skjal með áletrun (7)
- Sé kjarnakljúf flýta fimmtíu (6)
- Hef tannviðgerðina og viðbótina (11)
- Herma húð í fataefni fyrir Herra Niels (8)
- Sjást uglur fyrir höfuðföt (11)

Lóðrétt

- Um ríkisstækkun gildir formúla um stigmögnun (10)
- Heilla fólkið og kuklarana (12)
- Hylja harða með taurdíllu (12)
- Ringluð prinsessa dottar undir óperu Puccinis um sig (8)
- Rokvondar eldreiðar (8)
- Pau yngstu eru í ruglinu á Gunnubar (8)
- Hróp lauga ótrauða (8)
- Hinn káti ættfaðir Dana sló ekki fast (8)
- Les alþjóðalög í sjókví (7)
- Leita hafnarbæjar og vélrænnar lífveru (8)
- Fljótur fugl er sneggri (5)
- Lausnin felst í nammi og líkama frægs skipasmiðs (9)
- Hryðjudjúsi mýkir kverkar (9)
- Krókur í faldinn miðjan verður toppurinn (13)
- Ökutæki í agnarmanneskjur og óhófslið (11)
- Garðasili veiðist á línu (10)
- Velgja vott um sótt (11)
- Kjái við dálka og amerískar drossiur (9)
- Bílastæðafantur þýðir tilbúna tungu (7)
- Sársauki á vettvangi (5)
- Kyrrð og kræklingur fyrir friðaða (5)
- Sæmir mér ef ég drepst (5)



Lausnarorð síðustu viku var **HOLLUSTUFÆÐA**



FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Leikarinn frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Áslaug Faaberg, Garðabæ.**



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast landspekkir Norðlendingar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 6. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. júní“.



Það styttist í ævintýrið!

Landsmót hestamanna Reykjavíkur 2012

25.06 – 01.07



Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjórnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landspekkum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.

Miðasala á www.landsmot.is

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1997

Timothy McVeigh sakfelldur

Timothy McVeigh var sakfelldur árið 1997 fyrir að hafa sprengt stjórnsýslu-byggingu í Oklahoma-borg tveimur árum áður. 168 létust þar og hundruð særðust. McVeigh var dæmdur til dauða og tekinn af lífi árið 2001.

Á þessum degi fyrir réttum 15 árum, 2. júní árið 1997, var Timothy McVeigh fundinn sekur um að hafa staðið á bak við hryðjuverkin í Oklahomaborg tveimur árum áður. 168 manns létust og hundruð slösuðust þegar bílsprengja sprakk fyrir utan níu hæða stjórnsýslu-byggingu og beytti burt framhlið hússins.

Um var að ræða mannskæðasta hryðjuverk á bandarískri grund allt fram að árásum á tvíburaturnana og Pentagon í september 2001.

McVeigh fæddist árið 1968 og ólst upp í uppsveitum New York-ríkis. Hann hafði meðal annars verið í hernum um nokkurra ára skeið eftir að hann lauk miðskólanámi og barðist meðal annars í Persalóastríðinu árið 1991, en vann sem öryggisvörður þegar hann hóf að vinna að sprengjutilræðinu.

Hann hafði ætíð haft áhuga á skotvopnum og jafnframt mikla óbeiti á ríkisvaldinu, sem hann taldi þrengja að einstaklingsfrelsi.

Einn af vendipunktunum í lífi hans var þegar hann fór á vettvang þar sem lögregla sat um sértrúarsöfnuð David Koresh í Waco í Texas árið 1993. Hann fylltist mikilli reiði þar sem hann horfði upp á bardagann þar sem 80 safnaðar meðlimir létu lífið og fór eftir það að sækja innblástur í störf sjálfskipaðra herdeilda, sem voru mjög algeng í Bandaríkjunum á þessum árum.

McVeigh og félagi hans, Terry Nichols, hófu að skipuleggja ódæðið árið 1994 og viðudu að sér mörgum tonnum af áburði sem þeir blönduðu með dísilolíu og komu fyrir í sendiferðabíl.

Á morgni 19. apríl árið 1995, réttum tveimur árum frá hörmungunum í Waco, lagði McVeigh bílnum fyrir utan Alfred P. Murrah bygginguna, þar sem ýmsar alríkisstofnanir voru með skrifstofur. Rétt eftir klukkan níu sprakk sprengjan og sópaði framhlið hússins af með fyrrgreindum afleiðingum. Nítján börn voru meðal þeirra sem létust.

McVeigh var handtekinn samdægurs fyrir umferðarlagabrot en rétt áður en honum var sleppt úr haldi beindist grunur að honum. Nichols gaf sig fram stuttu síðar.

McVeigh var sakfelldur fyrir ellefu morð, samsæri og fyrir að beita geryeðingavopni. Hann var síðar dæmdur til dauða og tekinn af lífi árið 2001.



RÚSTIR 168 létu lífið í sprengingunni sem reif framhliðina af Alfred P. Murrah byggingunni í Oklahoma árið 1995.

NORDICPHOTOS/AFP



SEKUR Timothy McVeigh var sakfelldur fyrir að sprengja bygginguna og tekinn af lífi árið 2001.

NORDICPHOTOS/AFP



Til hamingju
kæru sjómenn!

Aflaðu fréttu með
stærsta 3G neti landsins

Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir á sjómannadaginn með von um örugga framtíð og gott samband heima og heiman.



62 ÞORGEIR ÁSTVALDSSON, útvarpsmaður og skemmtikraftur, á afmæli í dag. „Í útvarpi er maður sinn eigin herra, er trillukall en ekki í þrjátíu manna áhöfn eins og í sjónvarpi. Sem trillukall á öldum ljósvakans get ég ráðið för og tekið beygjur þegar mér sýnist.“

Merkisatburðir

- 1541** - Ögmundur Pálsson, síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti, var handtekinn og fluttur nauðugur úr landi. Hann dó á leiðinni.
- 1707** - Stóra bóla barst til Eyraþakka með farskipi. Sóttin herjaði um allt Ísland og var mannskæðasta farsótt síðan í svarta dauða 1402. Hún varði til um 1709.
- 1875** - Alexander Graham Bell hringdi í fyrsta sinn úr síma.
- 1896** - Guglielmo Marconi fékk einkaleyfi fyrir nýjustu uppfinningu sinni: útvarpinu.
- 1957** - Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, opnaði í Reykjavík á tuttugasta sjómannadeginum.
- 2004** - Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synjaði fjölmiðlafrumvarpinu staðfesting.

ÞETTA GERÐIST: 2. JÚNÍ 1867

Skotveiðifélag Íslands stofnað

Reykjavíg skydeforening (Skotfélag Reykjavíkur) var stofnað þennan dag árið 1867 og er því elsta íþróttafélag landsins. Fyrstu skotæfingar félagsins fóru fram við Tjörnina í Reykjavík, en heimildir um skotæfingar við Tjörnina ná enn lengra aftur, til ársins 1840. Þá voru leyfðar skotæfingar á litlum tanga sem lá út í Tjörnina þar sem skotfélagsmenn reistu síðar skotvörðu

rétt austan við Skothúsið. Skotfélagsmönnum var gert að skjóta í suður í áttina að Skildinganesi.

Skothúsvegur við Tjörnina í Reykjavík



dregur nafn sitt af Skothúsi Skotfélags Reykjavíkur, sem var reist um það leyti sem félagið var stofnað. Húsið stóð þar sem nú er Tjarnargata 35, og hét þá því formlega nafni „Reykjavígs Skydeforeningis Pavillon“. Húsið nefndist Skothúsið í daglegu tali og var félagsheimili skotfélagsmanna. Síðar var það notað sem íbúðarhús og loks rífið um 1930.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

ELÍN SVEINSDÓTTIR

Réttarheiði 33, Hveragerði,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 25. maí sl. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 7. júní kl 14.



Kjartan Kjartansson

Sigríður B. Kjartansdóttir
Sveinn Kjartansson
Þórir Kjartansson
Hrafnhildur Einarsdóttir
Þóra Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Þorsteinn Marel Júlíusson
Viðar Eggertsson
Steinunn Dúa Grímsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

S. FJÓLA SIGURDARDÓTTIR

síðast til heimilis í Tungu, Hvalfjarðarsveit,

lést 15. maí á Höfða, Akranesi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólks fyrrum E-deildar Sjúkrahúss Akraness og starfsfólks Höfða.



Linda Guðbjörg Samúelsdóttir
Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir
Bergþóra Sigurdardóttir
ömmubörn
Guðný Sigurdardóttir og fjölskylda
Gunnar Páll Sigurðsson og fjölskylda
Del Amman og fjölskylda

Guðni Þórðarson
Árni Aðalsteinsson
Róbert Reynisson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

FRIBJARGAR INGJALDSDÓTTUR

Grandavegi 45, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans deild A-6 og heimahjúkrunar.



Helgi Oddsson
Sigrún Oddsdóttir
Þóra Oddsdóttir
Sigurður B. Oddsson
Oddur H. Oddsson
Pétur E. Oddsson
Valgerður Oddsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubarn.

Bjarni I. Arnason

Iðunn Lúðvíksdóttir
Elinborg Jóhannsdóttir
Margrét H. Kjærnestad
Friðrik Eysteinnsson



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

BERTHU GÍSLADÓTTUR

frá Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða fyrir hlýhug og góða umönnun.



Rósa Martinsdóttir
Emilía Martinsdóttir

Lárus Ársælsson
Bertha María Ársælsdóttir
Jóhanna María Eyjólfssdóttir
Martin Eyjólfsson
Drífa Kristín Sigurdardóttir
Martin Ingi Sigurðsson
Hildur Erna Sigurdardóttir
barnabarnabörn og barnabarnabarn.

Ársæll Lárusson
Sigurður Ingi Skarphéðinsson
Sigríður Sýlvía Jakobsdóttir
Sveinborg Lára Kristjánsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson

Eva Þengilsdóttir

Anna Björnsdóttir
Steinar Sigurðsson



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

INGA MARTA INGIMUNDARDÓTTIR

Njörvasundi 27,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 24. maí.

Útför fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 5. júní klukkan 13.00.



Sigurður Stefánsson
Stefán Ingi Sigurðsson
Sigurlaug Sigurdardóttir
Svanberg Þór Sigurðsson
Jóhanna Sigurdardóttir
ömmu og langömmubörn.

Rósa María Guðjónsdóttir
Friðbjófur Ó Johnson
Magnea S. Guðmundsdóttir
Agnar Már Agnarsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

KRISTÍNAR PORBJARGAR STEFÁNSDÓTTUR

Skarðshlíð 27c, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar og Heimahlyningar fyrir frábæra umönnun.



Hörður Sigtryggsson
Heimir Sigtryggsson
Guðrún H Sigtryggsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Stefán Guðmundsson



JÓN OG GARÐAR Jón Magnússon útgerðarmaður á Patreksfirði, stendur fyrir Garðari BA 64, elsta stálskip landsins, sem er hundrað ára í ár.

FRETTABLAÐIÐ/BERGSTEINN

GARÐAR BA 64: ELSTA STÁLSKIP LANDSINS HUNDRAD ÁRA

Gaf úrtöluröddum langt nef

„Þetta var gott skip og reyndist afar vel þessi ár sem við gerðum það út,“ segir Jón Magnússon útgerðarmaður á Patreksfirði um Garðar BA 64, elsta stálskip landsins, sem er hundrað ára í ár. Í tilefni af tímamótunum efndu nokkrir fyrrum skipverjar á Garðari til afmælishátíðar í Skápadal við Patreksfjörð, þar sem skipinu var siglt á land fyrir rúmlega þremur áratugum og hefur staðið þar allar götur síðan. Riflega hundrað manns voru við athöfnina í Skápadal á fimmtudag, þar á meðal fyrrum skipverjar á Garðari, sem gáfu Jóni málverk af skipinu eftir heima-manninn Eggert Björnsson.

Garðar er 179 lesta stálbátur, smíðaður í Noregi 1912, og var gerður út á hvalveiðar í Suður-Íshafi undir nafninu Globe IV. Skipið var selt til Færøya árið 1936 en keypt til Siglufjarðar árið 1945 og hlaut þá nafnið Siglunes. Sjö árum síðar var skipið selt til Reykjavíkur og fékk nafnið Sigurður Pétur RE

186. Árið 1962 fór það aftur til Siglufjarðar og fékk þá nafnið Hringbjá SI 94 en aðeins ári síðar fór það aftur suður, nú í Garðahrepp, var nefnt Garðar og hélt því nafni í gegnum eigendaskipti sem fluttu skipið til Reykjavíkur.

Árið 1974 keypti Jón Magnússon Garðar sem fékk númerið BA 64.

„Ég var með fyrirtækið Odda og einn bát fyrir með góðum skipstjóra,“ rifjar Jón upp. „Það var hins vegar of lítið fyrir verkunina og mig vantaði annan bát sem ég gæti lagt yfir sumarið. Ég fann þennan gamla bát í Reykjavík, sem var billegur en ég vissi að ég yrði að stýra honum sjálfur ef ég ætti hann og það varð úr. Garðar brást mér aldrei og var farsælt fiskiskip.“

Ekki höfðu þó allir trú á að Jón hefði gert góð kaup á sínum tíma; þrátt fyrir yfirhalingar og endurbætur í gegnum tíðina var Garðar kominn til ára sinna og töldu sumir að þarna hefði Jón reist sér hurðarás um öxl. „Jú, það

voru úrtöluraddir. „Nú er hann búinn að fara með sig,“ sögðu þessir öfund-sjúku. En ég lét það sem vind um eyru þjóta og fiskaði vel á Garðari öll þessi ár og minnir að hann hafi verið afla-hæsta skip landsins nokkur ár í röð. Þessi kaup margborguðu sig.“

Árið 1981 sigldi Garðar hins vegar sína síðustu ferð. „Þeir hjá Siglinga-málastofnun höfðu verið að hóta því í nokkur ár að stoppa hann af fyrir ald-urs sakir. Ég sá að það var farið að stytta í að þeir gerðu alvöru úr því og ákvað að verða fyrri til.“

Jón fékk fljótlega þá hugmynd að sigla skipinu í land í Skápadal í botni Patreksfjarðar og láta hann standa þar. „Mér tókst að berjja í gegn leyfi til þess. Við grófum myndarlegan skurð á lágfjöru og sigldum svo inn af fullum krafti á háflóði og fylltum að. Þar hefur Garðar staðið síðan og þúsundir ferðamanna litið við og skoðað skipið.“

bergsteinn@frettabladid.is

Ferðavagninn færðu hjá okkur!

1981
2011 **Dethleffs**



Frá þýska hjólhýsarisaranum **Dethleffs** sýnum við hjólhýsi í hæðsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman



Létt og meðfærileg **Eximo** hjólhýsi

Eximo 520L



Verð: 2.898.000kr

- Svefnpláss fyrir 4 til 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050 kg



Eximo 460



Verð: 2.798.000kr

- Svefnpláss fyrir 4.
- Heildar lengd 637 cm
- Lengd 4,57 m.
- Innanmál 457 cm
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1000 kg.



Eximo 370



Verð: 2.498.000kr

- Svefnpláss fyrir 3 - 4.
- Heildar lengd 5,57 m.
- Lengd utanmál 4,21 m.
- Innanmál 3,66 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 820 kg.



Staðalbúnaður í EXIMO hjólhýsum

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 25 mm einangrun í þaki og veggjum.
- 30 mm einangrun í gólfi.
- Galveneseruð grind (Alko).
- Góð flexitora fjöðrun.
- Prýstibremsur.
- Skyggðir tvöfaldir gluggar með rúllu-mykratjöldum og flugnaneti.
- 13 pinna tengill í bíl með hleðslu.
- 12 og 230 volta rafkerfi með hleðslu.
- 80 Ah rafgeymir.
- 91 Lítra ísskápur.
- Klósett m/kassettu.
- Tveggja hellu eldavél með rafm. kveikjara.
- Truma 3400 gasmiðstöð með rafm. hitun (ultra heat) og blásturs kerfi. Ekki Ultra heat í 370.
- Rafmagns vatnshitari.



Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet



Verð: 3.198.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Rockwood Premier 1904 10 fet



Verð: 2.798.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet



Verð: 2.998.000kr
Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- Upphækkað á 15" dekkjum
- Sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- Galvaniseruð grind og úti
- Evrópskar þrýstibremsur
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/þriggja hraða víftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stór geymslukassi að framan
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi (10 fet)

Rockwood A-Hýsi 12 fet

Verð: 2.898.000kr



Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn®



Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

KRISTÍNAR GUÐMUNDSDÓTTUR
frá Norðfirði, Snorrabraut 56b, Reykjavík

Kolbrún Sigurðardóttir
Guðlaugur Sigurðsson
Valgerður Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

Alda Björk Skarphéðinsdóttir
Ágúst Ólafur Georgsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,

SKÚLI SKÚLASON

bifvélavirki,

Miðbraut 22, Seltjarnarnesi,

er lést þriðjudaginn 22. maí sl. verður jarðsöngurinn frá Seltjarnarneskirkju 4. júní nk. kl. 13.00.

Hansína Sigurjónsdóttir

Hafsteinn Skúlason Brynja Rannveig Guðmundsdóttir
Áslaug Ingibjörg Skúladóttir Gunnsteinn Guðmundsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓHANNA HALLDÓRSDÓTTIR

Lengju, Stykkishólmi,

til heimilis á Hjúkrunarh. Eir 2.H. suður,

lést fimmtudaginn 3. maí. Útför hefur farið fram. Sérstakar þakkir til Sigríðar og hennar starfsfólks 2.H. suður á Eir. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður okkar.



Nils Nilsen
Sigurður Þ. Þórssen
Þór J. Vigfússon
Pétur A. Vigfússon
Jóna Vigfúsdóttir
Hallfríður Vigfúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Edda H Waage
Jóna T. Ingimarsdóttir
Bára Andersdóttir
Sigurrós Sigurðardóttir
Kjartan Kjartansson
Skúli H. Oddgeirsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GÍSLI GEIR HAFLIÐASON

rafvirki,

Asparfelli 12,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 26. maí. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 4. júní kl 15.00.

Ólív Jónsdóttir

Ingibjörg Ýr Gísladóttir Guðmundur Magnússon
Jón Niels Gíslason Erla Aradóttir
Vilborg Kr Gísladóttir Sigurður Friðriksson
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

PÉTUR INGVASON

vörubílstjóri, Unufelli 27,

verður jarðsöngurinn frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 4. júní kl. 13.00.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Markar, 3. hæð suður, fyrir hlýhug og einstaka umönnun.



Elín Kristín Halldórsdóttir

Halldór Pétursson Ágústa Hansdóttir
Ingvi Pétursson Auður Agnes Haraldsdóttir
Lilja Pétursdóttir Friðfinnur Einarsson
Pétur Pétursson Halldóra Jóhannesdóttir Sanko
Þóra Pétursdóttir Njáll Þórðarson
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ARNDÍS GUÐNADÓTTIR

Bugðulæk 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 26. maí. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 6. júní kl. 13.00.



Sigurður G. Sigurðarson

Guðni Hjörtur Sigurðsson Birna Svanhildur Pálsdóttir
Próstur B. Sigurðsson Diana Lipinskaiait
barnabörn og barnabarnabarn.

Dauði og líf og Langur skuggi



TÓNSKÁLD OG FLYTJENDUR Haukur Tómasson tónskáld, Richard Korn kontrabassi, Hrafnell Orri Egilsson selló, Þórunn Ósk Marínósdóttir víóla, Sigurlaug Eðvaldsdóttir fiðla, Júlíana Elín Kjartansdóttir fiðla, Rut Ingólfsdóttir fiðla, Sigurður Bjarki Gunnarsson selló. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komið er að þriðju og síðustu tónleikum Kvartetts Kammersveitar Reykjavíkur í röðinni Meistaraverk Jóns Leifs. Þeir verða á morgun, sunnudaginn 3. júní, og hefjast klukkan 13. Á efnisskránni verða tvö verk: Quartetto I Mors et vita, Dauði og líf, eftir Jón Leifs og Langur skuggi fyrir strengjaseptett eftir Hauk Tómasson.

Mors et vita op. 21, Dauði og líf, og fyrsti kvartett Jóns Leifs, saminn um það leyti sem heimsstyrjöldin síðari braust út, árið 1939. Jón bjó þá í Berlín og starfaði sem kennari og hljóm-

sveitarstjóri auk þess sem hann vann að tónsmíðum og reyndi að koma þeim á framfæri. Í verkinu notaði Jón tvisöngslagið „Húmar að mitt hinsta kvöld“ og skrifaði texta Bólu-Hjálmaris yfir nóturnar í handritinu en víólan leikur lagið í fimmundum.

Langur skuggi er samið fyrir þrjár fiðlur, víólu, tvö selló og kontrabassa. Verkið skiptist í sex kafla og er hver um sig langsótt tilbrigið við frumstef úr íslensku þjóðlagi. Haukur sótti innblástur í lög sem er að finna á diskunum Raddir sem Stofnun Árna Magnússonar gaf út fyrir nokkrum árum. -gun

Sautján ára djass

Trío Ómars Guðjónssonar ríður á vaðið í sumartónleikaröð Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag.

Þetta er sautjanda árið sem veitingamaðurinn Jakob Jakobsson stendur fyrir slíkri ókeypis sumartónleikaröð. Tónleikarnir verða níu talsins í sumar og stíga á stökk valinkunnir íslenskir sem erlendir djasslistamenn.

Hljómsveitina skipa ásamt gítarleikaranum Ómari Guðjónssyni þeir Tómas R. Einarsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Tríoíð mun fletta upp í sögu djassins og leika tóna sem hafa höfðað til hljómveitarstjórans í gegnum tíðina. Tónleikar tríoins hefjast kl. 15 og standa til kl. 17 undir berum himni á Jómfrúartorgi. -hpt



ÓMAR GUÐJÓNSSON Trío Ómars Guðjónssonar gítarleikara ríður á vaðið í sumartónleikaröð Jómfrúarinnar í dag.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ARNDÍS JÖRUNDSDÓTTIR

áður til heimilis Dalseli 6, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 13.00.



Emil Óskar Þorbjörnsson
María Steinunn Þorbjörnsdóttir
Sigfús Kristinn Þorbjörnsson
Hildur Kristín Þorbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hrönn Valgarðsdóttir
Þórir Haraldsson
Hrönn Héðinsdóttir
Steinþór Bragason



Ástkær eiginmaður minn og sonur,

JÓNAS ÞORBJARNARSON

ljóðskáld,

varð bráðkvaddur á N-Ítalíu mánudaginn 28. maí. Jónas verður jarðsöngurinn á Ítalíu í smábænum Eupilio í nágrenni Comovatns, mánudaginn 4. júní kl. 11.



Hanna Friðriksdóttir
Áslaug Jónasdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

HLÍF ÓLAFSDÓTTIR

Bollagötu 3, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 7. júní kl. 15.00.



Magnús Hallgrímsson

Hörður Magnússon Hallgrímur Magnússon
Linda Björk Þórðardóttir Elín Sig. Sigurðardóttir
Óskar Magnús Harðarson Snædís Hallgrímssdóttir
Ásta Hlíf Harðardóttir Magnús Snær Hallgrímsson
Hallís Ylfa Hallgrímssdóttir



HÁTÍÐ Á GRANDA Sjómannadagurinn verður haldið hátíðlegur víða um land um helgina.

Færeyingar á Hátíð hafsins

Sjómannadagurinn verður haldinn hátíðlegur á Hátíð hafsins á Grandanum í Reykjavík um helgina. Þetta er í fjórtánda sinn sem hátíðarhöldin fara fram. Lagt er upp úr fræðslu um hafið og matarmenningu þess í bland við góða skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Færeyingar sækja okkur heim að þessu sinni en það er liður í samkomulagi Reykjavíkurborgar og Þórshafnar sem undirritað var í ágúst 2011. Markmið þess er að efla samstarf á sviði menningar- og ferðamála, efla tengsl þjóðanna og minnst um leið merkrar sögu um samstarf

í fiskveiðum og siglingum.

Færeyskur dans verður stígn og þesslenda söngkonan Guðrið Hansdóttir stígur á stökk. Kúttarinn Wesward Ho mun auk þess sigla frá Þórshöfn til Reykjavíkur með viðkomu á Akranesi í tilefni hátíðarinnar. Gestum býðst að ganga um borð og skoða gripinn bæði laugardag og sunnudag.

Retro Stefson, Valdimar, Sirkus Íslands, dorgveiði, Góí og Þröstur Leó, listasmíðjur og furðufiskasýning eru á efnisskrá hátíðarinnar sem stendur frá kl. 13 til kl. 17. Dagskrána í heild má nálgast á vefsíðunni Hatidhafsins.is. -hpt



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu,

JÓNU SIGRÍÐAR JÓNSDÓTTUR
frá Goðdölum,

Ingimar, Reynir og Friðrik Adólfssynir
og fjölskyldur



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BRANDUR FRANKLÍN KARLSSON
Bröttuhlíð 16, Hveragerði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Hafnarjarðarkirkju miðvikudaginn 6. júní kl. 13.00.



Björn J. Brandsson
Anna B. Brandsdóttir
Katrín K. Brandsdóttir
Karl V. Brandsson
Halldóra Brandsdóttir
Hjórdís G. Brandsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Katrín Jónsdóttir
Sigfús Gunnbjörnsson
Valdimar Aðalsteinnsson
Inga Lára Ísleifsdóttir
Guðlaugur Magnússon

Bragðmikil Berlínarreisa



Berlín

5. – 7. júní

Verð frá,
á mann
í tvíbýli: **49.900 kr.**

Íslensk fararstjórn.

Gisting í tvær nætur með morgunverði.

Berlín skartar sínu fegursta í júní. Verðlag er með eindæmum hagstætt í borginni og í kringum hótelið er fullt af fantafínum veitingastöðum. Brunaðu með okkur til Berlínar.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.

Alicante

17. – 24. september

Verð frá,
á mann
í tvíbýli: **189.900 kr.**

Gisting í 7 nætur með morgunverði.

Vikuferð um fegurstu héruð Spánar með viðkomu í höfuðborginni Madrid. Fararstjórinn og gítarleikarinn Þórarinn Sigurbergsson hefur leitt ófáa Íslendinga í allan sannleika um sögu og menningu þessa sólríka lands.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.

Dekur fyrir bragðlaukana



Lyon

28. júlí – 4. ágúst

Verð frá,
á mann
í tvíbýli: **199.800 kr.**

Gisting í 7 nætur. Akstur og skoðunarferðir.

Sannkölluð lúxusferð í heila viku, undir leiðsögn Jónu Dóru Óskarsdóttur, tónlistarkonu, sem gjörþekkir leyndardóma Lyon, sögu og staðhætti. Farið verður í skoðunarferðir um nærliggjandi héruð og gist á heillandi hótélum í Lyon og Avignon.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.

Sæluvika á Spáni



BRAGÐAÐU Á EVRÓPU Í SUMAR

Vínsmökkunarferð



París

29. júlí – 3. ágúst

Verð frá,
á mann
í tvíbýli: **174.900 kr.**

Gisting í 5 nætur í París með morgunverði.

Akstur og lestarferð í vínsmökkun.

Einstök ferð í fylgd Steingríms Sigurgeirssonar sem um árabíl hefur ritað um vín og matarmenningu. Í ferðinni verður boðið upp á heimsóknir til tveggja þekktustu víngerðarsvæða Frakklands – Burgundy og Champagne.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.



Mannbætandi borgarveisla



Pólland

Varsjá og Kraká
6. – 13. ágúst

Verð frá,
á mann
í tvíbýli: **148.900 kr.**

Gisting í 7 nætur á 4* hótélum með morgunverði. Akstur milli Varsjár og Kraká.

Enginn ætti að missa af þessari einstöku borgarferð með Óttari Guðmundssyni til Póllands, en fáir Íslendingar þekkja þessar borgir betur. Í Varsjá verður dvalið í þrjá daga. Síðan er ekið til Kraká og þaðan er flogið aftur heim.

Innifalið er flug með sköttum og gisting með morgunverði.

WOW ferðir bjóða upp á skipulagðar sælkeruferðir til fjölmargra áfangastaða í sumar. Lokaðu ísskápnum hér heima og bragðaðu á lystisemdum Evrópu undir dyggri og vandaðri íslenskrari fararstjórn. Kynntu þér ferðirnar nánar á wowferdir.is.



wowferdir.is

WOW ferðir | Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | +354 590 3000 | wowair@wowair.is



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS
 1. sæti
 MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG

ÍSLENSK PAPIRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG

HOLLENSKT NÝTT ICEBERG
298 KR.KG



AVACADO FRÁ S-AFRÍKU
395 KR.KG.



AMERÍSKUR FERSKUR MAÍS
179 KR.STK



BRESKAR STÓRAR
BÖKUNARKARTÖFLUR
137 KR.KG



SPÁNSKAR RAUÐAR VATNSMELÓNUR
179 KR.KG.

Fersket salat frá Ítalíu

Fersket salat frá Ítalíu



ROCOLA KLETTASALAT 100 GR
259 KR.



BABY SPÍNAT 100 GR
259 KR.



MESCLUM (BLANDAÐ) 100 GR
259 KR.



BÓNUS SPÍNAT 200 GR
359 KR.



EMMESS SKAFÍS
DAIM - SÚKKULAÐI - VANILLU
498 KR.



EUROSHOPPER ÍSTOPPAR 8 X 120 ML
498 KR.



SPINNER ÁVAXTAFROSTPINNAR
398 KR. 4 STK.



BÓNUS
24 STK. ÍSPINNAR
GRÆNIR OG BLÁIR
698 KR.

Coca-Cola



79
KR. DÓSIN

SVALANDI GOSDRYKKIR Í 330 ML BAUKUM



79
KR. BAUKURINN

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT VINSÆLASTA HELGARSTEIKIN

20 TONN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS

KJARNAFÆÐI

1379
KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT
EINIBERJAKRYDDAD
LAMBALÆRI

798
KR. KG

FROSINN LAMBABÓGUR
200 KR. VERÐLÆKKUN PR.KG.

FRÁBÆR UPPSKRIFT: MATREIÐSLA Á LAMBAÓG Á HEIMASÍÐU
BÓNUS/UPPSKRIFTIR [HTTP://WWW.BONUS.IS/UPPSKRIFT/LAMBABOGUR/](http://www.bonus.is/uppskrift/lambabogur/)

1495
KR. KG

BRAGÐ FRÁ ÍTALÍÚ
SS KRYDDAD LAMBALÆRI

1198
KR. KG

ALI ELDUÐ GRÍSARIF / SPARERIBS

1398
KR. PK.

ÍSLANDSNAUT FROSNIR 10 X 100 GR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR

1698
KR. 10 STK.

10 STK. STÓRIR 120 GR.
NAUTAHAMBORGARAR

1598
KR. KG

ÍSLANDSLAMB GRILL
LAMBASIRLOIN-SNEIÐAR

1979
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

1979
KR. KG

HOLTA-ÚRBEINUÐ SKINNLAUS
FERSK KJÚKLINGALÆRI

1198
KR. KG

ÍSLANDSGRÍS
GRILL GRÍSAKÓTILETTUR

2298
KR. KG

ÍSLANDSNAUT
GRILL UNGNAUTAKÓTILETTUR


OPNUM
KL.10

1495
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



Á VEFSÍÐUNNI WWW.EMMA.IS má nú sækja tvær nýjar barnabækur eftir Arnheiði Borg, Tobba töffara og Töfra tilverunnar. Á sama stað er að finna nokkrar eldri bækur eftir sama höfund. Bækurnar er að finna undir flokknum Léttlestrarefni og þeim má hlaða niður endurgjaldslaust, fyrst um sinn.

Lísaloppa og Kata í ratleik

18 Bragi Halldórsson

„Það verður nú að viðurkennast,” sagði Kata full aðdáunar, „að þessi fugl er mjög flottur á litinn.” „Svartur og hvítur eru nú varla litir,” sagði Lísaloppa. „Það er þessi skæri appelsínugulur litur sem gerir svarta og hvíta litinn svo flottan,” sagði Kata. Lísaloppa hafði sjaldan heyrt Kátu lýsa svona mikilli aðdáun á nokkrum hlut. En rétt var það, þessi fugl var fallegur.

En vitið þið hvaða fugl þetta er? Er þetta:

- A. Svartbakur
- B. Teista
- D. Tjaldur



NÝ SOLLA Í LATABÆ

Chloe Lang heitir hin tíu ára bandaríska leikkona sem leikur Söllu stírðu í næstu seríu sjónvarpsþáttanna um Latabæ, sem nú er verið að taka upp. Chloe er mikil íþróttakona sem elskar að syngja og dansa. Hún er spennt að sjá sjálfa sig á skjánum.

Hvað heitir þú fullu nafni og hvað ertu gömul? Ég heiti Chloe Lang og ég er 10 ára gömul.

Hvaðan ertu? Ég á heima í Connecticut í Bandaríkjunum.

Áttu einhver systkini? Já, ég á eina systur og einn bróður. Þau eru bæði eldri en ég.

Hvenær komstu til Íslands og hvernig líður þér hér? Ég kom til Íslands snemma í apríl. Mér finnst Ísland fallegt.

Kom einhver með þér að heiman? Já, ég er hérna með mömmu minni og svo á ég von á gestum.

Gengur þú í skóla á Íslandi, á meðan þú býrð hér? Nei, ég geng ekki í íslenskan skóla.

Ég vonast eftir því að geta haldið áfram að leika þegar ég verð eldri. Ég elska það, það er ótrúlega gaman.

Ég er með einkakennara sem kemur og kennir mér hérna á „settinu“.

Hlakkur þú til að sjá þig í sjónvarpinu í hlutverki Söllu stírðu? Já, ég er mjög spennt. Ég get ekki beðið eftir að sjá fyrsta þáttinn.

Hefur þú lengi verið leikkona? Ég hef verið að leika undanfarnin tvö ár.

Ætlar þú að verða leikkona í framtíðinni líka? Ég vonast eftir því að geta haldið áfram að leika þegar ég verð eldri. Ég elska það, það er ótrúlega gaman.

Hvaða önnur framtíðarplön hefur þú? Mér þætti gaman að læra meira um listir. Svo langar mig líka til að halda áfram að dansa.

Hvaða íþróttir eru í uppáhaldi hjá þér? Mér finnst mjög gaman í fótbolta, körfubolta og hafnabolta.



Chloe Lang er stödd hér á landi til að taka upp næstu seríu af sjónvarpsþáttunum um Latabæ, þar sem hún er í hlutverki Söllu stírðu, sem heitir reyndar Stephanie á ensku. MYND/LAZY TOWN

Hvað fleira þykir þér gaman að gera? Mér finnst gaman að syngja, dansa, leika og mála.

Horfir þú sjálf á Latabæ? Já, ég horfði á Latabæ þegar ég var yngri og geri það enn.

Hver af Latabæjarkarakter-

unum þykir þér skemmtilegastur? Ég held ég segi Siggí sæti, vegna þess að hann er alltaf glaður, alltaf spenntur og er alltaf samkvæmur sjálfum sér. En mér finnst allar persónurnar frábærar.

BRANDARAKISTAN

Fróðleiksmolar úr prófum:

Spurning: Hverjar eru fjórar helstu atvinnugreinar manna?

Svar: Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling.

Spurning: Hvar eru Bretakonungar krýndir?

Svar: Á höfuðið.

Af hverju er nauðsynlegt að læra sögu?

Svar: Svo maður viti eitthvað um afkomendur sína.

Segðu frá því sem þú veist um hina síðustu kvöldmáltíð.

Svar: Ég var ekki þar, ég lá í flensu.

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugum ára.



UPPSKRIFTIN

Frostpinni fyrir alla, börn, konur og kalla

- Það ætti að teljast til sjálfsgöra mannréttinda að fá svalandi ís á heitum sumardögum. Stundum má maður það samt ekki og oftast má heldur ekki fá fleiri en einn. Þetta er frekar fúlt, þegar maður langar helst til að borða tíu stykki á einu bretti. Eitt gott ráð til að snúa á þessi boð og bönn er að búa til sinn eigin ís úr meinhollum ávöxtum. Hér er ofur einföld uppskrift að kivi-klaka sem svalar, hressir, kætir og bætir.

1. Takið nokkur kivi, flysjið þau og skerjið í um það bil eins sentímetra þykka bita.

2. Bræðið nokkra bita af suðusúkkulaði (þessu má líka alveg sleppa).
3. Takið tréþrik og stingið í kiviði. Tréþýtur á borð við þessa á myndinni fást í apótekum.
4. Dýfið kiviinu ofan í súkkulaðið.
5. Leggið á flatan disk og skellið í frysti.
6. Takið út um það bil einni klukkustund síðar.
7. Borðið og njótið!

Svo má skipta út ávöxtunum til að hafa úrvalið fjölbreyttara. Það er til dæmis sniðugt



að nota vínber. Þau eru lygilega góð þegar þau eru frosin og svo er líka skemmtilegt að borða dúkkufrostpinna.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

TIL HAMINGJU!

Þjóðleikhúsið óskar listamönnum sínum til hamingju með glæsilegan árangur og þakkar áhorfendum samfylgdina í vetur.

Þjóðleikhúsið fær **35** tilnefningar til Grímuverðlaunanna. Það er met í íslensku leikhúsi!



VESALINGARNIR

Sýning ársins

Leikstjóri ársins: **Selma Björnsdóttir**

Leikkona ársins í aukahlutverki: **Arnbjörg Hlíf Valsdóttir**

Leikmynd ársins: **Finnur Arnar Arnarsson**

Búningar ársins: **María Th. Ólafsdóttir**

Lýsing ársins: **Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson**

Hljóðmynd ársins: **Porvaldur Bjarni Porvaldsson og Sigurvald Ívar Helgason**

Söngvari ársins: **Þór Breiðfjörð**

Söngvari ársins: **Egill Ólafsson**

Aðeins 8 sýningar eftir

9



AFMÆLISVEISLAN

Sýning ársins

Leikstjóri ársins: **Guðjón Pedersen**

Leikari ársins í aðalhlutverki: **Ingvar E. Sigurðsson**

Leikkona ársins í aðalhlutverki: **Kristbjörg Kjeld**

Leikari ársins í aukahlutverki: **Björn Thors**

Leikari ársins í aukahlutverki: **Eggert Þorleifsson**

Leikari ársins í aukahlutverki: **Erlingur Gíslason**

7



HEIMSLJÓS

Sýning ársins


Leikstjóri ársins: **Kjartan Ragnarsson**

Leikari ársins í aðalhlutverki: **Björn Thors**

Leikari ársins í aðalhlutverki: **Hilmir Snær Guðnason**

Leikkona ársins í aukahlutverki: **Ólafía Hrönn Jónsdóttir**

5



HREINSUN

Sýning ársins

Leikstjóri ársins: **Stefán Jónsson**

Leikmynd ársins: **Ilmur Stefánsdóttir**

Lýsing ársins: **Halldór Örn Óskarsson**

4



DAGLEIÐIN LANGA

Leikkona ársins í aðalhlutverki: **Guðrún Snæfríður Gísladóttir**

Leikari ársins í aukahlutverki: **Hilmir Snær Guðnason**

2



SVARTUR HUNDUR PRESTSINS

Höfundur ársins: **Auður Ava Ólafsdóttir**

Leikkona ársins í aðalhlutverki: **Kristbjörg Kjeld**

Leikkona ársins í aukahlutverki: **Margrét Vilhjálmsdóttir**

Tónlist ársins: **Gísli Galdur Þorgeirsson**

Hljóðmynd ársins: **Gísli Galdur Þorgeirsson**

5

Samstarfsverkefni

LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI

Harpa Arnardóttir fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni **Sjöundá** í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins

BARNASÝNING ÁRSINS 2012

Skýjaborg
Höfundur: **Tinna Grétarsdóttir**
Sviðsetning: **Tinna Grétarsdóttir**
í samstarfi við Þjóðleikhúsið

SPROTI ÁRSINS

Tinna Grétarsdóttir danshöfundur og uppfærsla hennar á verkinu **Skýjaborg**

Tryggðu þér sæti!

Míðasala: 551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
	14			15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT

2. hreinsiefni, 6. skammstöfun, 8. klæðalaus, 9. garðshorn, 11. tveir eins, 12. gengi, 14. opinber gjöld, 16. drykkur, 17. af, 18. hrópa, 20. persónufornafn, 21. skrifa.

LÓÐRÉTT

1. viðartegund, 3. í röð, 4. ávaxtatré, 5. dýrahljóð, 7. holdýr, 10. tæfa, 13. kóf, 15. rötartauga, 16. skír, 19. bardagi.

5. urr, 7. hólsepi, 10. tik, 13. kaf, 15. LÓÐRÉTT: 1. tekk, 3. áb, 4. perutré, 5. urr, 7. hólsepi, 10. tik, 13. kaf, 15. tré, 18. æpa, 20. ég, 21. rita.

LÁRÉTT: 2. sápu, 6. eh, 8. ber, 9. kot, 11. rr, 12. klíku, 14. skatt, 16. te, 17. tré, 18. æpa, 20. ég, 21. rita.

LAUSN



PRJÓNAÐ Á KRÍLIN

Ómótstæðileg bók fyrir verðandi mæður, ömmur, frænkur ...



- FLÍKUR Á NÝBURA UPP Í ÁRSGÖMUL BÖRN
- TUSKUDÝR OG TEPPI
- PRJÓNAKENNSLA OG GÓÐ RÁÐ

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Rifist um snittur

BAKPANKAR Atla Fannars Bjarkasonar

Ísturlaðri umræðu um málskotsrétt og hlutverk hefur gleymst að ræða það sem skiptir máli: Dagleg störf forseta Íslands.

HVERNIG verður opinberri heimsókn á Vestfirði háttáð sumarið 2013? Ætlar forsetinn að þiggja gómsætar kleinur? Eða kallar Nýja Ísland á forseta sem sneiðir hjá kolvetnum? Kjósendur eiga einnig skilið að vita hvernig tekið verður á móti erlendum þjóðhöfðingjum. Verða þeir kysstir eða verður þétt handaband látið duga? Verður mögulega tekið upp á því að bjóða upp á innileg faðmlög?



DAGLEG störf eru nefnilega það sem embættið snýst um, enda hefur málskotsrétturinn bara verið notaður þrisvar í lýðveldissögunni. Það þarf að koma út snittum á Bessastöðum nánast daglega, ásamt því að skrifa ræður sem þarf að flytja við hin ýmsu tilefni, eins og kemur í ljós þegar dagskrá forsetans er skoðuð:

Í JANÚAR var forsetinn til dæmis heiðursgestur við setningu Íslandsmóts barna í skák ásamt því að flytja ávarp á ráðstefnu norrænna jarðfræðinga. Í febrúar tók hann á móti félögum í Rótarýklúbbnum um Görðum, sótti afmælishóf Klúbbs matreiðslumeistara og

afhenti heiðursverðlaun Eddunnar. Í mars var forsetinn viðstaddur lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í Hafnarborg og í apríl flutti hann ávarp í upphafi heimsmeistaramóts í ishokki í Skautahöllinni í Laugardal.

Í MAÍ var lokakeppni á sundmóti í tilefni af 85 ára afmæli Sundfélagsins Ægis meðal annars á dagskránni ásamt því að taka á móti hópi frá Kvenfélagsambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu og ræða um sögu Bessastaða, áhrif menningar og náttúru ...

PETTA er mjög lítill hluti af dagskrá forsetans, sem felur að mestu í sér að sækja keppni og ráðstefnur, flytja fullt af ávörpum og taka á móti ógrynni af gestum. Málin eru mismikilvæg en eiga þó sameiginlegt að það er algjör óþarfi að missa sig yfir þeim.

HVORKI kjósendur né frambjóðendur þurfa nefnilega að rifast um hvernig embættið á að vera. Frambjóðandinn sem fær flest atkvæði ákveður það sjálfur þegar hann verður kosinn. Ólafur var öðruvísi forseti en Vigdís og það stöðvaði hann enginn. Þægilegast væri að frambjóðendurnir myndu birta einhvers konar stefnuskrá á netinu, leyfa fólki að taka upplýsta ákvörðun og loka á sér snittuholunum fram að kjördegi, svona fyrst þeir geta ekki spjallað saman á málefnalegum nótum án dylgja og aðdróttana.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FYRIR & EFTIR

Splash

- engin venjuleg bílavottastöð



Kynningartilboð

Handþvoutum bílinn að utan á 10 mínútum.

1.500 kr*

*gildir dagana 2.-7. júní

Opnunartíminn: mánudaga til föstudaga 9-19
laugardaga 10-18 • sunnudaga 13-18

Sími 567 1213 • www.splash.is

 fylgstu með okkur á Facebook

Fyrir ofan Smáralind



DJASSTRÍÓ SUNNU GUNNLAUGS spilar ljúfa tóna á fyrstu stofutónleikum sumarsins á Gljúfrasteini. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.



RÆTUR Listamennirnir sem standa að samsýningunni Rótum eru allir frá Akureyri.

AKUREYRSK OG UPPRENNANDI

Samsýningin Rætur opnar í Listagilinu á Akureyri í dag.

„Við eigum öll rætur okkar að rekja til Akureyrar og tengjumst heimabænum sterkum böndum,“ segir G. Viktoría J. H. Blöndal, ein fjórtán listamanna sem eiga verk á samsýningunni Rætur 65°41'N 18°06'W sem opnar í Ketilhúsinu í Listagili í dag.

Yfirskriftin vísar í uppruna ungu listamannanna sem hafa numið list í Listaháskóla Íslands, Myndlistaskólanum í Reykjavík og Myndlistaskólanum á Akureyri. Listamennirnir sem sýna eru

Auður Ómarsdóttir, Ari Marteinsson, Arnar Ómarsson, Georg Óskar Giannakoudakis, Guðrún Þórsdóttir, G. Viktoría J. H. Blöndal, Hekla Björt Helgadóttir, Katrín Erna Gunnarsdóttir, Lilý Erla Adamsdóttir, Máni Sigurðsson, Raket Sölvadóttir, Sara Björg Bjarnadóttir, Vala Höskuldsdóttir og Victor Ocares.

„Sýningin verður opnuð klukkan 15 og stendur til 21 um kvöldið. Yfir opnunina verða eldhressir tónleikar með nokkrum akureyrskum böndum og gjörningur, sem mun flæða um rýmið.“ Allir eru velkomnir á opnunina og á sýninguna, sem mun standa fram til 1. júlí. hallfridur@frettabladid.is

Tónlist ★★★★★

Ljóðatónleikar

Cristoph Prégardien söng, Ulrick Eisenlohr lék á píanó

Norðurljós í Hörpu, Listahátíð í Reykjavík 27. maí

Dásamlegur söngur

Sagt er að Heilagur andi hafi yfirsýgt postulana á hvítasunnudag. Ég er ekki frá því að hann hafi líka verið að verki á tónleikum í Hörpu á hvítasunnudag fyrir nokkrum dögum. Það var nefnilega enginn venjulegur söngvari sem söng þar.

Þetta var Christoph Prégardien, einn fremsti ljóða- og óratóriusöngvari heims. Söng hans er að finna á geislaflötum frá helstu útgáfufyrirtækjunum. Svo kemur hann reglulega fram með heimsins bestu hljómsveitum. Þar fyrir utan er hann virtur kennari. Það var einmitt haldið með honum námskeið fyrir söngvara í tengslum við tónleika hans hér á landi.

Strax á fyrstu tónunum var ljóst að þetta yrði skemmtileg stund. Prégardien hefur magnaða rödd. Tónar á háa og lága tónsviðinu voru jafnskýrir; allt tónsviðið var í einstöku jafnvægi. Svo var sviðsframkoman skemmtilega blátt áfram og laus við tilgerð. Auðséð var að söngvarinn elskaði að standa í sviðsljósinu.

Níu sönglög eftir Schubert við ljóð eftir Ernst Schulze voru á dagskránni fyrir hlé. Þetta eru fremur sjaldheyrð lög miðað við margt annað eftir tónskáldið. Sem er skýrt, því þau eru hvert öðru fallegra. Og Prégardien söng þau dásamlega. Túlkunin var full af skáldskap, innileg og kraftmikil, laglínurnar unaðslega mótaðar. Það var eitthvað skemmtilega karlmannlegt við þau, eitthvað lifandi og ævintýrlegt sem erfitt er að skilgreina.

Tónlist Schuberts er full af andagift, en túlkandi hennar þarf líka að vera innblásinn. Óhætt er að fullyrða að Prégardien hafi verið það á tónleikumunum.

Hinn svokallaði Söngvasveigur, Liederkreis eftir Schumann var á dagskránni eftir hlé. Sú tónlist er nokkuð innhverfari en lög Schuberts, en Prégardien gerði þeim alveg jafn vel skil. Þessi rómantíska óvissa, en samt ákefð, sem einkennir tónskáldið, skilaði sér fullkomlega í vandaðri túlkuninni.

Með Prégardien lék Ulrick Eisenlohr á píanó. Hann gerði það með glæsibrag, leikurinn var skýr og öruggur, óheftur og þróttmikill. Í svona tónlist er píanóleikarinn enginn undirleikari. Þvert á móti er hann meðleikari, jafnvel mótleikari. Rödd píanósins er leikmyndin, lýsingin og stemningin; andrúmsloftið sem gefur söngnum mikið af merkingu sinni. Píanóleikur Eisenlohers gerði þetta allt. Það var einfaldlega ekki hægt að hugsa sér betri meðleik. Jónas Sen

Niðurstaða: Einhverjir bestu ljóðatónleikar sem hér hafa verið haldnir.

SUMAR 2012

UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK

SKRÁNING ER HAFIN Í SUMARSTARF Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR

6-9 ÁRA SUMARFRÍSTUND (f. '02- '05)

Heilsdagsdvöl í frístundaheimili við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni. Skráning er viku í senn.



10-12 ÁRA SMÍÐJUR (f. '99- '01)

Stuttar smíðjur og viðburðir sem standa yfir í heilan eða hálfan dag. Skráning í hverja smíðju eða viðburð fyrir sig.

13-15 ÁRA FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARF (f. '96- '98)

Opið starf í félagsmiðstöðvum í eftirmiðdaginn og á kvöldin. Sjá nánar á heimasíðum félagsmiðstöðvanna. Engin skráning




ANNAÐ SUMARSTARF

Siglinganámskeið í Siglunesi (f.'96 - '03)
Dýranámskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (f. '00- '02) Fullbókað Smíðavellir í hverfum (f.'99-'03)

ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.ITR.IS/SUMAR





„Sjálfstætt fólk“

Myndlist á Listahátíð 2012

Velkomin á fjölda sýningarstaða um alla borg

**Listasafn Reykjavíkur
- Hafnarhús**
Tryggvagötu 17
fös-mið 10-17, fim 10-20

**Nýlistasafnið
(Nýló)**
Skúlagötu 28
þri-sun 12-17

**Myndhöggvarafélag
Íslands**
Nýlendugötu 15
fim-sun 14-17

i8
Tryggvagötu 16
lau og sun 13-17,
þri-fös 11-17

Listasafn Íslands
Laufásvegi 2
alla daga 11-17

Kling & Bang
Hverfisgötu 42
fim-sun 14-18

SÍM
& independentpeople.is
mán-fös 10-16

Listasafn Árnesinga
Hveragerði
alla daga 12-18

Norræna húsið
Sturlugötu 5
þri-sun 10-17

Listasafn ASÍ
Freyjugötu 41
þri-sun 13-17

Miðborg Reykjavíkur
í allt sumar

Viðburðir og dagskrá
og listamannablogg:

www.independentpeople.is

Hljómuskálinn í Eldborg

Hljómuskálamenn blása til tónlistarveislu í Eldborgarsal Hörpu á Listahátíð í kvöld. Á viðburðinum munu margir þekktir íslenskir listamenn flytja vinsæl lög sem urðu til í Hljómuskálabáttunum en þættirnir nutu mikillar hylli á skjánum í vetur. Einnig stíga á stökk fleiri pör og flytja nýjar lagasmíðar og óvæntar útsetningar á þjóðþekktum dægurlögum.

Meðal tónlistarmanna sem stíga á svið Eldborgar eru Magnús Þór og Jónas Sigurðsson, sem

eiga vinsælasta lag Rásar 2, Ragga Gísla og LayLow, Unnsteinn úr Retro Stefsson og Björn Jörundur sem syngja Frelsið, Megas og Egill Sæbjörnsson sem flytja nýtt lag eftir Egil við texta Megasar, Agústa Eva og Valdimar syngja og hinn finnski Jimi Tenor sameinar krafta sína hljómsveitinni Hjúlmum. Á vefsíðu Listahátíðar í Reykjavík er þess getið að Hljómuskálamenn hafi sett sér það markmið að flytja Hljómuskálann á svið Eldborgar.

- hpt



SIGTRYGGUR TROMMAR Hljómuskálamenn slá upp heljarinnar tónlistarveislu í Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 02. júní 2012

→ Tónleikar

16.00 Útskriftartónleikar Ragnhildar Gísladóttur úr MA námi í tónsmíðum frá LHÍ verða í bílakjallara Hörpu.

16.00 Drengjakór Reykjavíkur heldur vortónleika sína í Hallgrímskirkju. Miðaverð er kr. 2.500 og eru kaffiveitingar innifaldar. Ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

20.30 Íslenskt tónlistarpartí með bestu vinum Hljómuskálans verður í Eldborgarsal Hörpu í telfni Listahátíðar í Reykjavík. Miðaverð er kr. 3.500 til 5.500.

→ Fundir

16.00 Leikfélag Hafnarfjarðar heldur aðalfund sinn í Gaffaraleikhúsinu, Strandgötu 50. Allir sem eru áhugasamir um leiklist eru hvattir til að mæta og kynna starfi félagsins.

→ Hátíðir

08.30 Hátíð hafnsins verður haldin á Grandanum í Reykjavík. Um er að ræða fjölskylduhátíð sem leggur áherslu á fróðleik um hafið og matarmenningu hafnsins í bland við góða skemmtun. Færeyingar heimsækja hátíðina. Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á <http://www.hatidhafnsins.is/>.

10.00 Sjómannadeginum verður fagnað á Akureyri alla helgina. Yfirlit yfir dagskrá má sjá á www.visitakureyri.is.

10.00 Sjómannanna- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkati verður haldin hátíðleg í Grindavík alla helgina. Nánari dagskrá má sjá á www.sjoarinnssikati.is.

10.00 Bjartir dagar verða haldnir í Hafnarfirði um helgina. Vegleg og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir alla. Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á www.hafnarfjordur.is.

13.00 Grímseyjardagar verða haldnir í eyjunni um helgina. Fjölbreytt dagskrá í boði sem byggist á grímseyskum hefðum. Nánari dagskrá má sjá á www.grimsey.is.

17.00 Listahátíðin í Reykjavík stendur nú yfir. Nánari upplýsingar á www.listahatid.is.

→ Sýningar

11.00 Á sýningunni FRÍMERKI 2012 á Holtavegi 28 verður haldinn safnarmarkaður og sérstakt pósthús verður opnað fyrir sýningargesti.

13.00 Viktor Sichkov opnar sýningu á olíumálverkum í Bókasafni Kópavogs. Myndirnar eru til sölu.

14.00 Karl Guðmundsson (Kalli) og Rósa Kristín Júlíusdóttir opna sýninguna Myndrænn samleikur um völuandhús í Mjólkurbúðinni á Akureyri.

15.00 Félagar í Gullpenslinum opna sýningu á myndverkum unnum á pappi í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Sýningin ber heitið Tileinkun og er haldin í minningu fallins félaga Gullpensilsins, Georgs Guðna Haukssonar.

15.00 Sýningin Síðasta abstraktsjónin, The Last Abstraction, Eiríkur Smith 1964-1968, opnar í Hafnarborg.



15.00 Sýningin Rætur opnar í Ketilhúsi, Akureyri. 14 ungir myndlistamenn sem eiga sér rætur á Akureyri sýna verk sín.

16.00 Málverkasýningin Nekt og meira opnar í Gallerí Listamen, Skúlagötu 32.

16.00 Myndlistasýning opnar í Gallerí Listamenn, Skúlagötu 32.

17.00 Gulli Már opnar sýninguna A Very Private Gentleman í Gallerí Klósetti, Hverfisgötu 61.

20.00 Örverkahátíð með sjö nýjum íslenskum verkum verður sett á svið í Gaffaraleikhúsinu. Miðaverð er kr. 1.500.

→ Umræður

14.00 Heimspækikaffihúsið verður á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Hvaðan koma fordómar?

→ Uppákomur

20.00 Vorfagnaður Salsalceland verður haldinn í Iðná við Tjörnina. Glæsilegar danssýningar frá nemendum og kennurum. Miðaverð er kr. 2.000.

→ Söngur

14.00 Söngstund verður í Grænumörk á Selfossi. Söngstjóri er Ingi Heiðmar.

→ Tónlist

15.00 Tríó Ómars Guðjónssonar spilar á

MÓÐURFÉLAGIÐ
KYNNIR:

ABBA

40 ÁRA

HEIÐURSTÓNLEIKAR
ELDBORG HÖRPU 25.ÁGÚST

SELMA BJÖRNSDÓTTIR, JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR,
REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR OG STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR

TÓNLISTARSTJÓRN: JÓN ÓLAFSSON

MÍÐASALA Í MÍÐASÖLU HÖRPU,
Á HARPA.IS, MIDI.IS OG Í SÍMA 5285050

MÓÐURFÉLAGIÐ

HVAD? HVENÆR? HVAR?

fyrstu tónleikum árvissrar jazzsumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjagötu. Aðgangur er ókeypis.



15.15 Ólöf Arnalds og Benni Hemm Hemm spila fyrir gesti og gangandi í Netagerðinni við Mýrargötu 14. Enginn aðgangseyrir.

21.30 Svavar Knútur heldur sweetness tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir kr. 1.500. Afsláttur fyrir námsmenn, atvinnulausa, öryrkja og eldri borgara.

22.00 Hljómsveitin Króm spilar fyrir dansi á Suðureyri.

22.00 Beggi Smári og hljómsveitin hans Mood spila á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

23.00 Magnús Einarsson og félagar leika á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Hljómsveitin Spútnik spilar á sjómannaþagsballi í íþróttahúsinu á Sauðárkrók.



23.00 Hljómsveitin Gildran leikur fyrir dansi í Hvítahúsinu. 20 ára aldurs-takmark.

23.00 Dalton heldur uppi sjómanna-stemningu á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi.

23.00 Gullkistan leikur fyrir dansi á Sumarfagnaði Kringlukráarinnar. Konur fá frítt inn fyrir miðnætti og fordrykk þar að auki.

Sunnudagur 03. júní 2012

→ Tónleikar

13.00 Lokatónleikar Kvartetts Kammersveitar Reykjavíkur í röðinni Meistaraverk Jóns Leifs verða í sal Kaldalóns í Hörpu.

20.00 Kammerhópurinn Camerartica og Ingibjörg Guðjónsdóttir söngkona halda tónleika undir yfirskriftinni Léttir og klassískir vortónar í Hafnarborg, Hafnarfirði. Miðaverð er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir nemendur, eldri borgara og öryrkja og ókeypis fyrir börn.

→ Sýningar

11.00 Á sýningunni FRÍMERKI 2012 á Holtavegi 28 eru sýndir sjaldgæfir munir á vegum Landssambands íslenskra frimerkjasafnara. Sérstakt pósthús opið fyrir sýningargesti. Sænski sérfræðingurinn Bengt Bengtsson heldur fyrirlestur klukkan 14.00.

→ Hátíðir

08.30 Hátíð hafnsins verður haldin á Grandanum í Reykjavík. Um er að ræða fjölskylduhátíð sem leggur áherslu á fróðleik um hafið og matarmenningu hafnsins í bland við góða skemmtun. Færeyingar heimsækja hátíðina. Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á <http://www.hatidhafnsins.is/>.

10.00 Sjómanna- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkati verður haldin hátíðleg í Grindavík alla helgina. Nánari dagskrá má sjá á www.sjoarinnsikati.is.

10.00 Bjartir dagar verða haldnir í Hafnarfirði um helgina. Vegleg og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir alla. Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á www.hafnarfjordur.is.

11.30 Listahátíðin í Reykjavík stendur nú yfir. Nánari upplýsingar á www.listahatid.is.

13.00 Grímseyjardagar verða haldnir í eyjunni um helgina. Fjölbreytt dagskrá í boði sem byggist á grímseyskum hefðum. Nánari dagskrá má sjá á www.grimsey.is.

→ Upplæstur

13.00 Helga Jóhanna, höfundur Nonnasagnanna, verður með sögu-stund fyrir leikskólabörn í Skemmtigarðinum Smáralind. Allir velkomnir. Seinni upplæstrar verða klukkan 13.30 og 14.00.

→ Opið Hús

14.00 Opið hús verður í Höfða í tengslum við sýningarverkefni Nomena og Gediminas Urbonas sem er liður í samstarfsverkefninu Sjálfstætt fólk á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

→ Leiðsögn

14.00 Ágúst Ó. Georgsson, fagstjóri Þjóðháttafests við Þjóðminjasafn Íslands leiðir gesti um sýninguna Björgunarafrekið við Látrabjarg í safninu. Aðgangur er ókeypis.

14.00 Halldór B. Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands verður með leiðsögn um sýningarnar Hættumörk, Öluvú af Íslandi og Dáleidd af Íslandi.

15.00 Sýningarstjórnin og listheimspjökunurinn Ólafur Gíslason leiðir gesti

um sýninguna Gálgaklettur og órar sjónskynsins á Kjarvalsstöðum.

→ Uppákomur

13.00 Íbúar við Borgarstíg bjóða öllum á flóamarkað og götuhátíð í Borgarstígunum sem liggur milli Seljavegs, Framnesvegs og Holtsgötu í gamla Vesturbænum, einnig þekktur sem Millistígur. Skemmtileg dagskrá í boði til klukkan 18.00.

14.00 Kaffisala verður haldin í sumar-búðum KFUK í Vindáshlíð í Kjós. Veitingar á vægu verði og allir velkomnir.

→ Dansleikir

20.00 Félag eldri borgara í Reykjavík heldur dansleik í félagsheimili sínu að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassik leikur léttan danstónlist. Aðgangseyrir er

kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

→ Tónlist


14.30 Slegið verður upp harmonikudansleik í Draugahúsinu á Stokkseyri. Gestum býðst að syngja og dansa með. Miðaverð er kr. 1.200 en frítt fyrir 16 ára og yngri.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur tónlist af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Djasstrío Sunnu Gunnlaugs spilar á stofutónleikum á Gljúfrasteini. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

21.00 Valdimar heldur stórtónleika í íþróttahúsinu í Grindavík til styrktar björgunarsveitinni Þorbjarnar í Grindavík. Miðaverð er kr. 3.500.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



ÆTTLEIÐINGARDAGUR DÝRAHJÁLPARINNAR Í DÝRARÍKINU HOLTAGÖRÐUM

40%

AFSLÁTTUR AF FISKABÚRUM, HREINSURUM OG HITURUM



20%

AFSLÁTTUR AF FISKUM



30%

AFSLÁTTUR AF HÁGÆÐA HUNDA- OG KATTAMAT



GERÐU GÓÐ KAUP UM HELGINA!



KRAKKAR! KOMIÐ OG FÁIÐ AÐ KLAPPA KANÍNUNUM UM HELGINA



♥ EKKI MISSA AF ÞESSU - KOMIÐ Í HOLTAGARÐA OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP FYRIR DÝRIN YKKAR

DÝRAHJÁLPIN VERÐUR Í DAG FRÁ KLUKKAN 13 - 17 TILBOÐ GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Dýrahjálp Íslands
www.dyrahjalp.is

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68

Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

Næg bílastæði á efra plani



50 HANDVERKSMENN PURFTI til þess að sauma bjöllumvængi á kjól sem Charlize Theron klæðist í kvikmyndinni Snow White and the Huntsman. Colleen Atwood, búningahönnuður myndarinnar, fékk hugmyndina er hún var á ferðalagi um Taíland og gekk fram á haug af dauðum bjöllum á markaði.



Júlia Heiða Ocares
er í fæðingarorlofi
Aldur: 30 ára
Fatnaður: Zara



Daniel Einarsson og Jóhann Sölvi Júlíusson, nemar
Aldur: 16 ára Buxur: Jack Aldur: 16 ára Buxur: Kron Kron
Peysa: Mótör & Jones Bolur: Diesel Skór: GS Skór
Bolur: H&M Skór: GS Skór



Pórhildur Þorkelsdóttir
verslunarstarfsmaður
Aldur: 21 árs
Kjöll: Rokk og rósir
Skór: Keyptir í New York

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Vilhjálmur Albert Lúðvíksson
barþjónn á Sushi samba
Aldur: 22 ára
Buxur: Beska Madrid
Bolur: H&M
Skór: Converse



Unnur Helga Briem
verslunarstarfsmaður
Aldur: 21 árs
Samfestingur og hálsmen:
Andersen & Lauth
Skór: Steve Madden
Peysa: H&M

Í SUMARSKAPI Í MIÐBÆNUM

TÍSKA Góða veðrið hefur leikið við landann undanfarna viku. Miðborg Reykjavíkur iðar af lífi er léttklæddir borgarþúar njóta veðurblíðunnar. Fjölbreytnin er ríkjandi í klæðaburði og rósóttir sumar-kjólur lífga upp á umhverfið. Fréttablaðið tók púlsinn á Laugaveginum í sólskininu í vikunni.



Kristín Mariella Friðjónsdóttir og Eri
sölu- og markaðsstjóri hjá Munda
Aldur: 23 ára
Kjöll: H&M



Tinna Brá Baldursdóttir
eigandi Hríms Hönnunarverslunar
Aldur: 27 ára
Taska: Hríms
Leggings og skyrtu: Monki



JÁKVÆÐ MERKI
ÚR ATVINNULÍFINU

55% FLEIRI ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

RAFHOLT ehf.

Það eru jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Fjöldmörg fyrirtæki eru að ná eftirtektarverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Rafverktakafyrirtækið Rafholt ehf. er dæmi um fyrirtæki sem náði góðum árangri á árinu 2011.

23% fjölgun starfsmanna · 55% fleiri þjónustusamningar · 12% fjölgun verksamninga

Arion banki fagnar þessum góða árangri.



BÍLA KAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG



HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsgöðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.

HYUNDAI IX35

Verð frá 5.590.000 kr.



HYUNDAI I30

Verð frá 3.190.000 kr.



RENAULT CLIO

Verð frá 2.390.000 kr.

KAFFI OG MEÐLÆTI

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.



NISSAN JUKE

Sjálfskiptur og hlaðinn búnaði
Verð 3.990.000 kr.



NÝR QASHQAI DÍSil



Ný dísilvél eyðir aðeins frá 4,6 l/100 km sem er með því allra lægsta sem þekkist í fjórhjóladrifnum sportjeppum.
Verð frá 4.990.000 kr.

TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.





KOMIN Á FAST Mary-Kate Olsen er komin á fast með manni að nafni Olivier Sarkozy. Sá mun vera hálfbróðir fyrrum Frakklandsforseta, Nicolas Sarkozy.



Aukum öryggi sjómanna

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt

frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa

Sundbolir



Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.

Allt að
60%

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Bikiní



Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.



Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Allt að
75%

Sundskýlur



Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Allt að
40%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

Watershorts



Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Allt að
55%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

**SPORT
OUTLET**

Vinlandsleið 6 113 Reykjavík

Opið:

Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17

VOLÆÐIÐ TEKUR ENDA

Bíó ★★★★★

Tyrannosaur

Leikstjórn: Paddy Considine

Leikarar: Peter Mullan, Olivia Colman, Eddie Marsan, Paul Popplewell, Ned Dennehy, Sally Carman, Samuel Bottomley

Breskar volæðismyndir eru ekki allra og Tyrannosaur er sú grimmaasta og grámyglulegasta sem ég hef séð lengi. Segir hún frá ekklinum Joseph, drykkfelldum ofbeldishrotta sem meiðir bæði menn og dýr, en hann álpast dag einn inn í verslun sem selur notuð föt. Þar vinnur hin góða og afar guðhrædda Hannah, en smám saman tekst með þeim vinátta þó ólík séu.

Þetta er fyrsta kvikmynd leikstjórans í fullri lengd og af fyrstu mínútunum að dæma sýndist mér hún stefna beinustu leið í American History X-bunkann, þar sem samviskulausir rugguhestar hætta fíflaskapnum og verða almennilegir á afskaplega ótrúverðugan máta. Fljótlega rann þó upp fyrir mér að meira er spunníð í Tyrannosaur. Considine leikur sér með tilfinningar áhorfandans í garð aðalpersónunnar, en Joseph er margslunginn karakter og maður vill að honum gangi vel. Að sama skapi finnst manni hann eiga skilið að svara fyrir hegðun sína.

Peter Mullan er leikari sem ég hef ekki veitt athygli áður, en hann er ótrúlega sannfærandi í hlutverkinu og frammistaðan ein og sér gæti haldið myndinni uppi. Olivia Colman sýnir einnig mögnuð tilþrif og í næstsíðasta



SANNFÆRANDI Frammistaða Peters Mullan gæti ein og sér haldið myndinni uppi.

atriði myndarinnar tókst henni að framkalla tár á hvarmi undirritaðs. Ned Dennehy er skemmtilegur sem rasistaróninn Tommy og tekst að lífga mann eilítið upp í þeim örfáu senum sem hann birtist í.

Þrátt fyrir alla eymdina hressti Tyrannosaur mig við. Mér fór að

þykja vænt um Joseph og einnig þótti mér vænt um að sjá mynd úr þessum fyrrnefnda bunka sem gengur upp. Volæðið tekur alltaf enda en hér er það loksins sannfærandi. **Haukur Viðar Alfreðsson**

Niðurstaða: Erfið en hrikalega eftirminnileg.

Með nýtt lífsmottó



NÝTT MOTTÓ Robert Pattinson segist hættur að vera hræddur.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leikarinn Robert Pattinson segist vera orðinn þreyttur á persónunni Edward Cullen í nýju viðtali við Shortlist Magazine. Hann segist einnig eiga sér lífsspeki sem hann lifir eftir.

„Ekki vera auli. Það er það besta sem maður getur tamið sér. Þau eru mörg augnablikin sem ég hef hagað mér eins og auli og alltaf sé ég eftir því. Hefurðu séð heimildarmyndina um Mike Tyson? Hann segist vera búinn að leggja andstæðing sinn áður en hann fer inn í hringinn og það er eins með leiklistina. Ég var alltaf svo hræddur, en nú er ég kominn á þann stað að ég veit að ekkert af þessu skiptir það miklu máli,“ sagði leikarinn geðþekki.



MÆÐGUR Bobbi Kristina Brown ásamt móður sinni sem lést fyrr á árinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Bobbi er skynsöm

Bobby Brown, fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar Whitney Houston, telur að dóttir þeirra, Bobbi Kristina, sé nógu skynsöm til að feta ekki í fótspor foreldra sinna hvað vímuefnanotkun varðar. Einhverjir hafa haldið því fram að hún noti ólögleg vímuefni og hefur hún þurft að neita því opinberlega.

„Allir unglingar ganga í gegnum hluti sem foreldrar þeirra vilja ekki að þeir gangi í gegnum. En þeir þroskast í burtu frá því og það hefur stelpa mín gert. Ég trúí því að hún sé nógu skynsöm til að feta ekki sömu slóð og ég eða móðir hennar,“ sagði Brown, sem er mjög stoltur af dóttur sinni.

Hann hefur einnig borið til baka fregnir um að hún ætli að losa sig við eftirnafnið Brown. „Hún fer ekkert að breyta nafninu sínu. Hún verður alltaf þekkt sem Bobbi Kristina Brown og það er ekkert sem fær því breytt.“



MISJÖFN GAGNRÝNI Prometheus fær misjafna dóma frá gagnrýnendum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki jafn góð og Alien

Stórmyndin Prometheus verður frumsýnd í Bretlandi um helgina og eru gagnrýnendur þegar farnir að leggja sitt mat á nýjasta verk leikstjórans Ridley Scott.

Ef marka má fyrstu viðbrögð gagnrýnenda mun Prometheus ekki marka jafn stór spor í kvikmyndasöguna og tvær eldri mynd-

ir Scott, Alien og Blade Runner. „Prometheus stenst ekki væntingar þegar kemur að ótta, ólíkt Alien,“ skrifaði Justin Chang hjá Variety. Netmiðlar virtust þó almennt jákvæðari í garð kvikmyndarinnar og sagði Alex Billington hjá Firstshowing.net að myndin væri „frábær“.

OPIÐ HÚS Á MORGUN

Hefur þú hug á að læra snyrtifræði?


Taktu fyrsta skrefið og kynntu þér námið á opnu húsi á morgun. Kennarar skólans verða á staðnum og svara fyrirspurnum.

Boðið er upp á húðgreiningu í húðgreiningartæki frá GATINEAU. Tækið greinir rakaskort í húð, skort á fitu, sólaraskaða og fleira.

Kennarar Nail Academy bjóða upp á ásetningu á skrautnögl.



NÁM Í SNYRTIFRÆÐI
SKRÁNING HAFIN FYRIR ÁGÚST ÖNN



NÁM Í NAGLAFRÆÐI
í samvinnu við
MAGNETIC NAILS



FRAMKOMU- OG
FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ



NÁM Í FÖRÐUN
í samvinnu við MAKE UP STORE®



NÁM Í TÍSKU OG
AUGLÝSINGALJÓSMYNDUN



STÍLISTANÁMSKEIÐ

Opið hús sunnudaginn 3. júní frá 14:00 – 16:00

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

Hamingjusöm og glöð Ný bók á leiðinni

Fatahönnuðurinn Victoria Beckham segist skilja vel að fólk haldi að hún sé fúllynd, enda brosi hún örsjaldan á myndum.

„Ég skapaði þessa persónu þegar ég var meðlimur í Spice Girls, en ég er ekkert eins og hún. Ég er hamingjusöm og glaðvær manneskja en mér finnst ég ekki þurfa að auglýsa það fyrir umheiminum.“

Ég verð alls ekki miður mín þegar fólk segir að ég virðist óhamingjusöm því ég hugsa það sama stundum þegar ég skoða myndir af mér,“ sagði Beckham í viðtali við sjónvarpsstöðina CNN.



HAMINGJUSÖM Victoria Beckham er hamingjusöm þó hún brosi ekki á myndum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Skáldsagan The Devil Wears Prada sló í gegn árið 2003 og nú geta aðdáendur bókarinnar glaðst því von er á framhaldi hennar innan skamms.

Seinni sagan ber heitið Revenge Wears Prada og gerist átta árum eftir að aðalpersónan Andrea segir skilið við yfirmann sinn, Miröndu Priestly, á illu nótnum. Lauren Weisberger, rithöfundur bókanna, vann um tíma sem blaðamaður hjá bandaríska Vogue og byggði persónuna Priestly á fyrrum yfirmanni sínum, Önnu Wintour. Þegar Wintour var á sínum tíma spurð út í bókina svaraði hún einfaldlega: „Ég hef alla tíð haft gaman af góðum skáldskap. Ég hef þó ekki gert upp við mig hvort ég muni lesa þessa bók eður ei.“



NÝ BÓK Framhald hinnar vinsælu The Devil Wears Prada er í bígerð. Persóna Miröndu Priestly er byggð á Önnu Wintour.

NORDICPHOTOS/GETTY

MARK WAHLBERG KATE BECKINSALE BEN FOSTER GIOVANNI RIBISI

CONTRABAND

LEIKSTJÓRI
BALTASAR KORMÁKUR

„SKOTHELT AFPREYINGARRÁÐ“ – T.V. – KVIKMYNDIR-IS

★★★★★ P.P. – FRÉTTAMANN
★★★★★ M.M. – BÍBLAMAN
★★★★★ N.V.A. – FRÉTTABLAÐ
★★★★★ T.V. – MB

KOMIN Á DVD OG BLU-RAY

© 2012 Universal Studios. All Rights Reserved. UNIVERSAL

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



MINNKAR VINNU Miranda Kerr hefur minnkað við sig vinnu svo hún geti verið með syni sínum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vill sinna syninum

Ástralska fyrirsætan Miranda Kerr velur verkefni sín af kostgæfni eftir að hún eignaðist soninn Flynn. Þetta gerir hún svo hún geti eytt meiri tíma með fjölskyldu sinni.

„Ætli ég eyði ekki meiri tíma í að sinna móðurhlutverkinu en í vinnunni. Ég tek aðeins að mér verkefni fyrir hönnuði sem ég er virkilega hrifin af. Það fer mikill tími í ferðalög og stundum verður það of mikið því sonur minn er auðvitað í forgangi núna. Hingað til hefur þetta gengið ágætlega og ég fæ að eyða miklum tíma með manni mínum og syni,“ sagði fyrirsætan sem er gift leikaranum Orlando Bloom. Sonur þeirra, Flynn Bloom, fæddist í byrjun janúar árið 2011.

Sótti um í Baywatch

Leikarinn Leonardo DiCaprio fór í áheyrnarprufu fyrir hlutverk í sjónvarpsþáttunum Baywatch en á endanum hlaut Jeremy Jackson rulluna. Þetta segir David Hasselhoff, sem lék strandvörðurinn Mitch Buchannon. DiCaprio hefði leikið son hans í þáttunum en ekkert varð af því.

„Þetta var það besta sem gat gerst fyrir Leonardo DiCaprio. Eg hitti hann og sagði: „Veistu hvað, þetta var frábært fyrir þig. Þú hefur aldrei fengið hlutverk í Titanic og orðið þessi stóra stjarna. Þú værir eins og Jeremy Jackson eða David Hasselhoff stöðugt í leit að vinnu,“ sagði Hasselhoff.

KOMST EKKI Í BAYWATCH Leonardo DiCaprio fékk ekki að leika son Mitch Buchannon.





VANDAMÁL Gwen Stefani og Gavin Rossdale eru sögð eiga í vandræðum með samband sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

Takast á við vandamál

Söngkonan Gwen Stefani og eiginmaður hennar, söngvarinn Gavin Rossdale, eiga í hjónabands-erfiðleikum ef marka má frétt The Irish Independent. Þar kynntist á tónleikaferðalagi árið 1995 og gifti sig sjö árum síðar.

„Vandamálín eru verri og þau vita ekki hvernig þau geta lagað þau. Þau hafa gengið í gegnum ýmislegt saman og þó Gwen reyni að láta sem ekkert ami að vegna barnanna, þá er hún ekki viss um að þau muni standa þetta af sér,“ var haft eftir heimildarmanni.

Stefani og Rossdale eiga saman synina Kingston og Zuma.

Hunsar athyglina

Rihanna kveðst hafa lært að hunsar athyglina sem fylgir frægðinni og lifir nú lífi sínu án þess að hafa áhyggjur af umtali. Þetta kemur fram í nýju viðtali við söngkonuna í tímaritinu Esquire.

„Ég hef lært að hunsar athyglina sem ég fæ. Þetta er mitt starf. Ég lifi lífi mínu og svo er það skrásett. Það er margt sem fólk veit um mig sem ég kærmi mig ekki um að það viti, en svona er þetta bara,“ sagði söngkonan sem hefur verið í sviðsljósinu frá fimmtán ára aldri.

Í viðtalinu segist Rihanna jafnframt vonast eftir því að hún finni ástina á ný. „Eftir fimm ár verð ég vonandi búin að finna mér mann. En hvað við kemur ferlinum þá er það í höndum Drottins. Ég held að ekkert eigi sér endalok, hlutirnir bara þróast.“



HAMINGJUSÖM Keira Knightley og James Righton eru trúlofuð og hamingjusöm. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimm milljónir á fingri

Leikkonan Keira Knightley trúlofaðist tónlistarmanninum James Righton fyrir skemmstu. Að sögn talsmanns leikkonunnar játaði hún Righton eftir fimmtán mánaða samband.

Knightley og Righton kynntust í gegnum sjónvarpskonuna Alexu Chung, sem er sameiginleg vinkona þeirra, í fyrra og hafa nú trúlofast hvort öðru. Nýverið sást til parsins á gangi um London og skartaði Knightley þá fallegum demantshring sem sagður er vera trúlofunarhringur hennar. Samkvæmt sérfræðingum er hringurinn nokkuð hefðbundinn trúlofunarhringur með 2 karata demanti og kostar um 5,3 milljónir króna.

Fékk heilahristing baksviðs

Popparinn Justin Bieber fékk heilahristing eftir að hann datt baksviðs á tónleikum í París. Í viðtali við vefsíðuna Tmz.com sagðist Bieber hafa dottið á glervegg, orðið ringlaður en náð að klára síðasta lagið áður en hann fór aftur baksviðs og missti meðvitund í fimmtán sekúndur. Skömmu síðar skrifaði Bieber á Twitter: „Rak höfuðið í og þurfti smá vatn. Allt í góðu samt. Ég er frá Kanada og við erum hörð í horn að taka. Sýningin verður að halda áfram.“

Stutt er síðan allt varð vitlaust í Ósló í Noregi þegar boðið var

upp á ókeypis miða á tónleika hans í óperuhúsi borgarinnar. Unglingar tróðust undir þegar þeir börðust um miðana. Talið er að 49 hafi slasast og fjórtán þurft að fara á sjúkrahús. Svo virðist því sem Bieber-æðið sé hvergi nærri í rénun. „Norðmenn. Þið verðið að hlusta á lögregluna. Ég vil ekki að neinn meiðist. Til að tónleikarnir geti átt sér stað verðið þið að hlusta á lögregluna,“ tísti hinn átján ára Bieber. Hann yfirgaf tónleikana á hraðbát og einhverjir aðdáendur sátu um hann og sigldu á eftir honum.



Í ÓSLÓ Justin Bieber á tónleikum í Ósló. Aðdáendur hans börðust hatrammlega um miðana. NORDICPHOTOS/GETTY

DE CECCO®

hið eina sanna pasta frá Ítalíu



Linguine fyrir 4 með risarækjum

400g De Cecco Linguine
2 msk. De Cecco olíuflóa
200g Arrabiatta chilli sósa frá De Cecco
2 stk. hvítlauksgeirar
400g hráar risarækjur
8 stk. kirsjuberjatómatar skornir til helminga
Handfulli af ferskri basíliku
Parmesan ostur, nýrifinn eftir smekk

Það sem þarf:



15 min

Al dente reglan

skammtur fyrir einn fullorðinn

1 ltr. vatn 10 gr. salt 100 gr. pasta

Sjóðið pasta í stórum potti og látið suðuna koma upp áður en pastað er sett í pottinn.

FK
FJARÐARKAUP

KRÓNAN

NÓATÚN



Bin verslun

VÍÐIR

Hættur í bransanum

Leikstjórinn George Lucas hyggst draga sig í hlé frá kvikmyndabransanum og ætlar þess í stað að sinna áhugamáli sínu; áhugakvikmyndagerð.

„Ég ætla að draga mig í hlé frá fyrirtækjum mínum. Ég mun ganga frá öllum lausum endum og svo eyða tíma mínum inni í bílskúr með hamarinn minn og sögina mína. Mig hefur alltaf dreymt um að búa til kvikmyndir sem væru tilraunakenndari, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því að þurfa að sýna nokkrum manni afraksturinn.“

sagði Lucas í viðtali við Empire Magazine.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Lucas lýsir þessu yfir því hann sagði slíkt hið sama í viðtali við New York Times í janúar.



HÆTTUR
George Lucas segist vera hættur í kvikmynda-bransanum.
NORDICPHOTOS/
GETTY



SUMARSTEMNING Góða veðrið lék við mannskapinn sem naut sólarinnar fyrir utan verslunarrýmið.



FJÖLSKYLDUGLEÐI Ljósmyndarinn Hörður Sveinsson mætti ásamt börnum sínum, þeim Högna og Vígðísi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NOSTALGÍSK OPNUN

Verslunin Nostalgía hefur flutt sig um set og var opnuð við Laugaveg 39 á fimmtudaginn var. Starfsfólk verslunarinnar fagnaði áfanganum með gestum og gangandi, bauð upp á léttar veitingar og naut sólargeislaða sem vermdu vanga.



SKOÐUÐU ÚRVALIÐ Fyrirsætan Anna Jia og Agnes Björt, söngkona hljómsveitarinnar Sykur, skoðuðu fataúrvalið sem mátti finna í nýrri og betri Nostalgíu.



BROSMILDAR Ágústa Sveinsdóttir og Steinunn Eyja Halldórsdóttir voru glaðværar á opnuninni.



SÁTTAR VIÐ ÚTKOMUNA Stíllinn Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Anika Laufey Baldursdóttir, verslunarstjóri Nostalgíu, voru að vonum ánægðar með nýju verslunina.

Við tjöldum því besta

Vango



Tigris 600 XL - 6 manna tjald, gott fortjald, 210cm lofthæð, 4000mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur

kr. ~~112.995~~ **Tilboð 99.995**



Odyssey 400 - 4 manna tjald, gott fortjald, 200cm lofthæð, 3000mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur

kr. ~~56.995~~ **Tilboð 49.995**



Borð og stólar 18.995



Icarus 500 - 5 manna tjald, gott fortjald, 195cm lofthæð, 3000mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur

kr. ~~74.995~~ **Tilboð 69.995**



Beta 350 - 3ja manna tjald, gott fortjald, 140cm lofthæð, 3000mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur

kr. ~~30.995~~ **Tilboð 26.995**



Svefnpoki Nitestar 250 - þægindamörk +4°

kr. ~~10.995~~ **Tilboð 8.995**



borð 60x80cm 8.995
einnig til 60x120cm



Vindsængur og dýnur
í miklu úrvali

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Pink kát á sjúkrahúsi

Söngkonan Pink lenti á sjúkrahúsi á fimmtudag vegna slæmrar magakveisu. Hún var þó ekki veikari en það að hún sendi aðdáendum sínum Twitter-skilaboð þaðan sem hún lá í sjúkrarúmi sínu.

„Settu mig í spítala-slopp og gefðu mér vökva í æð og þá er ég hamingjusöm stúlka. Kannski hefur það eitthvað með það að gera að móðir mín starfaði á gjörgæslu allt mitt líf,“ skrifaði Pink á Tittersíðu sína og virtist hin kátasta.



ÁNÆGD Á SPÍTALA Söngkonan Pink lenti á spítala en hélt þó í góða skapið. NORDICPHOTOS/GETTY

Sér um allt skipulag

Justin Timberlake hefur verið önnur kafinn við að skipuleggja brúðkaup sitt og leikkonunnar Jessicu Biel. Brúðkaupið mun að öllum líkindum fara fram í október á Palazzo Margherita hótelinu á Ítalíu, sem er í eigu leikstjórans Francis Ford Coppola.

„Justin vill að brúðkaupið fari fram á Ítalíu því þau eru bæði afskaplega hrifin af landinu. Þau fara þangað gjarnan í frí og eiga mikið af góðum minningum þaðan,“ var haft eftir heimildarmanni. Timberlake er einnig sagður sjá að mestu um allt skipulag í kringum stóra daginn og hefur gaman af.



SKIPULEGGUR BRÚÐKAUPIÐ Justin Timberlake er upptekinn við að skipuleggja brúðkaup sitt og Jessicu Biel. NORDICPHOTOS/GETTY

Fríkaði út í flugvélinni

Sonur leikkonunnar Charlize Theron, Jackson, „fríkaði út“ þegar hann fór í sína fyrstu flugferð með hefðbundnu flugfélagi. Hinn sex mánaða Jackson hafði áður flogið til fjölmargra landa með móður sinni í einkaþotu en virtist ekki alls kostar ánægður með þennan nýja farkost.

„Hann hefur farið með mér til Evrópu og Japans. Þar var dekrað við okkur og við vorum alltaf í einkaþotum. Ég vildi halda honum á jörðinni og sagði við hann að þetta væri ekki venjan. Hann stóð sig vel þangað til að hann steig upp í farþegavél og þá „fríkaði hann út“,“ sagði Theron.

EKKI SÁTTUR
Sonur Charlize Theron var ekki sáttur þegar hann steig upp í venjulega flugvél.



DAVID BECKHAM Fótboltakappinn vill endilega eignast fleiri börn með Victoríu Beckham.

Til í fleiri börn

Fótboltakappinn og fyrirsætan David Beckham vill eignast fleiri börn. Hann á nú þegar fjögur með eiginkonu sinni Victoríu, eða synina Brooklyn, Romeo og Cruz og dótturina Harper, sem er tíu mánaða.

„Við erum svo lánsöm að eiga fjögur heilbrigð börn. Það væri frábært að bæta við einu eða tveimur í viðbót en ég veit ekki hvort Victoría sé tilbúin í tvö. Það væri alla vega gaman að eignast eitt í viðbót,“ sagði Beckham í viðtali í sjónvarpsþættinum This Morning.



RAFMAGNS- OG TÖLVUVERKFRÆÐI



UMHVERFIS- OG BYGGINGARVERKFRÆÐI



TÖLVUNARFRÆÐI



LÍFFRÆÐI

SPENNANDI FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT OG KREFJANDI NÁM Á VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS




EFNAFRÆÐI



STÆRDFRÆÐI



ÍÐNÁÐAR- OG VÉLAVERKFRÆÐI



LANDFRÆÐI



FERÐAMÁLAFRÆÐI



EÐLISFRÆÐI



JARÐVÍSINDI



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG
NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

HVAÐ GERÐI NÁMIÐ FYRIR ÞAU?

Sjáðu hvað útskrifaðir nemendur hafa að segja. Skoðuðu myndböndin á síðu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs á von.hi.is/nam

Fylgstu með okkur á Facebook: [facebook.com/verkognatt](https://www.facebook.com/verkognatt)

Sæktu um á hi.is fyrir 5. júní.



mid.is LAUGARÁS-BÍÓ www.laugarasbio.is 5%
Miðasala og nánari upplýsingar -bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁS-BÍÓ	Sýningartimar
SNOW WHITE	2, 4, 7, 10(P)
MEN IN BLACK 3 3D	2, 5, 8, 10, 15
THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT	5, 8, 10, 25
LORAX 3D - ISL. TAL.	2



FJÖLHÆFUR Yann Tiersen lék meðal annars einleik á fiölu á tónleikunum.

Hressir hæfileikamenn

Tónleikar ★★★★★

Yann Tiersen

Listahátíð - Harpa Norðurljós, 31. maí

Það er greinilegt að Frakkinn Yann Tiersen á sér nokkuð marga aðdáendur á Íslandi. Það var löngu uppselt á tónleikana hans í Norðurljóssasal Hörpu á fimmtudagskvöldið og hann fékk mjög góðar viðtökur í stoppuðum salnum.

Tiersen er þekktastur fyrir tónlistina í kvikmyndinni Amélie, en í henni eru píanóíð og harmonikkann mest áberandi. Á tónleikunum í Hörpu flutti Tiersen aðallega lög af tveimur síðustu plötunum sínum, Dust Lane frá 2010 og Skyline sem kom út í fyrra. Tónlistin á þeim er meira í indípoppeiranum. Hún einkennist meðal annars af spilagleði, flæðandi píanóleik og stigmögnun. Sum laganna sveiflast á milli kraftmikilla og lágstemmdari kafla.

Með Tiersen kom fimm manna

hljómsveit. Þeir félagar eru nýkomnir úr tónleikaferð um Bandaríkin og Kanada og höfðu greinilega spilað sig vel saman. Þetta eru allt fínir hljóðfæraleikarar, en Tiersen sjálfur, sem spilar á fjölmörg hljóðfæri, stal senunni algerlega um miðbik tónleikanna þegar hann tók einleik á fiölu sína við gríðarleg fagnaðarlæti. Fiölan var líka áberandi í öflugasta laginu af Skyline, The Gutter. Undir lok tónleikanna komu strengjastelpurnar úr Amiinu og spiluðu með í nokkrum lögum.

Það var mjög góð stemning á þessum tónleikum. Tiersen og félagar voru léttir í lung og gleðin smitaði salinn. Þegar þeir yfirgáfu sviðið eftir tæplega einn og hálfan tíma, brutust út mikil fagnaðarlæti og þeir tóku nokkur lög til viðbótar. Á heildina litu þessu ágætir tónleikar með fjölhæfum tónlistarmanni.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Yann Tiersen og félagar náðu upp mikilli stemningu í Norðurljóssalnum á fimmtudagskvöldið.

Vill hanna skemmtigarð

Rapparinn Kanye West hyggst ekki takmarka sig við tónlist og hefur þannig sent frá sér tvær fatalínur sem sýndar voru á tiskuvíkunni í París, leikstýrt kvikmynd og vill nú hanna skemmtigarð.

West sagði í viðtali við GQ Magazine að hann sækist eftir því að breyta upplifunum fólks á skemmtigörðum til frambúðar. „Garðurinn yrði í anda þess ef Alexander McQueen eða [leikstjórnin] Tarsem Singh mundu taka saman við Cirque du Soleil eða Walt Disney. Það yrði mitt fyrsta verkefni,“ sagði rapparinn.



SMÁRA-BÍÓ **HÁSKÓLA-BÍÓ**

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

SNOW WHITE...	KL. 3.20 - 5.20 - 8 - 10.40	12
SNOW WHITE...LÚXUS	KL. 2 - 5.20 - 8 - 10.40	12
MIB 3 3D	KL. 1 (TILB) - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	10
MIB 3 2D	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	10
THE DICTATOR	KL. 1 (TILB) - 3.10 - 6 - 8 - 10	12
LORAX - ISL. TAL. 3D	KL. 1 (TILB)	L
LORAX - ISL. TAL. 2D	KL. 1 (TILB)	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%

MOONRISE KINGDOM	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN	KL. 6 - 9	12
MIB 3 3D	KL. 3.30 (TILB) - 6 - 9	10
SALMON FISHING IN THE YEMEN	KL. 8	10
GRIMMD: SÖGUR AF EINELI	KL. 3.30 (TILB) - 5.45	10
LORAX - ISLENSKT TAL. 3D	KL. 3.30 (TILB)	L
LORAX - ISLENSKT TAL. 2D	KL. 3.30 (TILB)	L
SVARTUR Á LEIK	KL. 10.30	16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

SNOW WHITE AND THE...	KL. 5.45 - 8 - 10.15	12
MIB 3 3D	KL. 3.50 - 8 - 10	10
THE DICTATOR	KL. 6	12
THE LORAX	KL. 3.50	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

STÓRSKEMMTILEG TEKNI MYND

tryggðu þér miða á sambio.is

SPARBÍÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AÐGLÝSINGUM
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

SAMBÍÓ SAMbio.is

SAMBÍÓ **SAMbio.is**

FRÁ HÖFUÐI **NOTEBOOK**

MÖGNUÐ SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA V FOR VENDETTA
THE RAVEN JOHN CUSACK ER EDGAR ALLAN POE

FRÁ MEISTARA TIM BURTON
THE DICTATOR SPRENHLEGGLEGG MYND.

YFR 50 PÚS. BÍÓGESTIR!

FRÁ MEISTARA TIM BURTON
THE AVENGERS JOHNNY DEPP

THE LUCKY ONE ZAC EFFRON TAYLOR SCHILLING

THE DICTATOR Total film Variety

EMPIRE

SAFE

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
SNOW WHITE KL. 2 - 3:20 - 5:20 - 8 - 10:40	SNOW WHITE KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40
SNOW WHITE VIP KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	THE RAVEN KL. 10:30
THE RAVEN KL. 5:40 - 8 - 10:20	MEN IN BLACK 3 KL. 3 - 5:40 - 8 - 10:20
THE DICTATOR KL. 1:30 - 8	THE DICTATOR KL. 6 - 10:40
THE LUCKY ONE KL. 5:50 - 8 - 10:10	DARK SHADOWS KL. 8
SAFE KL. 10:50	THE AVENGERS KL. 3 - 5:20 - 8
DARK SHADOWS KL. 3:20 - 5:40 - 10	UNDRALAND IBBA KL. 3
THE AVENGERS KL. 2 - 5 - 8	
UNDRALAND IBBA M/ISL.TAL. KL. 2 - 3:50	
FJÓRFISKARNIR M/ISL.TAL. KL. 1:30	

AKUREYRI	KRINGLUNNI
RAVEN KL. 10:10	THE RAVEN KL. 5:40 - 8 - 10:20
THE AVENGERS KL. 5:10	THE LUCKY ONE KL. 5:50 - 8
THE LUCKY ONE KL. 8	SAFE KL. 10:10
UNDRALAND IBBA ISL.TAL. KL. 6	DARK SHADOWS KL. 3:20
SAFE KL. 8 - 10:10	THE AVENGERS KL. 3:20 - 6:10 - 9
	UNDRALAND IBBA KL. 3:40

KEFLAVÍK	SELFOSS
SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN KL. 8	THE AVENGERS KL. 4 - 7 - 10
RAVEN KL. 10:40	SAFE KL. 8 - 10
MEN IN BLACK 3 KL. 2	UNDRALAND IBBA KL. 4 - 6
SAFE KL. 8 - 10	
UNDRALAND IBBA M/ISL.TAL. KL. 2 - 4 - 6	

TILBOÐSBÍÓ

LAUGARDAGUR - SUNNUGAGUR

SMÁRA-BÍÓ	mid.is
THE DICTATOR	KL. 1 12
MIB3 3D	KL. 1 10
LORAX 2D	KL. 1 L
LORAX 3D	KL. 1 L

HÁSKÓLA-BÍÓ	mid.is
MIB3 3D	KL. 3.30 10
LORAX 3D	KL. 3.30 L
LORAX 2D	KL. 3.30 L
GRIMMD: BULLY	KL. 3.30 10

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUDNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / mid.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR OG SUNNUGAGUR: TYRANNOSAUR 18:00, 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00, 20:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:10 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00, 22:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS) 17:40, 22:00

6. JÚNÍ: SUMARTÍÐ (L'Heure d'été) eftir OLIVIER ASSAYS!
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.

**** -Morgunblaðið -The Guardian
**** -Roger Ebert

SKEMMD EPLI TYRANNOSAUR

SJÓMANNADAGURINN

ALLIR VELKOMNIR Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ HB GRANDA
Á SJÓMANNADAGINN 3. JÚNÍ.

Dagskrá

kl. 14.00 – 17.00

Boðið er upp á veitingar í matsal
HB Granda og í veitingatjaldi.

Dagskrá á sviði:

14.00
Ávaxtakarfan
14.30
Sveppi og Villi
15.00
Söngvaborg
15.30
Ávaxtakarfan
16.00
Hljómsveitin

Loftskeytamenn spila

17.00 Dagskrárlök
Kynnir : Sóli Hólm

Ship og hoy!

Sjóræningjar
verða á kreiki
og boðið verður
upp á andlits-
málningu með
sjóræningja-
þema.

ÖLL BÖRN FÁ ÍS
OG BLÖÐRU

Alvöru
sjómanna-
þrautir fyrir
hressa
krakka!



STAÐSETNING

Fyrir framan fiskiðjuver HB Granda við Norðurgarð í Reykjavík

Nánar: www.hatidhafsins.is



FJÓRIR ÍSLENSKIR HANDBOLTAMENN geta orðið danskir meistara í dag þegar AG Kaupmannahöfn tekur á móti Bjerringbro-Silkeborg í Boxen-höllinni en uppselt er á leikinn. AGK vann fyrri leikinn 30-19 og á titilinn vísan. Snorri Steinn Guðjónsson og Arnór Atlason geta orðið danskir meistara annað árið í röð, Ólafur Stefánsson verður með sigri meistari í fjórða landinu og Guðjón Valur Sigurðsson getur hvatt AG með því að hjálpa liðinu að vinna titilinn en hann er á leiðinni til þýsku meistara í Kiel.



17. SÆTI Ísland á sautjándra besta kvennalandsliði heims. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kvennalandsliðið í fótbolta:

Duttu niður um tvö sæti

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu fellur um tvö sæti á nýjum styrkleikalista FIFA sem birtur var í gær. Liðið situr í 17. sæti en Spánn og Suður-Kórea skutust upp fyrir Ísland.

Eini leikur íslenska liðsins frá því að síðasti listi var gefinn út í mars var 0-1 tap á móti Belgíu ytra í undankeppni EM 2013. Belgar lyftu sér upp um þrjú sæti og sitja í 30. sæti listans.

Ungverjaland og Búlgaría, næstu andstæðingar Íslands í undankeppninni, sitja í 35. og 55. sæti listans. Ungverjar standa í stað en Búlgarar lyftu sér um eitt sæti. Norður-Írar sitja í 53. sæti og Norðmenn, andstæðingar Íslands í lokaleik riðilsins, eru áfram í 13. sæti. - kt

ÉG ER ENN Í HÁLFGERÐU LOSTI

Margrét Lára Viðarsdóttir, sem varð á dögnum Þýskalandsmestari með Turbine Potsdam, segist ennþá vera að átta sig á titlinum. Hún segist skilja í góðu við þýska liðið en þarf að njóta meiri skilnings á meiðslum sínum á næsta viðkomustað.

FÓTBOLTI „Ég held að þetta gerist ekkert stærra í kvennafótboltanum hvað varðar spennu og umgjörð. Það var hrikalega gaman að taka þátt í þessu. Á seinasta leiknum voru sjö þúsund áhorfendur, völlurinn kjaffullur og allir að öskra og klappa. Fólk byrjaði að mæta einum og hálfum tíma fyrir leik og fagnaði með okkur í klukkutíma eftir á. Í rauninni áttar maður sig ekki á því að svona sé til í kvennafótboltanum,“ sagði Margrét Lára en mikil spenna var í toppbaráttunni fram að síðustu umferðinni.

„Seinasti mánuðurinn var rosalegur þar sem við spiluðum úrslitaleik í hverri einustu viku,“ segir Margrét sem segir liðið hafa verið komið með bakið upp við vegg. Liðið lagði keppinautana þrjá að velli í háspennuleikjum í lokaumferðunum.

Lítill skilningur á meiðslunum

„Þessir leikir voru allir mjög spennandi, skemmtilegir og hágæðafótbolti. Ég er ennþá í hálfgerðu losti eftir þetta,“ sagði landsliðskonan sem skoraði eitt mark Potsdam í auðveldum 8-0 sigri á Leipzig í síðasta leiknum.

„Sá var hálfgerft formsatriði enda féll Leipzig með miklum yfirburðum. Það hefði verið mikið slys



TITILNUM FAGNAÐ Margrét Lára (fyrir miðju) fagnar Þýskalandstitlinum með liðsfélagum sínum á mánudagskvöldið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

hefðum við klúðrað honum,“ sagði landsliðskonan.

Það er skammt stórra högga á milli í lífi knattspyrnukonunnar Margrétar Láru. Aðeins klukkustund eftir að hún fagnaði Þýskalandstitlinum ræddi hún við læknaþeymi Potsdam og ljóst varð að hún yrði ekki áfram í herbúðum félagsins.

Margrét Lára hefur glímt við álagsmeiðslu aftan í læri í fjögur ár. Meiðslin eru þó þess eðlis að röntgenmyndir sýna ekki að um nein meiðslu séu að ræða. Hjá Potsdam er æft tíu sinnum í viku auk leikja þannig að álagið er mikið og

liða oft fjórtán eða fimmtán dagar á milli hvíldardaga. Lítill skilningur hefur verið á álagsmeiðslum Margrétar Láru.

„Kröfurnar hjá Potsdam eru miklar. Þjálfarinn verður sjötugur á þessu ári, hefur þjálfað liðið í fjórutíu ár og er Austur-Þjóðverji. Hann er með sína uppskrift að meistari,“ segir landsliðskonan sem segist bera mikla virðingu fyrir honum og hans störfum. Æfingaálagið hjá félaginu sé þó þess eðlis að það gangi ekki upp fyrir hana sem séu mikil vonbrigði.

„Ég var mjög ánægð í Potsdam og naut tímans rosalega vel. Ég féll vel inn í spilamennsku liðsins og liðið hentaði mér mjög vel. En fótbolti er eins og lífið, það er ekki alltaf eins og maður kys.“

VILL HALDA DRAUMNUM LIFANDI

Íslenska kvennalandsliðið leikur tvo mikilvæga leiki gegn Ungverjum og Búlgurum í undankeppni Evrópumótsins um miðjan júní. Margrét Lára hefur tekið því rólega undanfarna daga en stefnir á að æfa í kjölfarið með Valskonum í aðdraganda landsleikjanna.

„Ég vona að kraftaverk gerist á næstu dögum og vikum svo ég geti spilað af minni mestu getu með landsliðinu. Ég ætla að gera allt sem ég get til þess að verða klár,“ segir Margrét Lára sem stefnir á að komast að hjá nýju liði erlendis síðari hluta sumars.

„Ég vil halda atvinnumannadraumnum lifandi í nokkur ár í viðbót. Ég er ekki alveg tilbúin að koma heim. Formsatriðið hjá mér er að ná heilsu og komast að hjá liði erlendis sem hefur skilning á mínum meiðslum,“ segir Margrét Lára.

kolbeintumi@365.is

HÁMARKS ÁRANGUR

GRUNNPAKKI NOW

Grunnpakkinn frá NOW inniheldur þau lykilnæringarefni sem flestir fá ekki nóg af.

Grunnpakki Kára Steins



Frábær viðbót



Dreifingaraðili: Yggdrasill ehf.

„Til að ná hámarks árangri þarf ég að gera miklar kröfur til sjálfs mín og þess sem ég læt ofan í mig.“

Ég vel bætiefnin frá NOW vegna þess að þau tryggja að líkaminn fái þau næringarefni sem hann þarfnast og eru unnin úr hágæða, að miklu leyti, lifrænt vottuðum hráefnum sem eru framléidd og prófuð samkvæmt ströngum gæðastöðlum.

Ég vel NOW!
Ég vel NOW!

Kári Steinn Karlsson, hlaupari og ólympíufari, hlaupari og ólympíufari.



Gæði • Hreinleiki • Virkni

Úlfar Hrafn missti tönn en hélt samt áfram að spila: Sársaukinn gleymist í hita leiksins

FÓTBOLTI Valsmaðurinn Úlfar Hrafn Pálsson sýndi af sér fádæma hörku í leik Vals og Keflavíkur á fimmtudag. Önnur framtönnin brotnaði þá en hann gaf sjúkrahjálfarinum tönnina og hélt áfram að spila.

„Ég held það hafi verið Bojan Stefán sem var að sparka í burtu og þá sveiflaðist höndin á honum í andlitið á mér. Ég fékk hnefann bara í andlitið. Þetta var örugglega óviljandi hjá honum. Rúmlega helmingurinn af tönninni fór af,“ sagði Úlfar en hann varð að fara af velli til að fá aðhlyningu.

„Þetta var frekar vont. Ég fann frekar mikið fyrir þessu. Maður lætur það ekki stoppa sig. Sjúkrahjálfarinn tók tönnina fyrir mig og ég hélt svo áfram.“

Um 20 mínútum síðar var sársaukinn orðinn of mikill og Úlfar varð að fara af velli.

„Ég sagði þá við þjálfarann að ég væri ekki alveg heill í hausnum. Ég var kominn með hausverk út af verknum í tönninni og þá verður maður pirraður. Ég var líka á gulu spjaldi og því var skynsamlegt að fara af velli. Ég gleymdi samt sársaukanum til að byrja með í hita leiksins.“

Það var strax farið í að ræða við tannlækna og Úlfar hitti einn slíkan á golfvellinum í Hafnarfirði. Sá skoðaði hann og sagði honum að mæta til sín daginn eftir. Úlfar



TÖNNIN HORFIN Þessi mynd var tekin af Úlfari eftir leik og eins og sjá má er lítið eftir af tönninni.

varð því að bryðja verkjatöflur fyrir nóttina og bíða.

„Nóttin var ekkert frábær en ég svaf þetta af mér. Það er búið að líma tönnina á og verið að athuga hvort það dugar. Ef ekki þarf ég líklega að fá nýja tönn. Ég vona það besta.“ - hbg

ÞÉR ER BOÐIÐ Á LANDSLEIKINN



FYLLUM HÖLLINA OG HVETJUM STRÁKANA OKKAR TIL DÁÐA!

Arion banki býður þér á leikinn.

Ísland mætir Hollandi í undankeppni HM í
Laugardalshöll sunnudaginn 10. júní kl. 18.30.

Leikurinn er farseðill liðsins á
HM á Spáni í janúar 2013.

Útibú Arion banka á höfuðborgarsvæðinu:

Höfðaútibú, Bíldshöfða 20
Kringluútibú, Kringlunni 8-12
Aðalútibú, Laugavegi 120
Aðalútibú afgreiðsla, Austurstræti 5
Vesturbæjarútibú v/Hagatorg
Garðabæjarútibú, Garðatorgi
Hafnarfjarðarútibú, Firði
Smáraútibú, Smáratorgi
Mosfellsbæjarútibú, Þverholti 1

Í boði eru tveir miðar á mann á meðan birgðir endast. Miðunum
verður dreift í útibúum Arion banka á höfuðborgarsvæðinu og
hefst dreifingin mánudaginn 4. júní.

Arion banki er stoltur bakhjarl HSÍ

 Arion banki



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Mætir sínum gömlu lærisveinum í ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/

Guðjón Þórðarson og lærisveinar hans í Grindavík fá Skagamenn í heimsókn í Pepsi-deild karla í dag: Búinn að bíða í 14 leiki eftir 100. sigrinum

FÓTBOLTI Í lok leiks ÍA og Fram á Akranesvelli 20. maí 2008 leit allt út fyrir það að Guðjón Þórðarson myndi mjög fljótlega bætast í hundrað sigra hópinn með Ásgeiri Elíassyni. Guðjón var þarna að stýra liði til sigurs í 99. sinn í efstu deild og allt leit út fyrir að hann ætlaði að vera með Skagaliðið í efri hlutanum annað árið í röð.

Guðjón var þarna á sínu ellefta tímabili sem þjálfari í efstu deild og var búinn að stýra liðum sínum til sigurs í 99 af 183 leikjum eða 54 prósentum þeirra leikja sem hann

hafði tekið þátt í sem þjálfari í deild þeirra bestu.

Það gat enginn séð framhaldið fyrir. Skagamenn unnu ekki í næstu níu leikjum sínum og Guðjóni var sagt upp störfum eftir 1-6 skell á móti Breiðabliki 20. júlí 2008 en það var fjórða tap liðsins í röð.

